


1. tbl. 32. árgangur 2009

Skíma

MÁLGAGN MÓÐURMÁLSKENNARA



Kennslubækur fyrir framhaldsskóla

Íslenska fyrir útlendinga – fyrir byrjendur og lengra komna
Íslensk bókmenntasaga 20. aldar



ÍÐNÚ
BÓKABÚÐ

Brautarholti 8 • 105 Reykjavík • Sími 562 3370 • www.idnu.is



MIÐALDA- BÓKMENNTIR FYRIR NÚTÍMAFÓLK

Hér er í máli og myndum fjallað um íslenskar bókmenntir frá landnámi til siðaskipta á nýstárlegan hátt og hinn heillandi heimur fornbókmenntanna opnaður fyrir framhaldsskólanemum 21. aldarinnar.


BJARTUR

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Svanhildur Kr.
Sverrisdóttir
svsver@hi.is
sími 863 2424



Ritnefnd
Ármann Jakobsson,
armannja@hi.is
Jón Özur Snorrason,
jozur@fsu.is
Ýr Þórðardóttir,
yr@lagafellsskoli.is

Útgefandi
Samtök móðurmálskennara
Kennarahúsinu við Laufásveg
101 Reykjavík

Heimasíða SM
<http://www.ki.is/sm>

Umbrot, filmuvinna
Halldór Kristjánsson/Leturval

Prentun
Litróf ehf.

Forsíðumynd
Ingimar Waage
teiknaði „framtiðarsýn
móðurmálskennslunnar“.

Myndir:
Ljósmyndir bls. 3 og 4 Helga
Birgisdóttir og Kristín Jónsdóttir.
Aðrar myndir eru frá höfundum
greina.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Það verður hverjum að list sem hann leikur | 4 |
| Framtíð móðurmálskennslu á Íslandi á 21. öld | 5 |
| Móðurmálskennsla í nútíð og framtíð. Viðtal við Ellen Krogh | 7 |
| <i>Anna Steinunn Valdimarsdóttir</i> Móðurmálskennsla í nútímasamfélagi | 10 |
| <i>Bjarni Benedikt Björnsson</i> „Ekki gefast upp – haltu áfram baráttunni“ | 14 |
| <i>Kristín Jónsdóttir</i> Þjóðtungan í nýrri aðalnámskrá grunnskóla | 16 |
| <i>Kristján Jóhann Jónsson</i> Útvaldar bókmenntir | 20 |
| <i>Halla Kjartansdóttir</i> Skref fyrir skref | 23 |
| Íslenskukennarinn – viðtal við Maríu Önnu Garðarsdóttur | 26 |
| Íslenskukennarinn – viðtal við Finn Friðriksson | 27 |
| <i>Björgvin E. Björgvinsson og Gísli Skúlason</i> Á slóð norrænna barnabóka – Námskeið á vegum Nordsprák | 28 |
| <i>Guðrún Kvaran</i> Hvers konar nöfn eru millinöfn? | 33 |
| <i>Ingvar Sigurgeirsson, Jóhanna Karlsdóttir og Meyvant Þórólfsson</i> Hvernig er námsmati í íslensku háttað í grunnskólum? | 36 |
| Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekkjum grunnskólanna | 41 |
| <i>Eiríkur Rögnvaldsson</i> Máltækni og málstefna – íslenska innan upplýsingatækninnar | 42 |
| <i>Helgi Sæmundur Helgason</i> Hverjir eiga að stýra textavali í bókmentakennslu? | 46 |
| <i>Jón Özur Snorrason</i> Eitt stórt klapp – þar sem ánægjan býr í námsmatinu | 48 |
| Hinsta kveðja – Indriði Gíslason | 49 |
| Ritfréttir | 50 |

**STJÓRN
SAMTAKA
MÓÐURMÁLSKENNARA
2008–2009**



Guðlaug Guð-
mundsdóttir
formaður



Katrín
Kristinsdóttir
gjaldkeri



Kristján Jóhann
Jónsson
ritari



Sæmundur
Helgason
meðstjórnandi



Eygló
Eiðsdóttir
meðstjórnandi

Það verður hverjum að list sem hann leikur

Ein af þeim bókum sem ég hef hvað mestar mætur á er *Lýðmenntun* Guðmundar Finnbogasonar. Mér varð hugsað til hennar í tengslum við ráðstefnu Samtaka móðurmálskennara sem haldin var í mars síðstliðnum undir yfirskriftinni „Framtíð íslenskukennslu á 21. öld“. *Lýðmenntun* markaði tímamót í íslensku skólasögu þegar hún kom út fyrir rúmri öld og framtíðarsýn höfundar þótti framsækin og jafnvel djörf. Í dag marka svipaðar hugmyndir og þær sem Guðmundur kynnti ekki tímamót en þær eru oft kynntar sem nýjar og framsækna og enn teljum við þær eftirsóknarverðar.

Í umfjöllun um móðurmálskennslu benti Guðmundur á mikilvægi þess að slíta ekki í sundur þessa margþættu námsgrein og kenna t.d. stafsetningu í sérstökum tímum, málfræði eða ritun í öðrum, heldur ættu þessir þættir að vera eins og „lifandi heild“. Hann gagnrýndi samhengislausu málfræði- og ritunarkennslu og minnti á mikilvægi þess að tengja viðfangsefnið við reynsluheim nemenda: „Að láta nemendur skrifa stíl um efni sem þeir þekkja lítið og aldrei hafa hugsað alvarlega um er engu viturlegra en að setja þá við að flétta reipi úr sandi“ (bls. 75).

Guðmundur taldi nám fólgið í því að nemendur uppgötvu sjálfir og fyrir sjálfa sig. Hann sagði að þekking ein og sér væri lítils virði og mennun færi ekki fram á eylandi. Þess vegna væru samskipti svo mikilvæg og samvinna enda læra börnin hvert af öðru. Kostir skólans væru m.a. þeir að börnum gæfist tækifæri til samskipta; þau kæmu með sína reynslu og „sinn sjónarhátt sem verða má skerfur til sameiginlegrar fræðslu“. Hann talaði um að veganestið að heiman skipti miklu máli í sambandi við allt nám og benti á mikilvægi samstarfs heimila og skóla: „Að heimilin og skólarnir vinni saman að hinu sameiginlega takmarki, menntun æskulýðsins, er lífsskilyrði góðs árangurs.“

Að öðrum kosti er hætt við, að önnur höndin rífi niður það sem hin byggir upp“ (bls. 128).

Framtíðarsýn Guðmundar er líklega ekki svo fjarri þeirri sem greina mátti í umfjöllunarefni á fyrrnefndri ráðstefnu. Kannski spyrja sig einhverjir hvort ekkert hafi þá gerst í skólamállum frá því að *Lýðmenntun* kom út. Staðan er auðvitað ekki þannig og nægir að líta til baka nokkra áratugi, til barnaskólaáranna á sjötta og sjöunda áratugunum; 32 nemendur í bekk, harðir stólar og lítil borð, gluggaröð, miðröð, dyraröð, náms-efnið þunnar svarthvítar bækur frá Ríkisútgáfu námsbóka, besta bókin *Skólaljóðin* með myndum Halldórs Péturssonar, orðin hópvinna, samvinna, einstaklingsmiðun og fjölgreind höfðu ekki verið fundin upp. Vissulega hefur margt breyst en í grunnatriðum eru það sömu þættir sem við teljum enn mikilvægasta og viljum stefna að. Ekki síst má nefna mikilvægi þess að vekja áhuga nemenda því án áhugans vinnst lítið, eða eins og Guðmundur segir – það verður hverjum að list sem hann leikur.

Skíma kemur nú út í 64. sinn. Í þessu hefti eru birtar greinar frá ráðstefnu SM en auk þeirra er hér að finna umfjöllun um aðalnámskrá framhaldsskóla, námsmat, millinöfn, máltækni, námskeið á vegum Nordsprák um barnabókmenntir o.fl. Forsíðu Skímu prýðir mynd Ingimars Waage. Hugmyndin að henni er sótt í framtíðarsýn móðurmálskennara. Honum og öðrum höfundum efnis eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt. Lesendur Skímu eru enn og aftur hvattir til að senda inn efni; greinar, hugleiðingar, kennsluhugmyndir eða annað sem erindi á við íslenskukennara á öllum skólastigum.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir ritstjóri



Framtíð móðurmálskennslu á Íslandi á 21. öld

Ráðstefna Samtaka móðurmálskennara um stöðu móðurmálskennslu á nýrri öld var haldin í Bratta við Stakkahlíð laugardaginn 21. mars sl. Yfirskrift ráðstefunnar var Framtíð móðurmálskennslu á Íslandi á 21. öld – Framtíðarsýn, markmið og leiðir.

Samtökin blésu síðast til formlegrar ráðstefnu árið 1995 og fjallaði hún um ritunarkennslu. Það var því löngu tímabært að kalla móðurmálskennara saman á ný og málefnið var brýnt að mati stjórnar samtakanna sem sá um undirbúning og skipulag ráðstefunnar.

Það var mat stjórnarinnar að móðurmálskennsla á Íslandi stæði á tímamótum og brýnt að leiða saman hesta félagsmanna til að ræða málin. Tuttugasta og fyrsta öldin er gengin í garð og miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi síðustu áratugi. Samsetning þjóðarinnar hefur breyst. Tölvur og tölvusamskipti eru orðinn órjúfanlegur hluti af daglegu lífi flestra, nemendur sem og flestir kennarar sækja sér upplýsingar um hvað eina á netinu og ensk tunga sækir á sem aldrei fyrr. Æ fleiri nemendur lesa sárasjaldan bækur sér til ánægju og gjáin milli menningarheima hinna eldri


kynslóða og unglínganna breiðkar stöðugt. Það má því reikna með því að íslensk tunga sé breytingum undirorpin og spurning hvort hægt sé að sporna gegn því að þær verði of byltingarkenndar.

Ný lög um skólastarf voru samþykkt á Alþingi í fyrra og í kjölfar þeirra eru nýjar námskrár í smíðum. Óhjákvæmilegar breytingar munu verða á störfum kennara í öllum greinum og nauðsynlegt að þeir fylgist vel með þeirri vinnu sem fram fer. Þar eru íslenskukennarar ekki undanskildir. Áleitnar spurningar vakna, eins og hvort breytinga sé þörf á kennslu móðurmálsins á nýrri öld í breyttu samfélagi. Hvert vilja íslenskir móðurmálskennarar stefna? Hver eru sóknarfærin? Og hvað má læra af reynslu grannþjóðanna af endurskoðun á móðurmálsfaginu?

Samtök móðurmálskennara voru stofnuð fyrir þremur áratugum. Tilgangur þeirra er að vera vettangur fyrir móðurmálskennara m.a. til að láta til sín taka í faglegri umræðu, að fylgjast með og beita sér fyrir nýjungum í móðurmálskennslu og tryggja þátt þeirra í að móta kennsluna, inntak hennar og aðferðir. Það er mat stjórnar að ráðstefnan í



Sigurður Konráðsson og Knútur Hafsteinsson.



Bjarni Benedikt Björnsson og Bjarni Ólafsson.

Bratta hafi verið gott skref. Enn einu sinni sönnuðu íslenskir móðurmálskenningar að þeir hafa mörgu að miðla og margt að læra hver af öðrum.

Guðlaug Guðmundsdóttir, formaður SM, setti ráðstefnuna en fundarstjóri var Bjarni Ólafsson, heiðursfélagi í samtökunum. Fyrirlesarar voru Anna Steinunn Valdimarsdóttir, Ármann Jakobsson, Bjarni Benedikt Björnsson, Kristján Jóhann Jónsson, Kristín Jónsdóttir, Sigurjón Mýrdal, Soffía

Magnúsdóttir og síðast en ekki síst Ellen Krogh, prófessor í kennslufræðum við háskólann í Óðinsvéum í Danmörku. Ráðstefnan var vel sótt og góður rómur gerður að fyrirlestrunum.

Greinar byggðar á fyrirlestrum ráðstefnunnar eru birtar hér í Skímu auk þess sem upptökur af nokkrum þeirra eru aðgengilegar á heimasíðu Samtakanna www.ki.is/sm.

Guðlaug Guðmundsdóttir, formaður SM.



Ráðstefnugestir og fyrirlesarar.





Móðurmálskennsla í nútíð og framtíð

Viðtal við Ellen Krogh, prófessor við Syddansk háskóla

Ellen Krogh, prófessor við Syddansk háskóla í Óðinsvéum, hélt fyrirlestur á ráðstefnu Samtaka móðurmálskennara 14. mars sl. sem fjallaði um framtíð móðurmálskennslunnar. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina *Móðurmálskennsla í nútíð og framtíð*. Í fyrirlestrinum leitaðist Ellen við að svara spurningum um hvers vegna tungumál og bókmenntir eru svo samofin í móðurmálskennslu og hvert hlutverk menntunar er í móðurmálskennslu nútímans. Ellen tók dönskukennslu í framhaldsskóla sem dæmi og vísaði einnig í rannsókn á þróun dönskukennslu. Í henni er greint frá því hvernig upplausn í hefðbundinni, þjóðlegri dönskukennslu hefur valdið ákveðinni sundrung í faginu hvað varðar sýn á faglega og menntunarlega þætti. Ellen telur að víkka þurfi sjónarhorn á dönsku og aðra móðurmálskennslu og greina upp á nýtt það sem sameinar og menntar.

Hver er Ellen Krogh? Hvaða menntun hefur þú, við hvað vinnur þú og hver eru þín mikilvægustu verkefni?

Ég er með cand. mag. í dönsku og ensku og doktorspróf með lokaverkefninu *Et fag i moderniteten* 2003. Ég er prófessor í kennslufræði dönsku við Syddansk háskólann. Þar stýri ég rannsóknarverkefninu: *Kennslufræði námsgreina* og helstu viðfangsefni mín eru að styrkja og þróa kennslufræði faggreina og þá sérstaklega kennslufræði móðurmáls. Það geri ég með útgáfu rita, ráðstefnum og alþjóðlegum verkefnum á Vefnum, fyrirlestrum og erindum eins og ég flutti á Íslandi.

Hver eru að þínu mati mikilvægustu viðfangsefni móðurmálskenslunnar sem námsgreinar?

Viðfangsefni móðurmálskenslunnar eru samofin viðhorfs- og hæfnimarkmiðum. Nemendurnir auka hæfni sína með því að greina, túlka, meta og bera saman texta. Sú hæfni mótast viðhorf þeirra og skiptir þá sjónarhornið höfuðmáli.

Móðurmálskennsla miðar að því að þroska skilning og næmni nemenda á þýðingu sjónarhorns, fyrir túlkun og viðhorf til mannglegra samskipta í víðum skilningi. Fagið á að víkka sjóndeildarhring nemenda og gera þá að hæfari viðtakendum bókmennta og annars konar texta, efla málvitund þeirra og næmni fyrir „rödd“ í skrifum og auka þannig hæfni til að endurspegla og túlka merkingu eigin tilveru.

Að baki liggur húmanískt sjónarhorn sem miðar að því að auka skilning á eigin tilveru og heiminn þar fyrir utan, að virða og skilja að allir líta ekki hlutina sömu augum og maður sjálfur. Að víkka sjónarhornið á eigið samfélag og persónulega afstöðu jafnframt því að auka vísýni hvað viðkemur bókmenntum, fólki og menningu.

Hvers vegna er mikilvægt að kenna bókmenntir?

Það er mikilvægt að kenna bókmenntir vegna þess að í bókmenntum kynnast nemendur fagurfræðilegum ímynduðum raunveruleika og geta skilið heiminn gegnum reynslu

■ Ég hef verið hlynnt þeim hugsunarhætti að móðurmálskennsla tengi saman túlkun nemandans, skilning og kunnáttu sem gefur faginu kennslufræðilega þýðingu.

og líf annarra. Þannig þroska þeir tilfinningu sína fyrir fagurfræði tungumálsins og öðrum sambærilegum þáttum. Bókmenntirnar stuðla einnig að þroska og efla túlkunarhæfni nemenda og auka víðsýni þeirra. Þess utan ættu nemendur í bókmenntanámi að verða virkir þátttakendur menningarlífsins.

Hvers vegna ætti að tengja saman tungumálið og bókmenntir í móðurmálskennslu?

Kennslufræðin tengir saman málnotkun og bókmenntir í móðurmálskennslu. Munnleg tjáning í bókmenntakennslu gerir lestur bókmennta að kennslufræðilegu viðfangsefni. Málnotkun og ritun verður viðfangsefni móðurmálskennslunnar þegar lögð er áhersla á rödd, stöðu og sjónarhorn í skriflegri og munnlegri tjáningu. Málnotkun og bókmenntir reyna á túlkun og efla skilning nemenda þegar þeir velja fyrir sér spurningunni um sjónarhorn, stöðu og rödd.

Er þörf á að skilgreina menntun upp á nýtt og ef sú er raunin á hverju ætti sú skilgreining að byggja?

Já, það er að minnsta kosti nauðsynlegt í Danmörku þar sem sagnaarfurinn er ekki lengur grundvöllur tengsla tungumálsins og bókmennta. Í skýrslunni „Fremtidens danskfag“ frá 2003 kemur fram að nauðsynlegt sé að móðurmálskennsla byggji á raunverulegri menningu þjóðarinnar því hvernig ætti tungumálið og menningin annars að lifa áfram.¹ Hverjir aðrir en þeir sem búa í landinu ættu að lesa og upplifa bókmenntirnar og söguna úr sínu umhverfi? En það ætti ekki að vera út frá þjóðlegum hugsunarhætti heldur mannfræðilegum.

Nefna má tvö sjónarhorn sem hafa áhrif á móðurmálskennslu. Annars vegar að líta má á móðurmálskennsluna sem námsgrein sem byggir á gömlum hefðum og er nátengd því að skapa sögulega vitund meðal nemendanna og því markmiði er oftast náð í kennslu bókmennta og menningarsögu. Hins vegar má líta á dönskuna út frá landfræðilegu sjónarhorni í alþjóðlegu samhengi.

Danskan hefur sérstöðu vegna sögu sinnar og landfræðilegrar legu. Í framhaldi af því getur maður kynnt hana sem fag, stað þar sem íbúar skiptast á skoðunum um það sem aðskilur og sameinar með tilliti til tungumáls og bókmennta í umræðu. Það er ekki verkefni námsgreinarinnar sem slíkrar að útskýra danska menningu, frekar ætti það að vera



Ellen Krogh.

sameiningarafli fyrir alla menningu sem finnst í Danmörku. Menning er ekki meðfædd heldur áunnin, síbreytileg og afstæð.

Fagið er hvort tveggja, kennsluáætlun og það sem gerist í kennslustund, en það er einnig það þriðja sem þú kallar myndbirting þekkingar. Geturðu útskýrt það?

Ég hef verið hlynnt þeim hugsunarhætti að móðurmálskennsla tengi saman túlkun nemandans, skilning og kunnáttu sem gefur faginu kennslufræðilega þýðingu. „Myndbirting þekkingarinnar“ segir til um hvernig nemandi bætir við sig eða tileinkar sér þekkingu í faginu. Heimspekingurinn Lars-Henrik Schmidt fjallar um þetta hugtak og segir að það megi skilja sem sérstaka tegund „fagmennsku“.

Íslenskukennsla er um einn sjöundi hluti þess náms sem fram fer í grunnskólum á Íslandi. Danskir nemendur fá 78% meiri móðurmálskennslu en íslenskir nemendur.² Hvaða afleiðingar heldur þú að þetta hafi fyrir nemendur og hvað finnst þér um það?

Þetta finnst mér hljóma mjög illa og vera áhyggjuefni. Ég get þó ekki ályktað nákvæmlega um hvaða áhrif það hefur á nemendur þar sem ég þekki ekki skólakerfið ykkar og faguppbyggingu þess. Ég er hins vegar viss um að ef móðurmálskennslan þarf að berjast fyrir stöðu sinni þá er það vegna áherslu á nytsemi og hnattvæðingu.

Hvaða áhrif heldurðu að myndmiðlar hafi á móðurmálskennslu og á málnotkun nemenda? Hvort sérðu myndmiðla sem vandamál eða lausn?

Ég held að við verðum að nýta miðlana og samþykkja tilvist þeirra sem hluta af faginu. Tungumál og texta má sjá í víðara samhengi. Mér finnst miðlar hvorki vera vandamál né lausn heldur hluti af menningarlegum veruleika og hluti af móðurmálskennslu.

Hvaða áhrif heldur þú að myndmiðlar muni hafa á kennslu og námsmat?

Í Danmörku fá myndmiðlar stöðugt meira rými. Það þýðir jafnframt að auka þarf hæfni kennara þannig að þeir geti unnið með þá til jafns við bókmiðlana. Ég get ekki séð að þetta hafi nokkra almenna þýðingu fyrir kennslu og námsmat í faginu.

Er það að þínu mati mikilvægt að leggja áherslu á talað mál í móðurmálskennslu og námsmati?

Í Danmörku erum við nokkuð ánægð með munnleg próf því þau styrkja og auka hæfni nemenda í faginu. Í menntaskóla eru nemendur prófaðir í ólesnum textum með undirbúnings tíma og eiga líka að geta skilið samhengi og lesið texta út frá þeim forsendum kennslunnar.

Ellen Krogh fjallaði um tvíþætta sýn á móðurmálskennslu í fyrirlestri sínum hér á landi. Annars vegar hugmyndir um viðhorf og menntun sem byggja á fagurfræðilegri þekkingu

sem tengist bókmenntum. Hins vegar þær hugmyndir að menntun felist fyrst og fremst í því að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi og að tungumálið, sem er mikilvægasta samskiptatæki manna, sé notað í þeim tilgangi.

Ellen Krogh lagði áherslu á mikilvægi bókmenntakennslu. Hún sagði að í bókmenntum leiti lesendur að fyrirmyndum og lifi sig inn í aðstæður skáldsagnapersóna. Bókmenntir geti þannig átt þátt í mótun sjálfsmyndar einstaklinga, geti aukið skilning nemenda og vísýni og búið þá undir virka þátttöku í sibreytilegu samfélagi. Góð kunnátta í móðurmáli sé meginundirstaða menntunar í viðum skilningi þess hugtaks.

Þrátt fyrir að íslenskan sé viðamesta námsgrein grunnskólans á Íslandi verja hinar Norðurlandþjóðirnar mun meiri tíma til móðurmálskennslu en við. Íslenskir unglingar, sérstaklega drengir, hafa mun lakari lesskilning en jafnaldrar þeirra á hinum Norðurlöndunum og í löndum Vestur-Evrópu og hefur leiðin legið hratt niður á við síðustu ár. Ljóst má vera að efla þarf móðurmálskennslu og auka vægi hennar a.m.k. til samræmis við það sem gert er á hinum Norðurlöndunum.

Tilvísanir

- 1 Fremtidens danskfag – en diskussion af danskfaglighed og et bud på dens fremtid. Uddannelsesstyrelsens temahæfteserie nr. 1 (2003).
- 2 <http://www.visir.is/article/20081222/SKODANIR/29805681>
http://www.islenskan.is/islenska_til_alls.pdf bls 26w

Hefur þú skipt um vinnustað, heimilisfang eða netfang?

Vinsamlega láttu okkur vita til að uppfæra félagatalið.

Stjórn SM
– www.ki.is/sm



Móðurmálskennsla í nútímasamfélagi

Hvað hefur breyst og hvað er til ráða? Hverjar eru starfsaðstæður og skyldur móðurmálskennara í efri deildum grunnskólans og hlutverk þeirra í málvernd og málrækt? Hvaða áhrif hafa alþjóðavæðing, tölvuvæðing og aðrar samfélagsbreytingar á málumhverfi barna og unglunga og hvernig er skólinn í stakk búinn til að stuðla að varðveislu tungunnar og efla máltilfinningu og lesskilning nemenda?

Í skýrslu Íslenskrar málnefndar, Íslenska til alls, frá því í nóvember 2008 er fjallað um hlutverk og ábyrgð leik-, grunn- og framhaldsskóla hvað varðar varðveislu tungunnar og menningararfsins. Minnt er á hinar miklu breytingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi á síðustu öld, s.s.vaxandi kynslóðabil sem helst kemur fram í minnkandi samskiptum barna og unglunga við eldra fólk, alþjóðavæðingu, netvæðingu og breytta hætti og venjur í samskiptum og afþreyingu. Ennfremur er fjallað um áhrif þessara breytinga á tungutak, orðaforða, máltilfinningu og málskilning ungs fólks og tekið fram að ástæða sé til að bregðast við þeim með aukinni áherslu á íslenskukennslu á öllum skólastigum. Þetta eru orð í tíma töluð og skal hér því vikið að starfsaðstæðum og skyldum móðurmálskennara í grunnskólanum í dag; skyldum þeirra hvað varðar varðveislu tungunnar, máltilfinningu, lestrarhæfni, lesskilning og ritfærni nemenda.

Orðaforði og málvitund í nútímasamfélagi

Löngum hafa menn haft miklar áhyggjur af áhrifum ensku á móðurmálið. Þá er ekki aðeins um að ræða áhyggjur af enskuslettum og áhrifum enskunnar á málfræði og uppbyggingu setninga heldur því að íslenskan missi umráðasvæði eða notkunarsvæði í ákveðnum greinum atvinnulífsins. Vissulega er þetta áhyggjuefni en enn alvarlegra er þó að nú er hætta á að íslenskan missi umráð yfir málfæri ungdómsins í landinu. Þegar hugað er að aðstæðum barna og unglunga í dag kemur í ljós að eftir að

skóladegi lýkur heyrir íslenskur unglingur jafnvel jafnmikla eða meiri ensku en íslensku allt þar til hann mætir í skólann aftur. Nær allt afþreyingarefni unglunga er á ensku, hvort sem um er að ræða tónlist, tölvuleiki eða kvikmyndir. Samskiptin eru aðallega við jafnaldra og fara fram með smáskilaboðum (MSN), á „facebook“ eða einhverju álíka. Ég óttast að í þeim samtölum bæti þeir litlu við hinn íslenska orðaforða og málvitund sína.

Fyrir nokkrum áratugum sá fjölskyldan að miklu leyti um málfarslegt uppeldi barna og fékk dyggan og líklega stórlega vanmetinn stuðning frá Ríkisútvarpinu. Þar hlustuðu börn, unglingar og fullorðnir á barnatíma, barnasögur, leikrit, fræðsluefni, viðtalsþætti og spurningaleiki svo eitthvað sé nefnt. Fólk á miðjum aldri man vel eftir fimmtudagsleikritum og síðdegissögum sem börn og unglingar fylgdust með af miklum áhuga. Þetta var afþreyingarefnið þá og af þessu lærðu menn málið. Í dag hlusta unglingar fyrst og fremst á tónlistarstöðvar ef þeir á annað borð hlusta á útvarp. Þeir virðast einnig horfa minna á sjónvarpsútsendingar en áður, hlaða frekar niður kvikmyndum eða erlendum þáttum sem þeir horfa oft á í einrúmi eða með félögum sínum. Svo rammt kveður að þessu að oft virðist sem fjölskyldulífið sé að breytast í sambýli laustengdra einstaklinga sem deila eldhúsi og baði en ef svo er verður örðugt að miðla málinu milli kynslóða.

Orðaforða barna og unglunga hefur hrakað og nú er svo komið að nemendur í 10. bekk skilja ekki alltaf almennt orðuð fyriræli og frásagnir. Lengst af hafa kennarar í 10. bekk leitt nemendur í gegnum fornsögunar og hefur engan undrað þótt þar sé þörf á miklum og nákvæmum skýringum en verra er ef kennarar þurfa nú að leiða nemendur í gegnum nútímaskáldsögur. Almennt lesa foreldrar yngri barna fyrir þau, allt fram til þess að þau fara sjálf að lesa sér til ánægju en því miður virðist mikill fjöldi barna aðeins lesa sér til afþreyingar í fremur stuttan tíma fyrst eftir að þau ná fullu valdi á lestrinum. Eftir 10 ára aldur dregur oft úr lestraráhuga, sjónvarpsefni og tölvuleikir taka við svo að þegar komið er

í 7. og 8. bekk hefur jafnvel orðið afturför í lestri, enda æfingin lítil.

Í Laugalækjarskóla í Reykjavík var í vetur brugðist við þessu með sérstöku átaki sem hófst með hefðbundnum raddlestrarprófum í 7. og 8. bekk. Átakið hófst í nóvember og því lauk með öðru lestrarprófi seint í febrúar. Þessa þrjá til fjóra mánuði voru nemendur hvattir til lestrar með öllum tiltækum ráðum svo sem áróðri, umræðum, kynningum og umbun í gegnum einkunnagjöf en auk þessa var haldið námskeið í gagnvirkum lestri í sömu árgöngum. Þessi fyrsta tilraun tókst vel og marktækar framfarir urðu á leshraða enda er þetta fyrirkomulag komið til að vera, a.m.k. á meðan kennarar sjá gagn af því. En meira þarf til því um leið og átakanu lauk fækkaði útlánnum frá safni skólans stórlega svo augljóst er að átak hér og átak þar leysir ekki allan vandann. Lestraráhuginn má ekki hverfa á ákveðnu árabili því það getur reynst gríðarlega erfitt að endurvekja þennan áhuga, hvað þá að varðveita hann fram á fullorðinsárin.

Undanfarið hafa skólamenn vítt og breitt vart komið saman eða drepjið niður penna án þess að fjalla um mikilvægi þess að efla lesskilning og lestraráhuga nemenda. Ný tækni og nýtt afþreyingarefni hefur leyst bækurnar af hólmi og mætti sjálfsgagt fagna því ef þetta nýja efni fæli í sér lestur, ritun og talað mál. En svo er ekki nema að takmörkuðu leyti. Ef fylgst er með leik unglunga í tölvu kemur í ljós að þeir geta setið við heilu eftirmiðdagana en á milli þeirra fara nær aðeins einsatkvæðisorð, mest upphrópanir og aðallega á ensku. Þetta er víðtækt vandamál og svæsnara hér en t.d. í enskumælandi löndum því þar eru leikirnir að minnsta kosti á móðurmálinu.

Í fyrrnefndri skýrslu Íslenskrar málnefndar má sjá tillögur að íslenskrí málstefnu og umfjöllun um þær hættur sem helst steðja að móðurmálinu. Eins og áður segir kemur þar fram að vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á samfélaginu undanfarin áratug a.m.k. gegna skólarnir, allt frá leikskóla til framhaldsskóla, enn veigameira hlutverki en áður í að skila tungunni og menningararfinum til nýrra kynslóða. Einnig kemur þarna fram að samskipti barna og unglunga við foreldra og annað eldra fólk eru nú mun minni en áður tíðkaðist. Íslenskt samfélag er í raun orðið alþjóðlegt og enska er ráðandi tungumál á netinu, í tölvubúnaði og afþreyingu. Hér er því háð varnarbarátta en á sumum sviðum er hún þegar töpuð. Netvæðingin mun ekki ganga til baka og heldur ekki tölvuvæðingin. Ekki verður komið í veg fyrir

að börn og unglingar spili tölvuleiki þar sem enska ræður ríkjum og tónlist og annað afþreyingarefni verður ekki íslenska nema að litlu leyti. Það standa því fá vígi eftir önnur en skólinn. Þar verður að vera hægt að spyrna við fæti og styrkja stöðu íslenskunnar en það verður ekki auðveld barátta því keppinautarnir eru skæðir. Skólinn þarf því kjöraðstæður til að geta ræktað tungumálið og eftl máltilfinningu, lesskilning og ritfærni nemenda.

Móðurmálskennsla, lestur og Pisa-rannsóknir

Skólamenn eru almennt sammála því að lestur og lesskilningur og staðgóð þekking á móðurmálinu sé undirstaða velgengni í námi, starfi og lífsbaráttunni almennt og í Aðalnámsskrá grunnskóla frá 2007 segir m.a.: „Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda þátttöku í samfélaginu.“ (Aðalnámsskrá grunnskóla. Íslenska, 2007:4) Ennfremur segir í margnefndri skýrslu Íslenskrar málnefndar frá 2008:

Íslenska er margþætt námsgrein sem felur í sér sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum, til dæmis framsögn, lestri, bókmenntum, ritun og málfræði. Íslenskukennarar í grunnskóla þurfa að hafa víðtæka þekkingu á íslensku máli og bókmenntum, auk þess sem þeir þurfa að kunna skil á fjölbreyttum leiðum til að þjálfa málbeitingu, framsögn, lestur og ritun nemenda sinna. Þeir þurfa að geta virkjað sköpunarmátt nemenda við beitingu tungumálsins til að kveikja áhuga þeirra og miðla bókmenntaarfi okkar þannig að þekking og áhugi á honum lifi áfram með komandi kynslóðum (Íslenska til alls –Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrí málstefnu, 2008:27).

Mikil ábyrgð er lögð á herðar móðurmálskennarans ekki síst nú á tímum alþjóðavæðingar, breyttra samskiptahátta og tölvuvæðingar. Áherslur námskrárinnar og þeirra nefnda og ráðamanna sem eru fremstir í flokki þegar kemur að málvernd og málrækt hafa ekki breyst, þessir aðilar jafnt og yfirvöld vilja veg tungunnar sem mestan en við hvaða aðstæður býr skólinn?

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá á að verja fimm fjörtíu mínútna kennslustundum á viku til móðurmálskennslu í efstu bekkjum grunnskólans. Þrjár klukkustundir og tuttugu mínútur á viku. Nemendur verja almennt jafnmiklum eða

■ Orðaforða barna og unglunga hefur hrakað og nú er svo komið að nemendur í 10. bekk skilja ekki alltaf almennt orðuð fyriræli og frásagnir.

meiri tíma í íþróttir og aðrar tómsundur. Til samanburðar má nefna að í Danmörku verja menn 7x45 mínútum á viku til móðurmálskennslu og í Ósló a.m.k. 6x60 mínútum. Nágrannapjóðirnar, sem þó tala ekki örtungumál, hafa brugðist við aðsteðjandi vanda og leggja nú mikla áherslu á móðurmálskennslu í öllu skólakerfinu en hér gerist ekki neitt. Það er vissulega talað og skrifað um mikilvægi grunnskólans í þessu sambandi, mikilvægi þess að efla lestur og lesskilning, ritfærni, hlustun og framsögn. En hvenær á kennarinn að sinna þessu? Kennarar keppast við, þeir leggja sig alla fram en ef auka á vægi einhverra þátta kennslunnar án þess að skerða aðra þurfa kennarar meiri tíma með nemendum.

Samkvæmt námskrá skiptist móðurmálskennslan í efri deildum grunnskólans í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði en samkvæmt nýrri aðalnámskrá er nokkuð dregið úr kennslu í málfræði og undirgreinum hennar. Setningafræði og setningarhlutagreining er alveg felld brott og verulega dregið úr kennslu í hljóðfræði. Þetta getur komið sér vel því meiri tími verður þá til umráða fyrir lestur, lesskilning, bókmenntir og ritun. En þetta dugir þó ekki og vart er hægt að draga frekar úr málfræðikennslunni. Móðurmálskennarar verða þó með einhverjum ráðum að efla lestraráhuga og lesskilning nemenda því kannanir sýna að frammistöðu þeirra í þessum námsþáttum hrakar stöðugt. Þetta hefur m.a. komið fram í svokölluðum Pisa-rannsóknnum á lesskilningi sem framkvæmdar eru þriðja hvert ár. Frammi- staða íslenskra unglunga verður verri með hverri könnun en í Pisa-rannsókninni 2006 kom í ljós að lesskilningur þeirra er mun lakari en ungmenna í nágrannalöndunum.

Í ár var farið í mikla hvatningarherferð til að fá ungmennin til að leggja sig fram og sýna hvað í þeim býr því menn grunar að skýra megi slaka frammistöðu Íslendinga að einhverju leyti með metnaðarleysi, einhverri séríslenskri einstaklingshyggju og jafnvel leti. Líklega er nokkuð til í þessu. Kennarar og aðrir sem hafa komið að rannsóknunum hafa orðið varir við áhuga- og metnaðarleysi nemenda. Margir hafa skilið við verkefni hálfkláruð eða ekki nennt að leggja á sig nákvæma og vandaða vinnu við úrlausn þeirra. Herferðin er því góðra gjalda verð og fróðlegt að sjá hvort hún skilar árangri, þó okkur aðeins upp á við í saman- burði við aðra en hún breytir engu um ástandið eins og það er í raun og veru. Rannsóknin er aðeins mælitæki og það er ekki árangur okkar í henni sem öllu máli skiptir heldur staða

íslenskra ungmenna hvað varðar lestur og ritun og viðbrögð okkar við niðurstöðunum. Væntanlega mun því ekki nægja að hvetja þau eins og fótboltalið á leið í kappleik.

Óslóarbúar gerðu betur. Eftir slaka útkomu pílta í Ósló í Pisakönnuninni 2006 var kennslustundum í norsku fjölgað á Óslóarsvæðinu öllu. Slíkt þyrfti svo sannarlega að gera hér. En þetta er ekki það eina sem nágrannar okkar á Norðurlöndunum hafa gert til að bregðast við vandanum. Í Noregi og Danmörku hefur farið fram mikil vinna á vegum viðkomandi ráðuneyta til að gera kennurum kleift að takast á við vandann. Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara, gefið hefur verið út nýtt námsefni sem hefur að markmiði að auka færni nemenda á þessu sviði og á vegum norska menntamálaráðuneytisins er vefur uppfullur af upplýsingum, hugmyndum, leiðbeiningum, verkefnum, greinum og öðru sem gagnast getur kennurum í þessari baráttu.

Undanfarin ár hafa kennarar hvatt nemendur sína til að lesa sem mest. Þetta hefur verið kallað frjáls lestur, yndis- lestur eða eitthvað álíka en hvötin hefur fyrst og fremst þurft að koma frá nemendum sjálfum. Þetta dugir ekki nema í fáum tilvikum og þá er um að ræða þetta litla hlutfall nem- enda sem alltaf hefur lesið mikið og mun sjálfsagt alltaf gera. Hinir eru tregari í taumi og stundum hitta unglingskennarar fyrir nemendur sem hafa ekki lesið bók frá því þeir voru 9–10 ára gamlir. Eilífar fortölur og hvatningarorð duga ekki hvað þennan hóp varðar og hann er nokkuð stór, a.m.k. of stór. Það verður að vera tími til lestrar í skólanum. Bæði til að nemendur lesi hver fyrir sig, til samlestrar og sameiginlegrar umfjöllunar um bækur og bókmenntir.

Námsmat og endurgjöf

Í rannsókn sinni á námsmati sem Rúnar Sigþórsson kynnti á Öskudagsráðstefnu Menntasviðs Reykjavíkurborgar 25. febrúar síðastliðinn komst hann að þeirri niðurstöðu að kennarar verði að meta á einhvern hátt til einkunnar það sem þeir vilja uppskera og að nemendur læri. Það hefur reynt haldlítið að hvetja eingöngu til lestrar og halda langar ræður um mikilvægi hans vegna áframhaldandi náms. Til að byrja með, þ.e. á meðan nemendur komast á bragðið, verða þeir að fá einkunnir fyrir lesturinn og öll verkefni sem honum tengjast. Bókarskýrslur; skriflegar eða munnlegar, kynningar, lestrardagbækur og ritgerðir duga vel ef gefin er umsögn eða einkunn. Það skortir aðeins tíma til að gera meira af þessu því það verður að verja tíma af stundaskrá til lestrar,

til að fjalla um bækur og vinna með textann og innihald hans. Þessar aðferðir gætu glætt áhuga nemenda og orðið til þess að þeir lesi að lokum af fúsum og frjálsum vilja vegna ánægjunnar og þess fróðleiks sem lesturinn veitir.

Allt fram á þetta vor hefur samræmda prófið við lok 10. bekkjar stýrt kennslunni í efri deildum grunnskólans að miklu leyti, svo miklu að sögusagnir gengu um skóla þar sem lítið annað var á dagskrá upp úr þorra en gömul samræmd próf. Það er þó ekki svo að kennarar geti nú eingöngu lagt áherslu á það sem þeim finnst skemmtilegast en hér eftir hafa þeir meira að segja um áherslu, aðferðir og námsmat en áður. Að sjálfsgöðu mun verða kennt samkvæmt aðalnámskrá en innan þeirra marka sem hún setur hafa kennarar mikla möguleika á að auka fjölbreytni í kennsluáðferðum og leggja meiri áherslu á lestur, bókmenntir og ritun. Með aukinni áherslu á þessa þætti eflist máltilfinning nemenda, orðskilningur og orðaforði. En eins og áður kom fram þarf tíma til slíkrar kennslu, tíma til umræðna, tíma til að velja vöngum yfir merkingu, inntaki og bókmenntafræðilegum hugtökum.

Það tekur einnig tíma að þjálfra framsögn og ritfærni. Ekki dugir að senda nemendur alltaf heim með verkefni til að spara kennslustundirnar því þeir þurfa á kennaranum að halda í þessu sem öðru. Æfingin skapar meistarann og fátt er jafngagnlegt í íslenskukennslu og að láta nemendur glíma við eigin texta, fjalla um tiltekið efni frá eigin brjósti eða frumsemja texta í því sem kallað hefur verið skapandi skrif. Þetta er námsþáttur eða kennsluáðferð sem seint verður ofmetin en er í raun ekki fullgild nema kennarinn verji tíma til endurgjafar. Samkvæmt rannsókn Ragnheiðar Hermannsdóttur á námsmati sem fram fór 2007–2008 hefur skrifleg umsögn kennara miklu meira að segja fyrir nemendur en einhver tala ein og sér, þó svo hún sé há. Það eitt að kennarinn hafi lagst yfir verkefnið, vegið það og metið og

gefið sér tíma til endurgjafar hleypir kappi í kinn. Nemandinn er hvattur til dáða, en hvenær á kennarinn að sinna þessu? Íslenskir móðurmálskennarar á unglingastigi a.m.k. hafa jafnmikla kennsluskyldu og sundkennarar með fullri virðingu fyrir þeim og þeirra starfi. Hér ræður einhver einkennileg jafnaðarstefna ferðinni sem stundum hlýtur að verða til þess að minna verður um verkefni sem kalla á mikla yfirlegu kennarans. Það er langt um liðið síðan svokallaðir stílaþeningar bættu tungumálakennurum upp slíka vinnu en hví geta kennarar ekki haft mismunandi kennsluskyldu en sömu vinnuskyldu? Vinna við yfirferð og endurgjöf þarf að vera skilgreindur hluti af vinnuskyldu móðurmálskennara.

Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrí málstefnu hafa nú verið samþykktar í þinginu en meira þarf til. Komið er að niðurskurði í skólakerfinu og það kann að hljóma einkennilega að fara fram á meiri fjárútlát á tímum kreppunnar. Móðurmálskennarar verða þó að fá meiri tíma með nemendum sínum eigi þeir að efla þá margvíslegu færni sem fólgin er í góðri íslenskukunnáttu og axla þá miklu ábyrgð sem nú fellur á skólann. Yfirvöld menntamála verða að standa við bakið á kennurum. Ekki nægir að benda eingöngu á hvað þurfi að gera heldur verður að bregðast við vandanum með breyttum áherslum. Leggja þarf meiri áherslu á móðurmálskennslu með auknu tímamagni, námsefnisgerð, ráðstefnum, námskeiðum, hugmyndabönkum og síðast en ekki síst minni kennsluskyldu móðurmálskennara. Móðurmálið er til alls fyrst og þeim tíma sem við verjum til móðurmálskennslu er ákaflega vel varið.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík
Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrí málstefnu. Nón. 2008. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

■ Höfundur er íslenskukennari í Laugalækjaskóla.

EFLUM ÍSLENSKT MÁL Í SKÓLASTARFI

Stjórn Samtaka móðurmálskennara hvetur alla félagsmenn til að brydda upp á umræðum í skólum sínum um íslenska tungu og vekja athygli á því að allir kennarar eru málfyrirmyndir. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að öll Norðurlöndin nema Ísland nýta sér notendaviðmót í tölvum á móðurmálinu. Einfalt er að breyta þessu og kostar ekkert. Sjá heimasíðuna www.microsoft.is.



„Ekki gefast upp – haltu áfram baráttunni“

Í erindi mínu á ráðstefnu Samtaka móðurmálskennara 21. mars síðastliðinn ræddi ég boðskap nýrra laga um framhaldsskóla og möguleg áhrif íslenskrar málstefnu. Ég kynnti viðhorf nemenda minna í MH til íslenskukennslunnar á 21. öld auk þess sem ég kynnti tvær kennsluaðferðir sem ég hef nýtt með góðum árangri, stöðvavinnu og lotuvinnu. Langaði mig með þeim hætti að sýna dæmi um hvert hægt væri að stefna í kennslunni á nýrri öld. Ég legg til grundvallar aukna virkni nemenda. Hafa kennsluaðferðirnar tvær gert nemendum kleift að vinna með efnið á eigin forsendum og axla aukna ábyrgð á eigin námi.

Stuðningur nýrra laga og málstefnu

Ég tel ný framhaldsskólalög styðja aukna þróun kennsluhátta. Í 2. grein þeirra kemur fram að framhaldsskólinn eigi að „efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar.“ Tel ég þessi orð styðja sérstaklega vel við kennsluaðferðir sem byggja á sjálfstæðri vinnu nemenda í samvinnu við aðra nemendur og aukna ábyrgð þeirra á eigin námi, líkt og ég hef reynt í minni kennslu. Íslensk málstefna gefur einnig færi á frekari sókn íslenskunnar innan skólakerfisins, sérstaklega varðandi fjölgun kennslustunda í móðurmáli og aukna menntun kennara.

Hvað finnst nemendum?

Ummæli nemenda eru mér mikils virði í kennslunni og gefa mér færi á að þróa aðferðir enn frekar. Sem dæmi má nefna titil þessarar greinar en hann er tilvitnun í ummæli nemanda um stöðvavinnuna. Ég leitaði eftir skoðunum nemenda minna á íslenskukennslunni á 21. öld. Þeir eru margir sama sinnis og ég, nefna til dæmis ábyrgð, sjálfstæði og þjálfun.

Einn 16 ára nemandi segir: „Mér líkar vel við nýja kennsluhætti þar sem kennarinn stendur ekki uppi við töfluna alla önnina og blaðrar og nemendur bera í staðinn meiri ábyrgð og lögð er meiri áhersla á verkefnavinnu og tölvunotkun. Fleiri kennarar mættu taka sér það til fyrirmyndar og ég held að það eigi sérstaklega vel við í móðurmálskennslu.“ Annar nemandi, 18 ára, leiðir hugann að stöðu málsins í alþjóðasamfélaginu: „Mér finnst að það ætti að byrja fyrr að kenna bókmenntasögu Íslands og fræða nemendur um þennan mikilvæga menningararf. Það er kannski mikilvægast að læra þetta núna vegna gifurlegrar alþjóðavæðingar.“

Stöðvavinna studd kennslufræði

Stöðvavinnuna hef ég áður rætt á síðum *Skímu*¹. Þar lýsti ég fyrstu reynslu minni af kennsluaðferðinni en hana hef ég nú þróað enn frekar. Til dæmis hef ég uppgötvað hvernig stöðvavinnan tengist t.d. fjölgreindarkenningu Howards Gardner² og hugmyndum Scriven³ um kortlagningu námsháttá. Sömuleiðis tengist vinnan hugsmíðahyggjuni í ljósi sameiginlegrar vinnu nemenda, þekkingarleit og tileinkun efnisins. Þessi kennslufræðilegi stuðningur hefur styrkt vinnuna enn frekar og gert mér kleift að leiðbeina nemendum betur. Nemendur hafa einnig átt auðveldara með að tengja sig við ólíka nálgun stöðvanna, og þar með náð enn betri virkni í tímanum að mínu mati.

Nemendur hafa flestir verið mjög ánægðir með árangur stöðvavinnunnar. Í erindi mínu sýndi ég nokkur ummæli nemenda á þessari önn, til dæmis: „Stöðvavinnan er mjög lífgandi og gefur manni frelsi“ og „svo var líka alltaf svo skemmtileg stemning“. Orð þeirra staðfesta í mínum huga að aðferðin hentar flestum nemendum vel og gefur kennara tækifæri til að sinna hverjum og einum í sinni þekkingarleit.

Lotuvinnan – aðferð í þróun

Í tengslum við lestur bókmenntasögu í ÍSL403 hóf ég þróun

lotuvinnu haustið 2008. Textum bókmenntasögunnar er skipt upp í lotur og nemendur velja sér efni innan hversrar lotu til að vinna úr og kynna fyrir samnemendum. Margir nemendur haustanna voru ekki ánægðir með fyrirkomulagið, þeim þótti þeir ekki læra nóg og töldu mig vera of lítið áberandi í kennslunni. Engu að síður bentu þeir á jákvæð atriði, t.d. fjölbreytta úrvinnslu efnis, möguleika á samvinnu nemenda og þjálfun í tjáningu.


Nú reyni ég aðferðina öðru sinni, með endurbótum í ljósi ummæla nemenda. Hver lota hefst á stuttri kynningu minni á efninu. Nemendur velja sér í kjölfarið það efni sem þeir vilja helst vinna með. Fyrsta tíma lotunnar sitja þeir saman sem velja sama efni og mynda svonefndan efnishóp. Í öðrum tíma lotunnar er hins vegar settið eftir stöðvum, þannig að efnishópurinn dreifist um stofuna. Þannig eykst sérhæfing hvers og eins og nemendur virðast meðvitaðri um leiðir til úrvinnslu. Loks er uppskerutími með kynningum. Þessu til viðbótar skilar hver nemandi inn skriflegu verkefni um sjálfsvalið efni innan lotunnar.

Vissulega náði ég í erindi mínu einungis að tæpa á því helsta um kennsluaðferðirnar tvær en vona þó að það hafi veitt áheyrendum innsýn í hvernig stöðvavinna og lotuvinna eru í framkvæmd. Áhugasömum er velkomið að hafa samband við mig í netfangið bab@mh.is ef óskað er frekari upplýsinga.

- 1 Bjarni Benedikt Björnsson. 2008. „Ég og allir ♥ stöðvavinnu!“ *Skíma*, 31:1, bls. 42-45.
- 2 Fjölmargin gætu verið skrifað um fjölgreindarkenninguna, t.d. má benda á skrif Howards Gardner, *Multiple intelligences: New Horizons* frá 2006.
- 3 Sjá Börkur Hansen o.fl. 1999. *Aukin gæði náms*. Rannsóknarstofnun KHÍ, Reykjavík, bls. 161 og áfram.

■ Höfundur er íslenskukennari við MH.


Kennsluaðferðir sem auka sjálfstæði og virkni nemenda



Íslenska er okkar mál

www.jonas.ms.is

ÍSLENSKA ER
OKKAR MÁL





Þjóðtungan í nýrri aðalnámskrá grunnskóla

Hér er fjallað um nýja námskrá í íslensku sem er hluti af aðalnámskrá grunnskóla og var samþykkt í júní 2007. Eldri námskrá er í gildi samhliða þessari allt til ársins 2010 og hafa því skólamenn nokkurt svigrúm til að koma þeirri nýju til framkvæmda. Sagt er frá vinnunni við gerð þessarar nýju námskrár, áherslum þeirra sem verkið unnu og helstu breytingum og nýmælum sem í námskránni eru. Loks er tilfærð lítil saga um þjóðtunguna – svona sem dæmi um þau fjölmörgu álitamál sem við er að fást í námskrárgerð og skólastarfi.

Allar námskrár byggja á ákveðinni stefnu eða grunnhugmyndum í námskrárfræðum og ýmsum öðrum forsendum sem móta vinnuferli við gerð þeirra og það hver útkoman verður. Hér er forsagan sú að unnið var að endurskoðun á faggreinahlutum aðalnámskrár grunnskóla á árunum 2005 til 2007. Vinnuhópur sem fyrst vann að endurskoðun íslenskuhluta námskrárinnar skilaði af sér drögum í desember 2005. Þau drög voru birt og öllum heimilt að senda inn umsagnir til menntamálaráðuneytisins. Ný námskrárnefnd tók svo við endurskoðun námskrárinnar veturinn 2006–7. Í henni sátu undirrituð, Kristín Jónsdóttir, lektor í kennslufræði, formaður, Halldís Ármannsdóttir, framhaldsskólakennari í íslensku, Ingibjörg B. Frimannsdóttir, lektor í íslensku, Sigríður Sigurjónsdóttir, dósent í íslenskri málfræði, og Valdimar Gunnarsson, framhaldsskólakennari í íslensku. Það er mikilvægt að nefna þetta góða samverkafólk mitt í námskrárvinnunni en að sjálfsögðu ber ég ein ábyrgð á þessum skrifum. Nú skal og tekið fram að ég er eftirleidis að vitna til starfa þessarar nefndar, sem endurskoðaði hlutann sem nefnist íslenska, í íslenskunámskrá grunnskóla. Til viðbótar í þeirri sömu námskrá eru tveir hlutar sem aðrir endurskoðuðu; íslenska sem annað tungumál og tvítýngi íslensk tákna máls og íslensku. Sjálf skrifaði ég svo drögin að sameiginlegu köflunum sem eru allra fremst í íslenskunámskránni og fjalla um nám, kennslu og námsmat.

Við tókum til starfa í námskrárnefndinni haustið 2006, ræddum í fyrstu áherslur og hugmyndafræði og komumst að því að hugmyndir okkar fóru ágætlega saman. Við fórum yfir allar athugasemdir sem borist höfðu við drögin frá desember 2005, bárum þau og þágildandi íslenskunámskrá frá 1999 saman og ákváðum að skrifa nýja námskrá á þeim samanburðargrunni. Við lásum og norsku móðurmálsnámskrána (Læreplan i norsk, 2006), bláu skýrsluna svokölluðu um breytta námsskipan til stúdentsprófs, skýrsluna um forsendur námskrárgerðarinnar 1999 sem Höskuldur Þráinsson prófessor í íslensku og félagar sömdu (Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum, 1997), við fengum athugasemdir frá hópi nemenda í viðbótamámi í íslensku fyrir starfandi kennara og fleira mætti nefna. Við lögðum okkur sem sagt fram um að undirbúa vinnuna vel og faglega.

Forsendur og framsetning námskrárinnar

Við komumst að þeirri niðurstöðu að stuttar námskrár væru betri en langar enda frekar lesnar af kennurum og almenningi. Einnig að námskráin eigi að vera aðgengileg og skiljanleg foreldrum og nemendum í eldri bekkjum grunnskóla. Það stuðli að því að efla skilning og ábyrgð nemenda á eigin námi og bæti forsendur til áætlanagerðar eða markmiðssetningar nemenda þar sem slíkt er viðhaft. Í þessu efni litum við sérstaklega til norsku námskrárinnar sem er fremur knöpp og auðlesin. Árið 2007 var umræðan um hæfniviðmið (learning outcomes) komin á fulla ferð hér en Guðrún Geirsdóttir (2009) hefur verið manna ötulust við að kynna þá aðferð eða gerð markmiðssetningar. Við töldum rétt að reyna að skrifa markmiðin í námskránni sem mest í þeim dúr. Ég læt hér eins og námskrárnefndinni hafi verið veitt fullt frelsi til að endurmóta námskrána. Það er rétt, við fengum rúman ramma og það veganesti frá ráðuneytinu að við skyldum vinna þetta eftir okkar höfði eins og við best kynnum.

Ákveðið var að markmið í íslensku skyldu taka til þekkingar, færni og viðhorfa. Viðhorfamarkmið skipta verulegu máli ekki síst vegna þess almenna verkefnis grunnskóla að rækta ákveðin gildi í samræmi við ákvæði í gildandi grunnskólalögum. Nú eru þó nokkrar breytingar í nýjum grunnskólalögum og verið er að endurskoða almenna hluta aðalnámskrár grunnskóla þannig að viðbúið er að fljótlega þurfi að endurskoða faggreinanámskrárnar að nýju. Þetta er lýsandi dæmi um hvernig stefnumótun í menntamálum er og á að vera í stöðugri endurskoðun.

Ákvörðun var tekin um að í námskrárlutanum íslenska skyldu vera skýr og einföld markmið. Leiðirnar, þ.e. kennslu-aðferðir og námsmatsaðferðir, skuli hins vegar valdar og útfærðar í skólum. Kennarar á hverjum stað væru bestir í stýra því hvernig markmiðum námskrárinnar verði náð hverju sinni. Samstaða varð um að fella þrepamarkmið hvers bekkjar eða árgangs út úr námskránni og tilgreina einungis lokamarkmið grunnskóla og áfangamarkmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Kaflar um nám og kennslu yrðu jafnframt ögn ítarlegri en í námskránni frá 1999. Rökin fyrir þessu voru þau að betra væri að skólar, kennarar og stjórnendur, ynnu með áfangamarkmiðin og útfærðu í skólanámskrám. Þetta töldum við vera í takt við umræðu um sjálfstæði skóla og breytingar á viðmiðunarstundaskrá. Í henni er nú tilgreindur lágmarkskennslutími á námssviðum, svo sem íslensku, fyrir hvert stig, það er yngsta-, mið- og unglíngastig, en ekki fyrir hvern árgang (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008). Breytingin myndi og styðja við eða auðvelda einstaklingsmiðun í skólasterfi með því að stýring að ofan væri minni.

Við, samstarfsfólkið í nefndinni, lögðum mikla vinnu í textann í námskránni. Töldum mikilvægt að við hefðum sam-eiginlegan skilning á hvað hvert markmið merkti í raun og reyndum að forðast orðagjálfur. Enda er námskrárlutinn íslenska aðeins tólf síður að lengd.

Nýmæli og áherslur í inngangsköflum

Í þessum hluta greinarinnar og næsta tíunda ég breytingar sem gerðar voru á námskránni frá þeirri sem fyrir var frá árinu 1999. Ennfremur nefni ég það sem námskrárnefndin taldi nýmæli eða mikilvæg atriði sem vert væri að draga fram sérstaklega.

Litið er svo á að markmið í hlutanum íslenska eigi við um alla nemendur að miklu leyti, líka þá sem eiga annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausla og heyrnarskerta

þótt sérstakir kaflar séu í íslenskunámskránni um þeirra nám. Í inngangsköflum námskrárinnar er minnt á að taka þurfi tillit til kynjamunar í íslenskukennslu. Vitað er að kynjamunur kemur fram með ýmsum hætti í íslenskunámi og er ýmist af félagslegum eða líffræðilegum toga. Sem dæmi má nefna að hreyfiproski stráka og stelpna er ólíkur og því er skrift stráka oft mun stíðari og klunnalegri en jafnaldra stelpna.

Lögð er áhersla á að taka skuli tillit til uppruna nemenda og rækta viðsýni meðal þeirra. Mikilvægt sé að efla virðingu nemenda fyrir móðurmáli, sínu eigin og annarra, og um-burðarlyndi gagnvart mismunandi málnotkun. Nefnt er að í kennslu þurfi að þjálfva nýbúa sérstaklega í talmáli og hvað sé viðeigandi í samskiptum og umræðum.

Menningarlæsi og mikilvægi þess er undirstrikað. Tilgreint er að lesa skuli erlendar bókmenntir ekki síður en íslenskar og nýta það meðal annars til að kynnast menningu nemenda af erlendum uppruna í nemendahópnum. Samhliða er lögð áhersla á að skólinn kynni íslenskan menningararf og við-haldi honum. Dæmi um það er markmið um að nemendur geti sett saman vísu og stundað þannig okkar vinsælu þjóðaríprótt.

Helstu breytingar í markmiðsköflum

Það má lengi deila um hvernig best er að flokka markmið en niðurstaðan varð sú að í hlutanum íslenska eru nú fjórir flokkar markmiða; talað mál og hlustun; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Þetta eru ekki sömu flokkar og í nám-skránni frá 1999 en við gættum þess að týna ekki áhorfs-markmiðum þótt sá flokkur væri felldur út. Nokkrar breytingar í markmiðsköflum er vert að nefna sérstaklega hér.

Bókmenntasaga er aukin frá því sem var og má segja að hún sé þar með að nokkru færð til grunnskóla frá fram-haldsskóla. Dæmi um þetta er markmið um að nemendur skuli kynnast höfuðskáldum, að grunnhugtök bókmennta-fræða skulu kynnt og leggja skuli áherslu á notkun þeirra í umræðu og umfjöllun um bókmenntir.

Markmið um fjölbreytta texta eru í forgrunni og áhersla er aukin á ljóðalestur grunnskólanema. Á heildina litið er mikil áhersla á lestur, frjálsan lestur og margs konar lestrartækni. Skýrt er kveðið á um mikilvægi foreldra í lestrarþjálfun nemenda og að kennarar skuli leiðbeina foreldrum þar um.

Í markmiðum má sjá aukið vægi talaðs máls og ritunar,

■ Skýr áhersla er á listræn markmið og virkni nemenda sem og að allir nemendur grunnskóla eigi að fá að njóta listar tungumálsins svo sem leikræns flutnings og söngs.

fjölbreytilegrar þjálfunar í þessum þáttum og að nemendur geti smám saman beitt hugtökum þar um sér til gagns. Í málfræðiflokki markmiða er lögð áhersla á köpunarmátt tungumálsins og unnið skuli með beygingafræði og orðmyndun og gott mál og vont í því samhengi. Formleg setningafræði færirst til framhaldsskólans nema grunnhugtök sem notuð eru í ritunarkennslu.

Skýr áhersla er á listræn markmið og virkni nemenda sem og að allir nemendur grunnskóla eigi að fá að njóta listar tungumálsins svo sem leikræns flutnings og söngs. Markmið tengd upplýsinga- og samskiptatækni eru færri og hafa minna vægi en í námskránni frá 1999. Tæknin skuli fyrst og fremst nýtt til miðlunar og sköpunar eða í þágu annarra markmiða námskrárinnar.

Í þessari íslenskunámskrá eru háleit markmið fyrir hönd grunnskólanemenda og hún gerir ekki minni kröfur til þeirra en íslenskunámskráin frá 1999 sem er í gildi jafnhliða þessari allt til ársins 2010. Ef skólar mæta þeim kröfum sem nýja námskráin gerir eiga nemendur að verða virkari í íslenskunámi sínu en áður var og aukin áhersla verður á þjálfun þeirra til að verða betri málnotendur í ræðu og riti. Þetta er bæði vegna inntaks námskrárinnar og þess að markmiðin eru langflest sett fram sem hæfniviðmið, þ.e. viðmið um hvað nemendur eiga að geta, kunna og skilja. Kennurum og öðrum skólamönnum er látið eftir að móta hvað það er sem nemendur eiga að gera svo markmiðunum verði náð.

Nýja námskráin gerir miklar kröfur til kennara og skóla um útfærslu en veitir jafnframt svigrúm sem margir óska eftir.

FRÉTTATILKYNNING

Tilnefning til Norrænu barnabókaverðlaunanna 2009

Félag fagfólks á skólasöfnum tilnefndi bókina *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur til Norrænu barnabókaverðlaunanna 2009. Norrænu barnabókaverðlaunin eru veitt af Nordisk skolebibliotekarforening, norrænum samtökum skólasafnskennara. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá 1985. Dómnefndin fundaði í mars og varð bókinn *Garmans gate* eftir norska höfundinn Stian Hole fyrir valinu að þessu sinni. Verða verðlaunin afhent á ráðstefnu Nordisk skolebibliotekarforening í Finnlandi næsta haust.

Fjórum sinnum hafa verðlaunin komið í hlut íslenskra höfunda. Árið 1992 hlaut Guðrún Helgadóttir þau, 2003 Kristín Steinsdóttir, 2005 Ragnheiður Gestsdóttir og 2007 Brynhildur Þórarinsdóttir.

Kristín Helga hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir bækur sínar. Hún hlaut Barnabókaverðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur árið 2001 fyrir bókina *Mói hrekkjusvín*. Árið 2004 fékk hún Vorvinda, viðurkenningu IBBY á Íslandi, fyrir bókina *Strandanornir* og á haustdögum 2008 fékk hún Barna- og unglingsbókaverðlaun Vestnorræna ráðsins fyrir bókina *Draugaslóð*. Þá voru Kristínu veitt verðlaunin Sögusteinn, barnabókaverðlaun IBBY á Íslandi, 2. apríl sl. Auk framangreindra verðlauna hefur Kristín Helga fimm sinnum fengið Bókaverðlaun barnanna nú síðast á vordögum. Eru það bækurnar um *Fíusól* sem notið hafa mestra vinsælda lesenda.

Bókinn *Draugaslóð* kom út hjá Máli og menningu árið 2007. Hún segir frá hinum 13 ára Eyvindi Þórusyni sem örlögin leiða upp á öræfi þar sem hann fetar dularfulla draugaslóð á vettvangi Fjalla-Eyvindar og Reynistaðarbræðra.

Í stjórn Félags fagfólks á skólasöfnum sitja:

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir formaður, Hjallaskóla Kópavogi

Hallbera Friður Jóhannesdóttir ritari, Brekkubæjarskóla Akranesi

Árný Jóhannesdóttir gjaldkeri, Foldaskóla Reykjavík

Meðstjórnendur:

Björg Sigurðardóttir, Borgarhólskóla Húsvík

Guðný Ísleifsdóttir, Ingunnarskóla Reykjavík

Ingibjörg Baldursdóttir, Flataskóla Garðabæ

Ívar Ólafsson, Hagaskóla Reykjavík

Sólveig Helga Gísladóttir, Lindaskóla Kópavogi

Sólveig Reynisdóttir, Vatnsendaskóla Kópavogi



Skólar, sem útfæra áfanga- og lokamarkmið vel í skólanámskrám og móta kennsluskipulag til samræmis, ættu að hafa betri forsendur en ella til að gera skilin milli grunnskóla og framhaldsskóla sveigjanlegri og mæta vaxandi kröfum þar um í samfélaginu.

Þann tíma sem við í námskrárnefndinni unnum að gerð nýrrar grunnskólanámskrár gjóuðum við augum á framhaldsskólanámskrána alltaf af og til enda mikilvægt að námskránnar séu vel tengdar og eðlileg hrynjandi í þeim námsþáttum sem þær fjalla um. Vonandi fer vinna við framhaldsskólanámskrána fram með hliðstæð sjónarmið í huga.

Lítill saga um þjóðtunguna

Að lokum er hér lítill saga um þjóðtunguna, að mínu mati skemmtilegt dæmi um þau fjölmörgu álitamál sem við er að fást í námskrágerð og skólasterfi.

Íslenska, drög að nýrri aðalnámskrá grunnskóla, 5. feb. 2007, nefnist handritið sem námskrárnefndin skilaði af sér til menntamálaráðuneytisins. Þar hefst kafli um nám og kennslu á þessum orðum:

Íslenskan er fjölbætt námsgrein eins og áður segir og miklu skiptir að kennslan taki mið af því. Þjóðtungan gegnir mikilvægu hlutverki við að efla samkennd Íslendinga. Námsgreinin fjallar meðal annars um þau menningarlegu verðmæti sem felast í móðurmálinu og bókmenntum, íslenskum og erlendum.

Í gildandi *Aðalnámskrá grunnskóla – Íslensku* hefst kafli um nám og kennslu á orðunum:

Íslensk tunga gegnir sérstöku hlutverki við að efla samkennd Íslendinga. Þess vegna er mikilvægt að nýir Íslendingar nái valdi á henni, ekki síður en þeir sem eiga hana að móðurmáli.

Og hvað með það? Þegar við í námskrárnefndinni höfðum skilað af okkur drögunum sem vitnað er til tók starfsfólk í menntamálaráðuneytinu við að yfirfara og raða saman þessum þremur hlutum, sem nefnast íslenska, íslenska sem annað tungumál og tvítyngi íslensks táknaðs og íslensku, í námskrána *Íslensku*. Við sem höfðum verið í forsvari fyrir endurskoðun og skrifum þessara þriggja hluta vorum kölluð til fundar í ráðuneytinu með heimafólki þar. Á fundinum var mjög góð samstaða um flest en þó upphófst merkileg

umræða þar sem ágreiningur varð um þjóðtunguna sjálfa. Ætti að nefna hana á nafn? Væri fólgin í því þjóðreimba? Eða hroki gagnvart þeim sem Íslendingum en eiga sér annað móðurmál? Ég ætla ekki að spreyta mig á því að rekja umræðuna hér en ég fór heim af fundinum steinhissa. Skrifaði í framhaldinu bréf til þeirra sem að málinu komu svona til að hnykkja á því sem ég var sannfærð um og er enn; að þjóðtunguna megi nefna á nafn í aðalnámskrá grunnskóla, rétt eins og þjóðfána, þjóðsögur og aðrar þjóðargersemar. Niðurstaðan varð nú samt sú að þjóðtungan var tekin út úr textanum og íslensk tunga sett í staðinn. Þetta var 2007. Í nýjum grunnskólalögum nr. 91/2008 er nú meðal höfuðmarkmiða, í 2. grein laganna, að grunnskólinn skuli efla færni nemenda í íslensku máli og það orðað svo:

Grunnskóli skal stuðla að viðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn.

Í nýjum tillögum Íslenskrar málnefndar að íslenski málstefnu (Íslenska til alls, 2008) er þjóðtungan nefnd fjórum sinnum. – Og nú er ég næstum viss um að þjóðtungan mun rata inn í aðalnámskrá grunnskóla í íslensku á nýjan leik enda á hún þar heima.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska (2007, júní). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sjá http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2006, desember). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sjá http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf

Breytt námskipan til stúdentsprófs. Aukin samfella í skólasterfi. (2004, ágúst). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Guðrún Geirsdóttir (2009). *Um hæfniviðmið. Leiðbeiningar fyrir háskólakennara*. Sótt á vefinn 20.4. 2009 <http://www3.hi.is/~kriol/haeftividmid/haeftividmid.html>

Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenski málstefnu. (2008, nóvember). Reykjavík: Menntamálaráðuneyti. Rit 38. Sjá http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/islenska_til_alls.pdf

Læreplan i norsk. Oslo: Utdanningsdirektoratet (2006). (Sjá <http://udir.no/grep/Lareplan/?laereplanid=710976&visning=1>)

Lög um grunnskóla nr. 66/1995. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands. Sjá <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Skýrsla forvinnuhóps á námssviði móðurmáls. (1997, júní). Reykjavík.

■ *Höfundur er lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.*



Útvaldar bókmenntir

Þessi grein byggist á fyrirlestri sem haldinn var á ráðstefnu Samtaka móðurmálskennara í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð í mars. Fjallað er um það hvaða bókmenntir við teljum ómissandi. Hvað á að velja úr menningararfinum til þess að láta nemendur rokast með gegnum skólakerfið? eru það Íslendingasögurnar? Er nauðsynlegra að lesa um hinar „gleymdu aldir“ milli Þjóðveldis og sjálfstæðisbaráttu? eru ættjarðarkvæði nítjándu aldar það sem mestu máli skiptir? Á að gleyma tuttugustu öldinni með Laxness og kvennabókmenntunum og barnabókmenntunum?

Hvaða bókmenntir eru útvaldar á Íslandi? Í öðrum löndum tíðkast að deila harkalega um það hvaða bækur allir nemendur skuli hafa lesið til að geta kallast „menntaðir.“ Þær útvöldu bókmenntir kalla menn „kanon“ og orðið á rætur að rekja til grísku. Það merkti upphaflega mælistiku eða reglu en fór svo að merkja lista eða skrá yfir þau hebresku rit sem kirkjan var sátt við að helga og fella inn í Biblíuna og Nýja testamentið. Kirkjuféður þurftu að koma sér saman um eina Biblíu því ekki dugði að hafa þær margar og æskilegt var talið að menn hefðu einn skilning á henni – en það gekk nú alla vega eins og dæmin sanna. Í ensku fóru menn að nota orðið „canon“ yfir rit eignuð tilteknum höfundum á borð við Chaucer og Shakespeare. Það þurfti að koma sér saman um hvað væri raunverulega eftir slíka meistara og þar var talað um „The Chaucer canon“ og „Shakespeare canon“. Síðan kom upp í enskum og evrópskum bókmenntum hugtakið „The literary canon“. Í heimsbókmenntum og Þjóðarbókmenntum er það notað um rit sem hafin eru yfir gagnrýni að því leyti að um stöðu þeirra sem aðalrita verður ekki deilt. Á Íslandi má staðhæfa með nokkru öryggi að Íslendingasögurnar og bækur Halldórs Laxness, eina nóbelskalds Þjóðarinnar, hafi sérstöðu af þessu tagi. Ég hef kallað þetta útvaldar bókmenntir vegna þess að kanónu-hugtakið hefur enga stöðu í íslensku. Hér hefur lítið farið fyrir faglegri umræðu um þetta efni og flestir virðast halda að verið sé að tala um fallbyssur þegar þessi mál ber á góma. Málið er hins vegar mikilvægt og kemur

íslenskukennurum við. Hvernig er íslensk bókmenntasaga sögð og hvernig takast menn á um gildi bókmennta? Hvað köllum við *íslenska bókmenntasögu*? Hvað er ‚íslenskt‘, hvað eru ‚bókmenntir‘ og hvað er ‚saga‘?

Það sem íslenskt er

Það er enginn vafi að hugmyndir okkar um það hvað er íslenskt hafa fram að þessu ráðið miklu um það hvaða bókmenntir við teljum mikilvægar og kennum í skólum. Að þessu leyti er líklega hægt að tala um nokkra sérstöðu íslenskrar menningar. Hugmyndir okkar um sjálfstæða Þjóð og Þjóðerni hafa að vænum hluta byggst á þeim merku og sérstöku miðaldabókmenntum sem við eigum á okkar eigin tungumáli sem enginn annar skilur. Það má með góðum rökum segja að einmitt þessi sérstaða hafi ýtt undir skáld og bókmenntir á 19. öld og stuðlað að því að við ímynduðum okkur miklu lengur en aðrar Þjóðir að land Þjóð og tunga væri þrenning sönn og ein og sumir halda það jafnvel enn þann dag í dag! Bókmenntir fengu afar sérstaka stöðu í sjálfstæðisbaráttunni og halda henni að mörgu leyti enn og það greinir okkur frá nágrannarþjóðunum. Bókmenntasaga þeirra á að sjálfsgöðu líka rætur í Þjóðernishugmyndum og Þjóðarbyggingu rómantíska tímabilsins á nítjándu öldinni. Danir fengu til dæmis borgaralega stjórnarskrá 1849 og árin þar á undan eru kölluð gullöld í dönskum bókmenntum. Þá blómstruðu skáld eins og Adam Oehlenschläger og síðar H. C. Andersen. Oehlenschläger var heiðraður með lárviðarsveig og kallaður Adam meðal skálda. Meðal frægustu kvæða hans var kvæðið um gullhornin sem fundust úti á akri með rúnalettri og hornin og hin glæsta fortíð Dana voru yrkisefnið í þessu kvæði. Það kvæði var um fortíðina en Íslendingasögurnar okkar voru sjálf fortíðin á bók. Það var engin furða þó að þær væru útnefndar sem íslenskari en allt sem íslenskt er. Handritin urðu Þjóðernis og Þjóðartákn og Danir komu siglandi með þau á herskipi og sögðu: „Værságod, Flatdöbogen“ þegar þeir slengdu handritapakkanum í fangið á Gylfa Þ. Gíslasyni, þáverandi menntamálaráðherra. Eins og allir vita hefur fjarað mjög undan virðingu og vinsældum Þjóðernishyggu vegna þeirra voða-

verka sem unnin voru í hennar nafni á tuttugustu öld. Það bætir hins vegar ekki úr skák að hrópa niður alla umræðu um mikilvægi sögu og menningar þjóða og þá ábyrgð sem menningararfurinn leggur okkur á herðar, á þeim forsendum að þjóðremba sé neikvæð og að íslenskt samfélag sé óðum að verða fjölpjódlegt.

„Ein saga er geymd . . .“

Við höfum nú aðeins talað um hvað sé íslenskt og skulum víkja að sögunni. Það er hægt að segja bókmenntasögur á marga og mismunandi vegu. Það er alltaf einhver sem velur og ákveður hvað skiptir máli og hvaða bókmenntir verða útvaldar.

Hér á Íslandi hafa verið skrifaðar nokkrar bókmenntasögur og þær segja sína sögu ef svo mætti segja. Frá 1915–16 er Bókmenntasaga Jónasar frá Hríflu. Í þeirri bók rann Íslandssagan eiginlega saman við bókmenntirnar. Þar voru kaflar úr Íslendingasögum endursagðir eins og um heilög sannindi væri að ræða og hetjuskapur Gunnars á Hlíðarenda varð hetjuskapur okkar sem þetta land byggjum. Árið 1924 kom Sýnisbók íslenskra bókmennta og grein Sigurðar Nordal um samhengið í íslenskum bókmenntum. Meginbreytingin þar er sú að nú er það ekki hetjuskapur Gunnars á Hlíðarenda sem ræður örlögum okkar, heldur snilld höfunda Íslendingasagna. Okkur dreymir um að verða gáfuð stórskald en ekki stríðsgarpar, blóðugir upp að öxlum.

Kristinn E. Andrésson skrifaði bókmenntasögu sem kom út árið 1949. Þar hefur vitundin um andstæðu stéttanna unnið nokkurt svæði af vitneskju okkar um þjóðernið og nú er krafist réttar fyrir bókmenntir sem taka upp réttlætismál. Félagslegt réttlæti lætur að sér kveða í viðhorfi til bókmennta og reyndar varð það mikið áhyggjuefni hægri manna drjúgan hluta tuttugustu aldarinnar. Vinstri menn náðu fantataki á menningunni og það var andstætt öðrum valdahlutföllum í samfélaginu. Félagslegt réttlæti og sósíalísk hugsjón einkenndi bæði val Kristins E. Andréssonar á bókmenntum og mat hans á þeim. Hinn marxíski lestur gekk að miklu leyti út á það hvort menn sæju stéttaandstæðurnar og viðurkenndu bágt ástand þeirra sem áttu undir högg að sækja. Sú bókmenntasaga var um margt fyrsta bókmenntasagan sem dró engan dul á erindi sitt og hún var gagnrýnd mjög fyrir það og talin pólitísk en í því fólst gjarnan að eldri bókmenntasögurnar voru ekki taldar vera það.

Eftir að herinn kemur 1945 og peningar streyma inn í

landið skerpast þessar stéttaandstæður og jafnframt eykst skynbragð manna á það hve margar hliðstæður Ísland á sér í umheiminum.

Bókmenntasaga Stefáns Einarssonar kom árið 1960. Þar virðist helsta markmiðið vera að taka allt með. Bókin er gríðarleg upptalning á höfundum og ritverkum og grunnhugsunin virðist vera sú að starf rithöfundarins sé merkilegt starf. Ef til vill mótast þessi bók af svo kallaðri hlutleysiskröfu kalda stríðsins, sem í reynd var krafa um skoðanaleysi og það sem nú til dags er kallað þöggun. Á árunum 1992–2006 kom svo út bókmenntasaga Máls og menningar í fimm bindum. Mikið rit og völdugt og tekur mið af því hvernig bókmenntir eru kenndar í háskólum nú til dags. Þess vegna hefur hún verið gagnrýnd nokkuð því handhafar sannleikans eru margir eins og við vitum – ekki síst þegar kemur að sannleikanum um það hvernig beri að kenna bókmenntir. Jafnframt hafa menn gjarnan á síðari árum haft horn í síðu hins einfalda sannleika.

Sannleikurinn er ekkert spaug

Það er flestum ljóst orðið að allar bókmenntasögur eiga eitthvert pólitískt erindi, hvort sem það er þjóðernislegt eða sósíalískt eða eitthvað annað. Sá eða þau sem skrifa bókmenntasögu á hverjum tíma ákveða jafnframt hvaða bókmenntir og höfundar skipti máli og þar með hver menningararfur okkar eigi að vera og þar með hinar útvöldu bókmenntir. Það er ekkert smáræðis vald og yfirleitt er valið ekki rökstutt – eða rökstyður sig sjálft. Talað er um bestu bækurnar í bókmenntasögunni og þær eru í bókmenntasögunni af því að þær eru bestar – og ekki orð um það meira. Skilgreiningarnar verða „náttúrulegar“ og hagsmunirnir „eðlilegir“ sem liggja matinu til grundvallar. Slíku má ekki taka með þegjandi þögninni.

Tuttugasta öldin er almennt talin einkennast af öfgum og miklum breytingum. Þá tekur hinn viðurkenndi sannleiki hverja kollsteypu af annarri og það hafði mikil áhrif á hinar útvöldu bókmenntir, víðs vegar um heiminn og hérna heima líka. Sovétríkin reyndust skýrt dæmi um ógnarstjórn og Bandaríkin spillingarbæli sem hefur meira að segja á þessu ári orðið uppvíst að pyndingum og mannréttindabrotum. Öll bókmenntaverk með dýrkun á þessum löndum og þeirri hugmyndafræði sem þar gilti sukku eins og steinn. Viðhorf til kvenna tók mikla kollsteypu á þessari öld og skyndilega var ekki nóg með að virðuleg bókmenntaverk yrðu að

■ Það er flestum ljóst orðið að allar bókmenntasögur eiga eitthvert pólitískt erindi, hvort sem það er þjóðernislegt eða sósíalískt eða eitthvað annað.

athlægi vegna kvenmynda sinna, – heldur kröfðust femínískir bókmenntafræðingar þess að haldið væri fram jafnmörgum bókum eftir konur og karla og vildu að konum væri lýst eins og manneskjum. Femínistar og aðrir róttæklingar bentu á að í bókmenntasögunum væru ekki konur, ekki börn, ekki fátæklingar og eftir stæðu eiginlega bara nokkrir sýslumenn og drykkjurútar. Svárið við þessum handónýtu bókmenntasögum var að skrifa nýjar og skrifaðar voru kvenna-bókmenntasögur, barnabókmenntasögur og gefin út áður óbirt rit eftir alþýðufólk. Vonin var sú að allt þetta rynni saman í nýja og betri bókmenntasögu eða „kanónu“ sem tæki mið af öllum.

Í kringum 1995 braust út mikið kanónustríð í Bandaríkjunum og endurómáði víða þegar Harold Bloom og fylgismenn hans sögðu að nú væri nóg talað um konur, börn og svarta í bókmenntasögunni – Shakespeare og Milton væru orðnir hornrekur og þetta gengi ekki lengur! Í kjölfarið komu fram ýmsar hugmyndir um að dagar hinna þjóðlegu kanóna væru liðnir og við þyrftum að hafa heiminn allan undir. Menn ræddu líka margt viturlegt um það hvernig ætti að skilgreina bókmenntir – hvort fagbókmenntir eins og esseyjur sem hefðu mögulega haft mjög mikil menningarleg áhrif ættu ekki fullan þegnrétt í kanónunni. Um þetta skrifaði Norðmaðurinn Trond Berg Eriksen ágæta bók sem heitir *Nordmenns nistepakke!*

Síðasta kanónustríðið hefur komið upp á allra síðustu árum og þar stíga fram póstmóðernistar sem segja að tími bókmenntasagna sé liðinn – kanónan sem fyrirbæri eigi engan rétt á sér lengur. Það sé alls ekki hægt að skylda alla til að lesa sömu ritin – menn verði að fá að velja sjálfir og búa til sína sögu sjálfir og svárið sé að búa til lista- eða bókmenntasögur byggðar upp eins og alfræðibækur, þ.e. efnisatriði í stafrófsröð sem kennarar og lesendur geti valið úr það sem þeir vilji. Margir þeirra sem þannig tala virðast vita vel hvað er ómögulegt og hvað eigi ekki að vera í bókmenntasögum og hvers vegna. Hins vegar verður fátt um svör þegar kemur að því hvað eigi að koma í staðinn. Bókmenntasaga byggir alltaf á úrvali – líka þó að hún sé í orðabókarformi. Þeir sem skrifa bókmenntasöguna verða hins vegar að sýna spilin sín og gera lesandanum ljóst hvernig er valið og hvers vegna. Ekki væri nú verra að vísa á allt hitt sem hefði verið hægt að velja. Ég held satt að segja að aldrei hafi verið nauðsynlegra en nú að ræða um og búa til bókmenntasögur sem handbækur og kennslubækur fyrir

skóla. Um leið held ég að við verðum að svara kalli tímans og vikka út umdæmi bókmenntasögunnar og taka inn í hana ný form menningarlegrar tjáningar og nýrra fjölmiðla. Þetta má vel gera þannig að hvað styrki annað. Bókmenntirnar eru alltaf viðbrögð við samtíma og þannig úrvals aðgangur að fortíðinni. Í þeim er mikið mannlíf, fögur tjáning og miklar tilfinningar genginna tíma. Bókmenntirnar eru líka einstakur aðgangur að sögu tungumálsins, orðaforða og listrænni meðferð. Við verðum áreiðanlega aldrei sammála um hvað séu bestu bókmenntirnar og hverjar eigi að vera í einhvers konar lágmarks-kanónu sem við viljum að íslensk börn þekki, hvort sem þau eru af íslenskum eða erlendum uppruna – það skiptir ekki máli. Eiginlega finnst mér að þá bókmenntasögu eigi að segja af sama fjöri og einlægni og Jónas frá Hriflu, hún eigi að sýna samhengið í íslenskum bókmenntum, aðhyllast félagslegt réttlæti og jöfnuð og taka mið af því hvernig bókmenntir eru kenndar í háskólum.

Þetta þurfum við og verðum að ræða og við megum ekki láta það dankast eða taka upp einhvers konar neytenda- og kjörbúðahugarfar í því hvernig menntun næstu kynslóða í íslensku máli og bókmenntum verður varið.

- *Höfundur er dósent í íslensku við menntavísindasvið Háskóla Íslands.*

LEIÐRÉTTING

Í síðustu Skímu var rangt farið með starfsheiti Bjarkar Einisdóttur. Hún er **framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra en ekki formaður samtakanna**. Því embætti gegnir Sjöfn Þórðardóttir. Er beðist velvirðingar á þessum mistökum.



Skref FYRIR skref

Í ÁTTINA AÐ ÆPREPASKIPTRI OG HÆFNISMIÐAÐRI NÁMSKRÁ Í ÍSLENSKU FYRIR FRAMHALDSSKÓLA

Í október 2008 voru myndaðir vinnuhópar á vegum menntamálaráðuneytis til að „gera atlögu að því verkefni að skilgreina hvaða þekkingu, færni og hæfni nemandi skuli búa yfir að loknu námi í íslensku, stærðfræði og erlendu máli á þrepi 1, 2 og 3 miðað við fyrirbyggjandi drög að viðmiðunarramma um lokapróf á framhaldsskólastigi” eins og kvað á um í tölvupósti sem hópurinn fékk frá menntamálaráðuneyti þann 22. október. Íslenskuhópurinn skipuðu: Berglind Axelsdóttir FSn, Gísli Skúlason FSu, Halla Kjartansdóttir MS, Ingi Björg Axelsdóttir Kvennaskólanum og Sigríður Sigurjónsdóttir HÍ. Fulltrúar framhaldsskólanna í hópnum voru útnefndir af viðkomandi skólameisturum og var það liður í þeirri þróunarvinnu sem þegar er farin af stað í skólunum til aðlögunar nýju framhaldsskólalögunum.

Vinnan hófst með kynningarfundum í ráðuneytinu 29. október þar sem hóparnir fengu í hendur drög að heildarramma þrepaskiptra lokamarkmiða eða lærdómsviðmiða (Learnig outcomes) sem menntamálaráðuneytið hyggst gefa út til leiðbeiningar fyrir námskrágerð í framhaldsskólum. Þar voru lykilhugtökin þekking, færni og hæfni skilgreind enda gert ráð fyrir að í nýjum námskrám verði megináhersla á að skilgreina lokahæfnismarkmið bæði í einstökum námsgreinum og á einstökum námsbrautum. Í þeim drögum sem hópurinn fékk í hendur voru hugtökin skilgreind með eftirfarandi hætti:

- Þekking** er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.
- Færni** er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum og verklagi.
- Hæfni** felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og færni.

Nokkur umræða skapaðist um skilgreiningu á þessum hugtökum en hér er um þýðingu að ræða á ensku hugtökunum knowledge, skills, competence sem eru lykilhugtök í European Qualifications Framework (EQF) sem er fyrirmyndin að viðmiðunarramma menntamálaráðuneytisins. Hópurinn þurfti að tileinka sér þessi lykilhugtök sem útgangspunktur í námskrárvinnunni ásamt því að hugsa námskrána út frá þrepum þar sem gert er ráð fyrir stig- mæðgun í þekkingu, færni og hæfni nemandans eftir því sem lengra dregur í náminu. Umræða skapaðist á fyrsta sam- eiginlegum fundi hópanna um það að nemendur í framhalds- skóla væru langflestir komnir á 2. þrep í íslensku þegar þeir innrituðust. Námið í íslensku á framhaldsskólastigi færi því að mestu leyti fram á 2. og 3. þrepi og er jafnvel gert ráð fyrir að einhver sérhæfður hluti námsins geti farið upp á 4. þrep. 1. þrepið miðaðist við að skilgreina hæfni við lok grunnskólans, sem þýðir að í framhaldsskólanum miðast það þrep einkum við þá nemendur sem ekki hafa lokið grunnskóla með viðunandi árangri (fornám, núlláfangar).

Hópurinn aflaði sér fanga úr ýmsum áttum áður en hann hófst handa. Þar ber fyrst að nefna evrópsku tungumála- möppuna sem skilgreinir þrepaskipt hæfnismarkmið í tungumálanámi. Einnig skoðaði hópurinn nokkrar námskrár sem ganga út frá þrepaskiptum hæfnismarkmiðum s.s. norsku námskrána fyrir framhaldsskóla, skosku grunnskóla- námskrána og svo kanadískan viðmiðunarramma náms- markmiða í tungumálanámi (Canadian Language Bench- marks). Síðast en ekki síst skoðaði hópurinn fyrirbyggjandi drög að nýrri námskrá fyrir íslensku frá árinu 2005.

Hópurinn ákvað að byrja á því að skilgreina fjóra efnisflokka í íslenskunáminu til að halda þræðinum við námskrána frá 1999 og drögin frá 2005 og til að tryggja að þessum hefð-

bundnu efnisflokkum yrði áfram haldið til haga þótt námsmarkmið væru nú hæfnismiðuð en ekki inntaksmiðuð eins og í fyrri námskrám. Efnisflokkarnir urðu eftirfarandi: **Ritun og málfærni, tjáning og samskipti, læsi og bókmenntir** og svo **málfræði**. Til þess að auðvelda yfirsýn inntaksins í hverjum efnisflokki fyrir sig ákvað hópurinn að skipta hverjum flokki niður í áherslupætti, t.d. skiptist flokkurinn „tjáning og samskipti“ niður í „frásög“ , „frásög“, „hlustun“ og „umræður“. Meginefnisflokkunum fjórum var svo skipt niður í þrepaskipt þekkingar-, færni- og hæfnismarkmið. Þegar kom að því að greina á milli þekkingar, færni og hæfni gekk það misvel eftir efnisflokkum en þekkingarmarkmiðin reyndust yfirgnæfandi í flokknum „málfræði“ en ekki eins skýrt afmörkuð í hinum efnisflokkunum þar sem þekkingin reyndist oft og tíðum undirliggjandi og samofin hæfnisviðmiðunum.

Eftir því sem á þessa vinnu leið fann hópurinn fyrir því hve erfiðlega gekk að gera greinarmun á hugtökunum færni og hæfni þar sem samkvæmt íslenskri málvenju er ekki skýr merkingarmunur á þessum hugtökunum. Í *Íslenskri orðabók* eru þessi tvö hugtök jafnvel skýrð hvort með öðru. Þar kemur t.d. fram að orðið *færni* merki „það að vera fær.“ En lýsingarorðið *fær* er skilgreint þannig: „...sá sem getur margt, duglegur, sterkur; hæfileikamikill. Hugtakið *Hæfni* er aftur á móti skilgreint sem „hæfileiki, færni ...“ Og sá sem er *hæfur* er þá skilgreindur sem sá sem er „...fær, sem hefur getu til e-s...“. Hugtökin höfðu því tilhneigingu til að renna saman og í þeim drögum sem hópurinn skilaði af sér var ekki alltaf skýr greinarmunur gerður þarna á milli. Þegar þetta er ritað er hugtakanotkunin í dálitilli óvissu af þessum sökum og sú hugmynd hefur komið upp að nota hugtakið „leikni“ í stað „færni“ en þar er þó sami merkingarárekskurinn á ferðinni svo ekki er víst að það leysi málið.

Kannski þurfa menn aðeins að venjast þessum skilgreiningum og láta tímann um að skapa hugtökunum sess innan námskráurræðunnar enda byggir námskrárvinnan öðru fremur á því að greiða nýjum hugtakaforða leið.

Hópurinn fékk mjög knappan tíma til að vinna þessa vinnu (einn og hálfan mánuð í kvöld- og helgarvinnu) en ráðuneytið kallaði hópana í kjarnagreinunum til starfa 29. október og áttu þeir að kynna ráðuneytinu vinnu sína 10. desember en fengu svo frest til 15. janúar til að fínþússa endanlegu drögin og senda frá sér greinargerð um vinnuna. Í greinargerðinni sem hópurinn sendi frá sér 14. janúar voru þessi varnaðarorð viðhöfð:

„Námskrárvinna hér á landi einkennist gjarnan af tvennu; annars vegar miklum hringlandahætti stjórnvalda sem kasta námskrám án sýnilegs tilgangs, jafnvel áður en þær eru al-

mennilega komnar til framkvæmda, og hins vegar þeirri undarlegu trú að Íslendingar geti unnið námskrár á mun skemmri tíma en aðrir, í aukavinnu og með nánast engum kostnaði. Þessir annmarkar eru enn við lýði í nýjstu námskrárvinnunni. Þrátt fyrir það er von okkar sem í íslenskuhópnum störfuðum að stjórnvöld reyni nú að læra af reynslu annarra þjóða og rasi ekki um ráð fram. Ef þess er gætt að beita lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa sem breiðasta sátt um nýja námskrá eru við sannfærð um að hún geti bætt nám og kennslu í íslenskum framhaldsskólum og skilað hæfari þegnum út í samfélagið.“

Hér eru birt nokkur sýnishorn af þeim drögum sem hópurinn skilaði formlega af sér þann 15. janúar.

| Málfræði | | | |
|---------------------------|--|--|---|
| MARKMIÐ AÐ NEMANDINN GETI | | | |
| Orðflokkar | Þrep 1 | Þrep 2 | Þrep 3 |
| Orðflokkar | Þekkt beygingarleg og merkingarleg einkenni helstu orðflokka. | Greint beygingarleg og merkingarleg einkenni allra orðflokka og þekkt setningarleg einkenni helstu orðflokka. | Greint beygingarleg, merkingarleg og setningarleg einkenni allra orðflokka og geti notað sér þá þekkingu við greiningu texta, ritna, stafræðinga, o.s.f. |
| Hljóð og hljóðkerfi | Sýnt þekkingu á myndun hljóða í íslensku og hafi áttá sig á að framburður getur verið skjór og óskjór. | Sýnt þekkingu á framburði íslenskrar tungu og hafi kynnt helstu framburðarmállyskum í íslensku. | Sýnt þekkingu á séreinkennum íslenska hljóðkerfisins og þekkt helstu framburðarbrigði og þróun þeirra. |
| Orðaröð | Þekkt grundvallarorðaröð í íslensku. | Þekkt grundvallarorðaröð í íslensku og áttá sig á helstu tilbrigðum við hana. | Þekkt grundvallarorðaröð í íslensku, áttá sig á helstu tilbrigðum og öllum setningagerðum. |
| Málsaga | Sýnt þekkingu á tengslum íslensku við önnur mál. | Sýnt þekkingu á skyldleika íslensku við önnur mál og þekkt helstu tungumálsáttir í Evrópu. | Sýnt þekkingu á sögu og þróun íslenskrar tungu og geti greint þá þætti sem hafa áhrif á þróun tungunnar. |
| Tilbrigði | Sýnt þekkingu á að lífandi tungumál breytast alltaf. | Sýnt þekkingu á staðbundnum og aldurstengdum tilbrigðum í framburði, orðforða og málnotkun. | Sýnt þekkingu á því að málnotkun er mismunandi eftir aldri manna og uppruna, og þekkt viðbrögðum hugtökum íslenskrar málfæru, eins og rétt og rangt í máli, gætt og vont, viðeigandi og viðeigandi, til þess að meta eigið málfrá og annarra. |
| Gildi | Skilið gildi þess fyrir einstaklinginn að hafa góð tök á íslensku máli og fjölbreyttar orðforða. | Skilið gildi þess fyrir einstaklinginn og menningu fjölbreyttar málnotkunar hafi góð tök á íslensku máli og fjölbreyttar orðforða. | Skilið sögulegt og menningarlegt gildi þess að efla og varðveita íslenskt mál. |
| Umræða um tungumál | Þekkt algengustu hugtökum í málfræði í umræðum um notkun málsins. | Þekkt málfræðihugtökum í umræðum um mál og málnotkun. | Þekkt öllum helstu málfræðihugtökum af leikni í umræðum um mál og þróun þess. |
| Málanám | Tengt algengustu hugtök í málfræði við erlend tungumál. | Nýtt sér grundhugtök í málfræði við nám í erlendum tungumálum. | Nýtt sér öll helstu málfræðihugtök við nám í erlendum tungumálum. |
| Mat | Áttá sig á megináttaknum íslenskrar tungu til að efla og öðlast trú á eigin málfærni. | Þekkt þekkingu síni á megináttaknum íslensks málfæris til að greina og efla eigin málfærni. | Þekkt þekkingu síni á íslenska málfæru til að leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra. |
| Sköpun | Notað sköpunarmátt íslenskunnar til að leika sér með tungumálið. | Nýtt sér sköpunarmátt íslenskunnar, til dæmis í orðleikjum, sönglögum og við nýrrásmál. | Nýtt sér sköpunarmátt og fjölbreytka tungumálsins í námi og starfi. |
| Notkun hjálpargagna | Nýtt sér helstu upplýsingar í íslenskum orðabókum og orðasöfum. | Nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í helstu handbókum og hjálpargögnum um íslensku. | Nýtt sér skilgreiningar og málfræðilegar upplýsingar um tungumál í ýms konar uppliftrinum og hjálpargögnum. |

Á námskeiði um námskráargerð sem menntamálaráðuneytið hélt í samvinnu við Endurmenntunarföfnun Háskólans og fór af stað í lok janúar voru drög að námskrám í kjarnagreinum kynnt. Þá reyndist búið að gjörbreyta þeim drögum sem hópurinn sendi frá sér 15. janúar, hrært hafði verið upp í efnisþáttum, texta þjappað saman, ákveðnum efnisatriðum sleppt alveg og þröngvað inn hugtakaforða úr viðmiðunaramma ráðuneytisins án alls samráðs við hópinn. Við blasti hráskamið og af viðbrögðum kennara á námskeiðinu að dæma voru námskrárrögin nánast óskiljanlegur óskapnaður. Nokkrir kennarar af námskeiðinu höfðu samband við fulltrúa hópsins og óskuðu eftir frekari skýringum og stjórn

| Ritun og málfærni MARKMIÐ AÐ NEMANDINN GETI | | | |
|--|--|---|---|
| | Þrep 1 | Þrep 2 | Þrep 3 |
| | Sýnt fram á þekkingu á stafsetningar- og greinamerkjareglum. Sýnt fram á þekkingu á grunnhugtökum í ritgerðasmið. | Sýnt fram á þekkingu á helstu hugtökum í ritgerðasmið. | Sýnt fram á þekkingu á hugtökum í ritgerðasmið og heimildavinnu. |
| Texti, samhengi | Skrifað samfelldan texta og ritgerðir um sléttu efni. | Skrifað skýran og greinargóðan texta af tiltekinni lengd og komið staðnum sínum þannig á framfæri. | Skrifað skýran og greinargóðan texta um flókna viðfangsefni þannig að hann hafi tilfinnu hverju sinni. |
| Tegundir texta | Skrifað ýmsar tegundir nytjatekta, svo sem bréf, umsóknir, fréttir, ritdóma, mannfýsingar, útdráttir o.þ.h. | Skrifað rökfarsluriterðir þar sem rök með og á móti ákveðnu málefni eru vegin og metin og niðurstaða sett fram. | Skrifað heimildariterðir þar sem blandað er saman efni úr heimildum og eigin úrvinnslu, hugmyndum og afstöðu til efnsins. |
| Bygging | Byggt upp og mótað málsgreinar með einföldu setningagerð ásamt því að fylgja helstu málfræði- og stafsetningareglum. | Byggt upp skipulegar málsgreinar þannig að úr verði skýrt og blæbrigðisríkt mál. | Byggt upp knappar jafnt sem flókna málsgreinar svo úr verði skýrt og blæbrigðisríkt mál. Byggt upp efnisgreinar af öryggi, jafnvel þótt viðfangsefni sé flókið. |
| Frágangur ritaðs máls | Notað aðgengileg hjálpargögn, svo sem leiðréttingarforrit og orðabækur, til að bæta eigin texta. | Notað hjálpargögn til að prófarkalesa og leiðrétta eigin texta og annarra. Sýnt nokkra færni í frágangi ritamiða þar sem notast er við heimildir. | Prófarkalesið eigin texta og annarra af öryggi og nýtt sér uppbyggilega gagnnýta annarra til að bæta texta. Sýnt að þar hafi dölust öryggi í frágangi heimildariterða, t.d. frágangi heimsa og óheimsa tilvísana, tilvísana og heimildaskrár. |
| Orðaforði | Notað tilbrigði í orðavali og orðtiltökjum. | Beitt hlutgæva orðavali og hugtökum af öryggi og haft í heiði málvenjur sem hafa aðstæðum hverju sinni. | Notað fjölbreyttan orðaforða sem hefur viðfangsefni hverju sinni þannig að merking textans verði skýr og nákvæm. |
| Stíll og málfærni | Gert greinarnum á talmáli, ritmáli og rafmáli í skrifum sínum og beitt tungumálinu þannig að það hafi aðstæðum hverju sinni. | Notað talverð tilbrigði í rituðu máli eftir því hvers eðlis textinn er og hverjar aðstæður eru hverju sinni. | Valið viðeigandi ritstíl og framsæningu eftir því hvaða lesendahópi og aðstæðum ritstílinn er ætlað. |
| Sköpun | Samtöðubundin ljóð, stuttar sögur eða útdráttir sem fylla samkeppni, upplifing eða tilfinningu. | Unnið skapandi verkefni í tengslum við námsmálið t.d. í bókmenntum og komið því á framfæri á frumlegan og fjölbreytlegan hátt. | Skrifað skýrar, vel uppbyggðar og góðsniðnar þýðingar, leikrit, sögur eða ljóð af stílleikni. |
| Upplýsingar | | Gert sér grein fyrir mismunandi áhrifum á... | Meðhöndlað mismunandi... |

<http://www.nymenntastefna.is/Namskrargerð/Namskrargerð/> en lesendur Skímu sjá að kynningarútgáfa ráðuneytisins er verulega á skjön við fyrstu drög námskrárhópsins sem birt eru hér. Þegar þessi staða var komin upp brást hópurinn hart við og sendi Björgu Pétursdóttur, sem stýrir þessari vinnu af hálfu menntamálaráðuneytisins, eftirfarandi ályktun 5. febrúar:

Ályktun frá hópi sem vann að því að útfæra þrepaskipt hæfnimarkmið námskrár í íslensku fyrir menntamálaráðuneytið

„Hópur sem vann drög að þrepaskiptum hæfnismarkmiðum í íslensku fyrir menntamálaráðuneytið álitur þau drög sem ráðuneytið hefur nú endurnið og sent til kynningar verulega á skjön við niðurstöðu hópsins. Hugtakanotkun er að okkar mati óskýr, orðalag óþjálmt og endurtekningasamt og samhengi rofið. Efnisþáttum sem tengjast læsi og bókmenntum úr þeim drögum sem hópurinn skilaði hefur nánast verið úthýst. Hópurinn sem vann að frumdrögum þrepaskiptingar fyrir ráðuneytið kærir sig ekki um að svara fyrir þessa útgáfu á neinum vettvangi enda var ekkert samráð haft við hann um þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á frumdrögum og lúta bæði að inntaki, hugtakanotkun og orðalagi.“

Eftir þetta fór ráðuneytið þess aftur á leit við hópinn að hann ynni drögin áfram með því að reyna að sameina efnisþætti eins og kostur er svo lokahæfnismarkmið geti orðið sem almennust og víðust og í sem mestu samræmi við viðmiðunarramma ráðuneytisins. Fulltrúar framhaldsskólanna í hópnum hafa fallist á að gera aðra atögu en þeirri vinnu er ekki lokið og hefur hópurinn fengið frest til 30. apríl til að skila af sér næstu tillögu.

Lesendur Skímu og allir íslenskukennarar eru hvattir til að kynna sér þessa vinnu nánar á heimasíðu menntamálaráðuneytisins www.nymenntastefna.is þar sem gert er ráð fyrir að fólk geti sent inn fyrirspurnir og athugasemdir.

*Fyrir hönd námskrárhópsins,
Halla Kjartansdóttir, kennslustjóri
í Menntaskólanum við Sund.*

| Læsi og bókmenntir MARKMIÐ AÐ NEMANDINN GETI | | | |
|---|--|--|---|
| | Þrep 1 | Þrep 2 | Þrep 3 |
| Lestur | Sýnt fram á þekkingu á mismunandi lestraraðferðum, t.d. hraðlestri, skimunar- og nákvæmnislestri. | Sýnt fram á þekkingu á völdum bókmenntaverkum og hlífundum. | Sýnt fram á þekkingu á helstu strauum og stefnum í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju. |
| Hugtök | Sýnt fram á þekkingu á algengustu hugtökum í bókmenntafræði. | Sýnt fram á þekkingu á grunnhugtökum í bókmenntafræði. | Sýnt fram á þekkingu á öllum helstu bókmenntahugtökum. |
| Læsi | Lesið sér til ínsægu og gagns stuttar sögur og frásagnar, fréttsæmi, fræðsla- eða menningarefni þar sem orðfærni er hvarfi sérlega flókið né frumandi og framsöngur er skýr. | Lesið flestar tegundir samtímabókmennta, t.d. smásögur, skáldsögur, ljóð, leikrit og frásagnar, s.s. frétir eða viðhorfsgrænar í blöðum. | Lesið allar gerðir ritaðs máls, s.s. fræðilega texta, handbækur, sérfræðigreinar og bókmenntaverk höfuskálda þrá ýmsum tímum. |
| | Greint lyklatríði (textum af ýmsu tagi, s.s. bréfum, bæklingum og opinberum skjölum). | Greint lyklatríði, andstæð sjónarmið og hlutgægni í fréttum og greina-skrifum. | Greint lyklatríði og andstæð sjónarmið í fræðilegum textum jafnt sem bókmenntaverkum frá ýmsum tímum. |
| | Skilið mikilvægar upplýsingar í opinberum gögnum. | Skilið margræðni tungumálsins og áttað sig á tengslum tungu og menningar. | Sýnt fram á hugtakaskýringu, orðfærni og menningarlausni að fornu og nýju. Notið þess að lesa flókna texta, bæði fræðilega og bókmenntir frá ýmsum tímum. |
| | Notið lesefnis af ýmsu tagi og efi þannig málsléttningu, menningarlausni, og orðafærni. | Notið þess að lesa og túlka ólíkar bókmenntategundir og átta sig á mismunandi formáttum, táknaði og stíl. | Sýnt fram á hugtakaskýringu, orðfærni og menningarlausni að fornu og nýju. Notið þess að lesa flókna texta, bæði fræðilega og bókmenntir frá ýmsum tímum. |
| Túlkun og mat | Fylgst með atburðarás og greint sjónarhorn og persónur í bókmenntum. | Áttað sig á og gert grein fyrir meginhugmyndum eða formeiðum bókmenntaverka, aðalatriðum í fréttum eða bláðgreinum. | Áttað sig á félagslegu, sögulegu eða pólitísku samhengi í bókmenntaverkum frá ýmsum tímum. |
| | Túlkað og meðið atburðarás og persónur í bókmenntum og öðrum frásögnum. | Túlkað og meðið viðhorf sem fram koma í bókmenntaverkum. | Beitt gagnrýnni hugsun við lestur og úrvinnslu og náð ákveðnum boðskap og hugmyndum. |
| | | Túlkað og meðið greinar og skýrslur þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir koma fram. | Túlkað og borið saman hvers kyns bókmenntir af leikni og sett þær í sögulegt samhengi. |
| | | | Túlkað og meðið nákvæm og flókna opinber gögn, s.s. lagalega samninga af ýmsu tagi. |

FÍF kallaði ennfremur á fulltrúa úr hópnum á fund til að fá nánari upplýsingar um hvernig þessari vinnu hefði verið háttað.

Þá útgáfu af námskrárdrögum sem kynnt var á námskeiðinu má nálgast á síðu menntamálaráðuneytisins;

Hefurðu skoðað heimasíðu Samtaka móðurmálkennara nýlega?

ki.is/sm

María Anna Garðarsdóttir

Íslenskukennari við Háskóla Íslands

Af hverju ákvæðst þú að verða íslenskukennari?

Það var ekki meðvituð ákvörðun mín að fara að kenna útlendingum íslensku. Í byrjun sinni ég þessu starfi sem stundakennari meðfram námi í málfræði við Háskóla Íslands. En ástæðan fyrir því að ég sinni þessu starfi ennþá nú rúmlega 17 árum síðar er sú að starfið hentar mér einstaklega vel. Ég fékk smám saman mikinn áhuga bæði á því að kynna mér kennslufræði annars máls og líka á fræðigreinininni um tileinkun annars máls.

Að kenna útlendingum íslensku krefst að sjálfsögðu sérfræðiþekkingar á íslensku máli og almennri kennslufræði en kennarinn þarf líka að setja sig inn í og hafa grundvallarþekkingu á því hvað það er að tileinka sér nýtt tungumál og hafa einhverja nasasjón af því hvaða erfiðleikum fólk getur mætt sem kemur inn í nýtt samfélag og menningu. Að þessu leyti er staða kennara í íslensku sem öðru máli önnur en staða móðurmálskennarans.

Móðurmálskennarinn getur glætt áhuga nemenda sinna á landi, þjóð og tungu á móðurmáli þeirra og í því umhverfi sem sjálfsmynd þeirra hefur mótast allt frá fæðingu. Annarsmálskennarinn hefur í raun og veru ekkert slíkt tungumál til þess að styðjast við í byrjun og þarf sömuleiðis að geta mætt „frústrasjónum“ sem koma upp þegar ný sjálfsmynd mótast í nýju landi og í nýju tungumáli. Annarsmálskennarinn fær það verkefni í byrjun að fá eitt og eitt orð á stangli út úr nemandanum og verður að vega það og meta hvenær tjáningin skiptir höfuðmáli eða hvenær nákvæmnin og þekkingin á málkerfinu sjálfu kemur nemendunum til góða.

Byrjendakennsla í íslensku krefst sérstaklega mikillar þolinmæði af hálfu kennarans og sömuleiðis hugmyndaauðgi. Hvernig gerir kennarinn sig skiljanlegan og hvernig fær hann nemendurna til að tjá sig? Allir sem fengist hafa við kennslu í íslensku fyrir útlendinga síðastliðin tuttugu ár eru brautryðjendur í þessu starfi. Þeir hafa allir með tölu þurft að spreyta sig á námsefnisgerð um leið og þeir hafa kynnt sér aðferðir kennara í öðrum tungumálum.

Hvað finnst þér jákvæðast við starfið þitt?

Námsefnisgerð er eitt af þeim skemmtilegri verkefnum sem ég hef tekist á við í mínu starfi. Þar reynir á að finna einfaldar lausnir og aðferðir til að nemandinn geti tekið lítið skref í einu og tjáð sig á einfaldan hátt á nýju máli.

Hverju vildir þú helst breyta í starfi þínu?

Þær breytingar sem ég myndi helst vilja sjá í þessu starfi eru þær að kennarar framtíðarinnar í íslensku fyrir erlenda stúdenta fengju góða leiðsögn, t.d. þriggja ára BA-nám, í faginu áður en þeir færu að kenna og hefðu aðgang að fjölbreyttum námsgögnum þannig að þeir þyrftu ekki meðfram starfi sínu að finna upp hjólið hver í sínu

horni. Fagið er ungt hér á landi en við það hafa starfað margir áhugasamir og ákafir kennarar. Reynsla þeirra og efni sem liggur eftir þá verður mikilvægt framlag fyrir öflugt kennaranám sem verður án efa sett á laggimar hér við Háskóla Íslands á næstu árum og þá vonandi í góðu samstarfi íslenskudeildar og menntavísindasviðs.

Það jákvæðasta sem mér finnst við starfið er að nemendahópurinn er einstakur. Kennarinn mætir ekki aðeins fjölmörgum ólíkum einstaklingum heldur einnig ólíkum menningarheimum. Þetta er ómetanlegt starf að þessu leyti, að vera í stöðugum samskiptum við manneskjur sem gera allt til þess að mynda tengsl í nýju félagslegu samhengi og þar gegnir kennarinn að sjálfsögðu miklu hlutverki. Kennarinn þarf að geta horfst í augu við fordóma sína og takast á við þá erfiðleika sem upp koma þegar málneminn höndlar ekki nýjar aðstæður og lætur það bitna á afstöðu sinni til tungumálsins. Hann þarf að geta myndað hæfileg persónuleg tengsl við nemendur sína án þess þó að taka mikilvægi sitt of alvarlega. Þetta er það jákvæðasta sem mér finnst við starfið; málfræði í persónulegu samhengi.

Hvaða góð ráð átt þú handa öðrum íslenskukennurum?

Eitt gott ráð sem ég á handa þeim sem eru að byrja að kenna útlendingum íslensku er að líta á það málkerfi sem málneminn notar hverju sinni sem fullkomið og lifandi kerfi sem hann notast við tímabundið. Þetta svokallaða millimál færir smátt og smátt nær þeirri hefðbundnu íslensku sem við þekkjum þó að það líti kannski aldrei sömu reglum og lögmálum og það kerfi sem við innfæddir notumst við. Ef við lítum á málfar málnemans sem tilbrigði frá hefðbundinni íslensku í stað þess að segja að hann tali vitlaust getur það aukið áhuga hans á að læra íslensku og hjálpað honum að ná lengra í málinu.



Finnur Friðriksson

lektor

í Háskólanum á Akureyri

Af hverju ákvaðst þú að verða íslenskukennari?

Sú ákvörðun var hálf í hvoru tekin fyrir mig. Vorið 2002 sá ég fram á að þurfa að verja drjúgum tíma á Íslandi vegna gagnasöfnunar fyrir doktorsverkefni mitt í almennum málvísindum sem ég vann við Gautaborgarháskóla í Svíþjóð. Þá lá beint við að bækistöðvar mínar yrðu á Akureyri, í mínum gamla heimabæ. Um þetta leyti var kennaradeild Háskólans á Akureyri að svipast um eftir kennara til að annast kennslu í tilteknum íslenskunámskeiðum og einhvern veginn hafði fólk þar pata af því að ég væri á heimleið og mér bauðst að taka að mér þessa kennslu. Ég ákvað að þiggja boðið og er skemmt frá því að segja ég starfa enn sem íslenskukennari við Háskólann á Akureyri. Ég kann enda afskaplega vel við mig í því starfi þótt ég geti tæpast sagst hafa stefnt sérstaklega að því að komast í það í upphafi.

Hvað finnst þér jákvæðast við starfið þitt?

Í fyrsta lagi þykir mér kennsla almennt gríðarlega skemmtilegt og gefandi starf, hvort svo sem um er að ræða íslenskukennslu eða aðra kennslu. Dagleg samskipti við nemendur eru yfirleitt afskaplega upplifgandi og gaman að heyra þeirra vangaveltur og hugmyndir. Sérstaklega er skemmtilegt að fylgjast með þeim þegar augu þeirra opnast fyrir nýjum hugmyndum og möguleikum í meðferð málsins og kennslu þess.

Í öðru lagi má segja að ég njóti ákveðinna forréttinda sem kennari við kennaradeild þar sem færri má rök fyrir því að ég ná þannig ákveðnum margfeldisáhrifum; takist mér að koma mínu efni bærillega frá mér til nemenda minna hér eru góðar líkur á því að þeir beri boðskapinn áfram inn í þá skóla þar sem þeir ráða sig til starfa að kennaranáminu loknu. Um leið magnar þetta auðvitað kröfur á mig um að ég vandi mig og komi efni mínu á framfæri á skýran og skilmerkilegan hátt.

Ég vil síður vera ástæða þess að einhver þvæla síst inn í skólakerfið.

Í þriðja lagi er rétt að geta þessa að starfsandinn hér í kennaradeildinni er hreinasta afbragð og andrúmsloftið afslappað og þægilegt. Ég er vissulega eini málfræðingurinn hér innanhúss en það eru gömul og ný sannindi að tungan er sameign okkar allra og samstarfsfólk mitt er ófeimið við að ræða eitt og annað henni tengt sem upp kemur í starfi þess.

Hverju vildir þú helst breyta í starfi þínu?

Eins og kannski má lesa úr því sem ég sagði hér fyrir ofan sé ég litla ástæðu til að krukka mikið í grunneðli kennarastarfsins. Hitt er þó annað að í ljósi mikilvægis íslensks máls sem undirstöðu sjálfsmyndar okkar Íslendinga og þeirrar áherslu sem lögð er á íslensku í skólakerfinu, bæði sem sjálfstætt fag og sem ákveðinn grunn fyrir nám almennt, sýnist mér fyllsta ástæða til að auka hlut hennar í kennaranáminu. Vonandi gefst auknið svigrúm til þess nú þegar tekið verður upp fimm ára kennaranám í stað hins eldra þriggja ára náms.

Hvaða góð ráð átt þú handa öðrum íslenskukennurum?

Í námi mínu sérhæfði ég mig í félagslegum málvísindum. Eitt grunnstef þeirra fræða er að athuga málnotkun og reyna á grunni hennar að átta sig á þeim mynstrum sem finna má í málinu. Mér þætti gaman að sjá þessari nálgun beitt oftast í íslenskukennslu (hér á ég þá fyrst og fremst við málfræðihliðina), en mér hefur lengi þótt andhverfa hennar heldur fyrirferðarmikil. Hér á

ég við að við einblinum of mikið á að dæla hugtökum og reglum (sem eru í sjálfu sér lítið annað en hefðir og venjur fremur en óhagganleg náttúruleg mál) í nemendur og ætlumst til þess að þeir verði góðir málnotendur á þeim grunni, án þess þó að eyða miklum tíma í að setja reglurnar í beint samhengi við málnotkunina. Ég líki þessu gjarnan við ökukennslu þar sem nemendur fá ökuskríteinið í hendur eftir að hafa kíkt undir vélarhlíf á bíl og setið nokkra bóklega tíma en hafa aldrei svo mikið sem ræst sjálfan bílinn.

Ég er sannfærður um að með því að vinna í auknum mæli frá málnotkun að reglum/hefðum, frekar en hið öfuga, fáum við fleiri nemendur sem kunna ekki bara sitthvað um íslensku heldur eru líka góðir í málinu og beitingu þess.



Á slóð norrænna barnabóka

Námskeið á vegum Nordspråk

Við félagarnir úr FSu slógum til í vetur þrátt fyrir krepputalið og skelltum okkur á námskeið um norrænar barnabókmenntir sem haldið var dagana 29.–31. janúar 2009 í Danaveldi. Samkvæmt auglýsingu átti námskeiðið að fjalla um tengsl skáldskapar og veruleika í norrænum barnabókmenntum, hvort hægt sé að finna samnorræna strauma í norrænum barnabókmenntum, og hvort þessar bókmenntir endurspegli almenna strauma úr samtímanum. Þetta þótti okkur nógu spennandi til að bregða okkur af bæ í nokkra daga.

Norræna barnabókmenntanámskeiðið var haldið á herra-garðinum Schæffergården í Kaupmannahöfn, vel þekktum ráðstefnustað meðal þeirra sem ástunda norrænt samstarf hvers konar. Þarna er hægt að lifa kóngalífi um sinn áður en maður hverfur endurnærður til hins alþýðlega hversdags. Þátttakendur voru heldur færri en vonir stóðu til, tæplega þrjátíu manns, þar af einir átta frá Íslandi.

Jon Ewo:

ÉG VIL EKKI LEIKA VIÐ MÍNIMALISTA. MORE IS MORE

EWÓ ER RITHÖFUNDUR FRÁ NÖREGI, FÆDDUR ÁRIÐ 1957 EN KOM FYRIR SJÓNIR SEM FRÍSKLEGUR „HIP-HOP“ GAUR, NÝSTIGINN ÚT ÚR SMASHI. EFTIR HANN LIGGJA EIN 69 RIT AF ÝMSUM TOGA. ÞESSI LÍFLEGI NÁUNGI FLUTTI SITT MÁL MEÐ LÝSANDI LÁTBRAGÐI OG LAS SÍÐAN MEÐ TILÞRIFUM ÚR EIGIN VERKUM.

Ewo hóf mál sitt á því að segja frá áhrifunum sem sagan *The Catcher in the Rye* eftir J. D. Salinger hafði á hann þegar hann var yngri. Nefndi hann m.a. í því sambandi vangaveltur uppflosnaða unglingsins um lífið og tilveruna. Þegar Ewo fór síðan sjálfur að skrifa sagðist hann hafa hugsað um allt efnið sem við *hefðum* viljað lesa um þegar við vorum börn. Einnig minntist hann á tiskuna, sem nú er uppi í norrænum barnabókmenntum, að móða úr gnægtabrunni þess sem búið er að skrifa. Ewo benti á að „þarna úti“ væri heill

heimur af sögum sem vísa mætti í og vinna upp úr. Úr þessum brunni hefur hann sjálfur ausið og má nefna í því tilliti sögu Noregs í sex bindum sem ætluð er börnum og unglungum.

Ferill Ewo sem barnabókahöfundur hófst með eins konar „upphitun“ eins og hann komst að orði um léttlestrarbækur sem hann var fenginn til að skrifa. Sú fyrsta kom út árið 1993. Síðar tók hann að gera tilraunir með ýmiss konar tækni í skrifum sínum, t.d. „dogma-“tækninni og að leyfa sögunum að „. . . ryðjast yfir landamæri“ eins og hann orðaði það. Bækur Ewo snúast um hvernig einstaklingur getur þroskað sjálfan sig. Hans takmark er að fá ungdóminn til að hugsa, varpa fram spurningum og leita svara. Til að mynda fjallar bókin *Svart. Og cirka hvitt* um einelti. Bókinni er skipt í tvennt, annars vegar *Svart* sem, eins og nafnið gefur til kynna, sýnir enga leið til bjargar og stefnir í sjálfsmorð. Hins vegar er glæta í *Og cirka hvitt*. Þar notar Ewo þá tækni að spóla til baka í söguþræði og sendir persónurnar aðra leið, betri leið út úr vandanum. Hann sagðist nota þessa tækni til að sýna lesandanum fram á að við höfum val í lífinu. Fyrst er að gera sér grein fyrir því og síðan að velja. Í bókinni *Mikro – mini* fjallar Ewo m.a. um að allt hafi tilgang, jafnvel hið allra smæsta. Hugmyndin er sótt til Frank Zappa sem sagði allt komið úr einum tóni. Sjá nánar: <http://jonewo.net/omewo.html>

Björgvin E. Björgvinsson og Gísli Skúlason skrifa



Jens Raahauge: NÝIR TÍMAR, NÝ MÖRK

RAAHAUGE ER SKÓLASTJÓRI Í DANMÖRKU. HANN ER HÆGLÁTUR, GRÁSKEGGJAFUR MAÐUR MEÐ ÞANNIG „GLIMT“ Í AUGA AÐ HANN VAR STRAX STIMPLAÐUR SEM LÚMSKUR HÚMORISTI. ÞAÐ KOM LÍKA Á DAGINN.

Raahauge ræddi í upphafi um ævintýrin og veruleikann. Hann fjallaði um áhrif jákvæðs og neikvæðs endis sagna og velti upp spurningunni: Hvað þola börn? Í þeim vangaveltum benti hann á það efni sem börn sjá og upplifa í fjölmiðlum nútímans. Ef til vill er sá veruleiki „ævintýri“ sem banna ætti börnum. Hann benti á að fjölmiðlar (t.d. barnaefni) segi allt og sýni án þess að áhorfandinn þurfi mikið að leggja á sig. Bókin hafi hins vegar þann eiginleika að börnin ferðist inn í huga (hugsun) persóna hennar og vinni sjálf úr efninu. Hann benti jafnframt á að ef til vill mætti bókinn nýta frásagnartækni fjölmiðlanna meira.

Raahauge sagðist kenna í „litteraturfritt område“ börnum sem aldrei höfðu lesið neitt og teldu bækur ekki hafa neina þýðingu fyrir sig. Hann sagði það erfiða vinnu að læra að lesa en hélt jafnframt á lofti mikilvægi þess að vanda þyrfti sérstaklega val á bókum fyrir þennan hóp nemenda. Í því sambandi benti hann á léttlestrarbækurnar um *De tre* eftir Oscar K. og Dorte Karrebæk, gróteskar og skemmtilegar bækur í mismunandi þyngdarstigum og höfða vel til barnanna (sjá http://www.dansklf.dk/page.dsp?trade_page=1&area=5&c=1024). Raahauge nefndi töfrana sem fólgnir eru í því að kunna að lesa. Í því samhengi fullyrti hann að læsi feli í sér aðgang að nýjum heimum.

Í máli Raahauge kom fram að bækur eigi að vekja börn til umhugsunar um hvaðeina. Hann sagði að uppeldisfræðingar væru mjög uppteknir af því að finna góðmennskuna í bókmenntunum á meðan rithöfundar leituðust við að segja sannleikann. Hann benti á uppátæki Línu og Emils, sem fara ekki endilega eftir leikreglunum. Einnig benti hann á barnabókina *Intet* eftir Janne Teller. Bókin er full af vanga-

veltum um tilvistina. Þar er aðalpersóna sögunnar ungur innflytjandi, Jean Pier, nemandi í sjöunda bekk. Höfundur lætur hann klifra upp í tré og kalla spurningar í hvert sinn sem hann sér eitthvað sem vekur athygli hans. Spurningar Jean varða oft það sem í okkar huga segir sig sjálft en kalla gjarnan fram nýja sýn. Hvað er sjálfsagt og hvað er ekki sjálfsagt?

Raahauge taldi að ekki mætti vanmeta þátt myndskreytinga í barnabókum. Myndir geti sagt meira en mörg orð en þær þurfi að vera vel grundaðar og unnar af fagmönnum. Hann ræddi einnig um nútíma myndasögur sem sýni það sem ekki má tala um, s.s. kynlíf, fjárhættuspil, ágirnd og fleira. Stóra spurningin sem eftir situr er: Má það sem börn sjá í fjölmiðlum nútímans vera á síðum barnabókanna? Ef ekki allt, þá hvað af því?

Kenneth Bøgh Andersen: HUGSANIR, ÞEMU, FRÁ HUGMYND TIL BÓKAR

ANDERSEN ER 32 ÁRA KENNARAMENNTAÐUR RITHÖFUNDUR FRÁ DANMÖRKU. HANN LEIT HELST ÚT FYRIR AÐ VERA NÝSKRIFINN ÚR FRAMHALDSSKÓLA. ANNAÐ KOM ÞÓ Á DAGINN. HANN STARFAÐI SEM KENNARI Í FIMM ÁR EN VAR SNEMMA STADRÁÐINN Í AÐ SKRIFA OG STUNDAÐI RITSTÖRF SAMHLIDA KENNSLUNNI. HANN SAGÐIST HAFNA SKRIFAÐ Í GRÍÐ OG ERG OG SENT TIL ÚTGEFENDA EN FENGIÐ ALLT ENDURSENT. EKKI GAFST HANN ÞÓ UPP. HANN SAGÐIST EITT SINN HAFNA FENGIÐ BRÉF FRÁ ÚTGEFANDA SEM HVATTI HANN TIL AÐ LIGGJA MEIRA YFIR TEXTANUM OG HALDA ÁFRAM AÐ SKRIFA. ÞETTA VAR HONUM MIKIL HVATNING ÞÓ SVO AÐ ÚTGEFANDINN HEFÐI JAFNFRAMT HAFNAÐ VERKINU.

Öfugt við marga aðra rithöfunda, sem lýsa því hvernig þeir hugsa um lesendur sína þegar þeir skrifa verk sín, fullyrti Bøgh Andersen að hann skrifaði fyrst og fremst fyrir sjálfan sig. Hann lýsti vinnuferli bóka sinna, frá hugmynd til prófarka. Fyrst gerði hann grófa lýsingu á atburðarás. Þá ynni hann gátlista fyrir persónur þar sem þeim er lýst, eigum þeirra,

innræti o.fl. til að skapa sem trúverðugasta einstaklinga. Því næst gerði hann sögugrind og loks tæki hann til við að skrifa einstaka kafla. Hann sagðist umskrifa bækurnar u.þ.b. sex til sjö sinnum og það sem hann hræddist mest væri endirinn. Hann óttaðist ódýrar lausnir. Síðan sýndi hann á glæru lista og bút úr próförok sem hann var búinn að krota í einhver reiðinnar býsn.

Bøgh Andersen er einstaklega hugmyndaþróður höfundur. Bækur hans snúast gjarnan um áleitnar spurningar og baráttu góðs og ills. Persónurnar vinna oft með vangaveltur um draum og veruleika, rétt og rangt, líf og dauða, himin og helvíti. Hann skrifar hrollvekjur, notar ofurhetjur og gengur í sumum bóka sinna ansi langt í vinnu sinni t.d. með illskuna í manningum. Í fjögurra binda verki (þrjú komin út) sem nefnist *Den Store Djævelkrig* vinnur hann t.d. út frá þeirri hugmynd að guð hafi skapað allt, bæði hið góða og hið illa, og dregur þá ályktun að hið illa hljóti því að vera gott. Sagan hefst á því að ungur drengur er lagður í einelti. Hann verður fyrir bíl og fer til helvítis. Þar er skrattinn dauðvona og drengnum er ætlað að taka við af honum. Þegar fram líður kemur í ljós að rangur drengur varð fyrir bílnum svo illt er í efni í helvíti. Má gera ráð fyrir margvíslegri togstreitu í þessu verki með skrattakollinn sem lagði í einelti enn á kreiki og gæðablóðið í neðra.

Bøgh Andersen skrifar líka myndasögubækur og má nefna þrjár sem fjalla um strák sem skólafélagarnir leggja í einelti. Hann verður fyrir því að vera stunginn af mýflugum en mýflugan hafði lent í örbylgjuofni og eiginleikarnir sem strákurinn fær við stunguna eru ofurkraftar. Fyrsta bókin heitir *Antboy – Tissemyrens bid. Sisdæ sjangsæ* er líka myndasaga. Hún gerist í skólastofu þar sem kennarinn hefur öll völd og lætur börnin stafa erfið orð. Í ljós kemur að kennarinn hefur ekkert endilega vald á réttum orðmyndum en hann er yfirvaldið og ræður. Kennaranum er lýst sem miklum harðstjóra og takist börnunum ekki að stafa orðin rétt eru þau skotin. Í bókarlók upplýsist að um draum eins nemandans er að ræða. Námskeiðsgestir veltu vöngum yfir hversu langt megi ganga í bókum fyrir börn og glímdu við togstreituna á milli hins skáldaða barnaefnis og veruleikans með öllu sínu aðgengi í margmiðlunarheiminum. Sjá nánar: <http://www.kennethboeghandersen.dk/>

Josefine Ottesen:

INNSÝN Í HVERNIG ÆVISÖGULEGT EFNI UMMYNDAST Í FANTASÍU

OTTESEN ER RITHÖFUNDUR FRÁ DANMÖRK. HÚN KOM FYRIR SEM HÆGUR OG HÓGLÁTUR FULLTRÚI HIPPAKYNSLÓÐARINNAR. HÚN ER LEIKKONA OG DRAMATÚRG AÐ MENNT OG GAF ÚT SÍNA FYRSTU BÓK ÁRÍÐ 1983.

Fyrirlestur hennar hófst á að því að hún kynnti bakgrunn sinn og lýsti því hve mikilvægur hann væri fyrir hugmyndaheim

hennar. Hún er ungverskur gyðingur og þó hún sé uppalin í Danmörku hefur menning gyðinga og þrautaganga foreldranna á nasistatímanum markað djúp spor sem sjá má í bókum hennar. Ekki svo að skilja að gyðingar séu áberandi í sögunum heldur er um almennari áhrif að ræða, t.d. hvernig fólk bregst við áföllum og þjáningum, um kúgara og kúgaða, átök og stríð – á ævintýralegan hátt. Bækur hennar eru tímalausar en þó gjarnan með miðaldalegu yfirbragði.

Ottesen sagði frá verkefni sem nefnt er „Den blå drage.“ Þar eru börn hvött og þeim kennt að vinna með frásagnarlistina. Hún fór m.a. yfir eftirfarandi ferli sem nota má til stuðnings við að móta með þeim sögu. Fyrst þarf að skoða hið efnislega landslag. Síðan þarf að velja fyrir sér um hvað sagan eigi að snúast og loks verður til persóna án þjóðfélagsstöðu. Þá gerist „eitthvað“. Aðalpersónan er í fyrstu gjarnan lítil í sér og telur sig ekkert hlutverk hafa. Hún hittir „mentor“ sem leiðbeinir henni. Barátta hefst eða átök, persónan flýr eða sleppur. Þegar minnst varir verða ný, óvænt átök og hetjan deyr eða sigrar. Það mikilvægasta er að í lokin hefur aðalpersónan þroskast. Ottesen sagði að með svona söguformúlu geti allir unnið, líka börn. Þau geti hæglega „dramatiserað.“ Hún taldi mikilvægt að kenna börnum að segja og skrifa sögur. Kenna þeim að staðsetja persónur og senda þær í þetta ferðalag frá því að vera „enginn“ í það að verða „einhver.“

Ottesen sagði að við værum hluti af sögu og þegar við segjum sögu þá erum við hetjan. Í framhaldi sagði hún frá því þegar hún eitt sinn kom að sækja dóttur sína í leikskóla. Hún ympraði á því við leikskólakennarann að dóttirin kæmi heim með magnaðar sögur af atburðum sem ættu sér stað í leikskólanum. Leikskólakennarinn svaraði þá með hægð að þær væru ekki síður magnaðar sögurnar sem þau á leikskólanum fengu að heyra að heiman. Að lokum sagði Ottesen okkur ævintýrið um „Kristalhjartað“. Sjá nánar: <http://www.josefineottesen.dk/>

Per Nilsson:

UM ÞRJÁ 17 ÁRA, HUGSANIR, SPURNINGAR OG GÁFULEG SVÖR, UNGLINGANA SEM VERÐA SÍFELT YNGRI OG HEIMSKARI . . .

NILSSON ER HÆGLÁTUR OG SETTLEGGUR RITHÖFUNDUR FRÁ SVÍPJOB. HANN ER FÆDDUR 1954 OG ER MENNTAÐUR STÆRDFRÆÐI- OG TÓNLISTARKENNARI. HANN HEFUR GEFIÐ ÚT 23 BÆKUR Á JAFN MÖRGUM ÁRUM, ÞAR AF FJÓRAR BARNABÆKUR OG EINA FULLORÐINSBÓK, EN MEST SKRIFAR HANN FYRIR UNGLINGA. AÐEINS EIN BÓKA HANS HEFUR VERIÐ ÞÝDD Á ÍSLENSKU, *KLUKKAN SEM GEKK EINS OG HENNI SÝNDIST*.

Nilsson fer mikið í skólaheimsóknir til að hitta nemendur og ræða um bókmenntir. Einnig heldur hann úti ritmiðjum með unglungum og þjálfar þá í skapandi skrifum. Með þessu

móti heldur hann góðu sambandi við lesendur og getur safnað og miðlað hugmyndum í sömu ferð.

Nilsson hóf fyrirlesturinn á að spila uppáhaldstónlist þriggja aðalpersóna í sögum sínum, Per, Hannah og Svenne. Með því fengum við innsýn í hvernig hann mótar persónurnar og fær þær til að lifna við í bókunum. Þessar persónur ferðast líka á milli bóka hans; aðalpersóna í einni bók getur birst sem aukapersóna í þeirri næstu. Draumurinn um að safna loks öllum persónunum saman í eina lokabók er nú orðinn að veruleika. Hugmyndina að nafni þeirrar bókar kom nemandi með í einni skólaheimsókninni, *Absolut Per Nilsson, The Very Best of* (útg. 2009).

Dæmi um mikilvægar spurningar sem Nilsson hugleiðir í bókum sínum eru: Hve rík erum við innst inni? Hve nærri öðrum komumst við? Hvernig getum við hugsað um framtíðina án þess að missa móðinn? Hve lengi endist ástin? Hvernig er hægt að vera maður sjálfur? Er til eðlilegt fólk? Mótumst við af umhverfinu? Hver er ábyrgð einstaklingsins? Væri heimurinn betri án einhverra? Er til blind ást? Purfa öll börn foreldra? Hvað þýðir „ég elska þig“? Einnig nefndi hann umhverfismál og kynþáttafordóma. Bækurnar eru því ekkert léttmeti þótt stutt sé í húmorinn. Þær eru vinsælar á Norðurlöndunum og allmargar hafa verið þýddar á önnur mál, t.d. ensku. Þær virðast skrifaðar af mikilli einlægni og þekkingu á hugarheimi unglunga og fjalla um aðkallandi viðfangsefni án þess að predika lausnir eða tala niður til lesenda.

Trine May: **NORRÆNAR BARNABÆKUR Í** **KENNSLUFRAÐILEGU LJÓSI**

MAY ER KENNSLUFRAÐINGUR OG BARNABÓKAHÖFUNDUR FRÁ DANMÖRKU. HÚN KOM EINS OG GRIMMILDUR GRÁMANN INN Á HERRAGARÐINN EFTIR YFIRVEGAÐAR PÆLINGAR HINS SÆNSKA NILSSONS, ÆDDI Í GEGNUM ÚTTROÐINN GLÆRUPAKKA SINN MEÐ TRUKKI OG DÝFU OG SKILDI VIÐ ÁHEYRENDUR NOKKUD LÚNA EFTIR ALLAN HAMAGANGINN.

May ræddi meðal annars um samkeppni miðlanna þar sem bókin er aðeins einn af mörgum miðlum sem keppa um athyglina; hvað er hægt að gera í því? Einnig ræddi hún ýmsa fleti á því að kenna og ræða bókmenntir, væntingar lesenda, hvernig hægt væri að kenna nemendum að lesa á milli línanna og bak við línurnar, hvað er sagt og ósagt. Einnig þarf að spyrja spurninga til að leiða börnin inn í söguna og njóta hennar. May varð einnig tíðrætt um örsögur, einkum 700 ferkantaðar sögur Louis Jensen (sjá umfjöllun í tímaritinu *Passage*: http://www.passage.nu/web_52/artikel.html). Slíkar sögur taldi May vel fallnar til umræðu í skólum.

Einnig ræddi May nokkuð um muninn á lestrarþjálfun annars vegar og bókmenntakennslu hins vegar. Lesturinn

krefst ákveðinnar tækni og afkóðunar en aftur á móti þarf ekki að kunna að lesa til að ræða og læra um bókmenntir. Erum við kannski of upptekin af lestrarþjálfun? Hver þekkir ekki slaginn við að fá börn og unglunga til að lesa og svo er tíminn á þrotum og enginn tími fyrir það skemmtilega!

Trine May fjallaði líka um þróun bókmenntanna á síðustu árum frá vandamálabókum með tilheyrandi uppeldi og fræðslu yfir í ævintýralegar bókmenntir, þaðan í húmor og kaldhæðni þar sem ekkert er heilagt og bókmenntir sem vísa markvisst til annarra texta. Ýmis dæmi voru nefnd um þessa þróun í dönskum bókmenntum.

Nú voru glærurnar farnar að þjóta yfir tjaldid á ógnarhraða og May komin í sjöunda borð í World of Warcraft. Þar með töpuðu miðaldra Flóamenn ofan af Íslandi jarðsambandinu og fylgdust með framhaldinu með fjarrænu augnaráði sem þeir hafa lært af eigin nemendum. Sjá nánar: <http://www.trinemay.dk/>

Dagný Kristjánsdóttir: **MENNINGARARFURINN OG HVERNIG Á AÐ** **MÍÐLA HONUM TIL BARNA OG UNGLINGA**

Eftir allan hamaganginn í hinni dönsku May frá kvöldinu áður var ósköp heimilislegt að fá gamaldags glærusýningu í anda Háskóla Íslands með seiðandi rödd Dagnýjar Kristjáns malandi skandinavísku undir. Dagný velti fyrir sér hvers vegna fræða ætti börn og unglunga um fortíðina og bókmenntir fyrri tíma. Ekki kom á óvart að henni skyldi takast að færa margháttuð rök fyrir mikilvægi slíks starfs.

Dagný nefndi ýmsa íslenska höfunda barna- og unglunga-bóka sem sótt hafa í menningararfinn í verkum sínum og miðlað honum þannig til lesenda. Nálgunin var nokkuð fræðilegri en annarra fyrirlesara og ýmsir spekingar nefndir til sögunnar eins og (íslenskra) fræðimanna er háttur.

Brynhildur Þórarinsdóttir: **ÚTGÁFUR FORNRA SAGNA FYRIR BÖRN**

Brynhildur kynnti verk sín og hugmyndirnar að baki þeim. Aðferðin er að endursegja efni Íslendingasagna, stytta og útskýra, til að vekja áhuga á efninu. Sömmuleiðis lagar hún efnið að lesendahópnum, t.d. með því að sjá atburði með augum barnsins fremur er frá sjónarhóli þræla hetjuhug-sjónarinnar.

Brynhildur ræddi einnig um kynningarstarf í grunn- og leikskólum sem hún hefur unnið í félagi við Kristínu Steinsdóttur. Þar kynnastr nemendur heimi Íslendingasagna og vinna margvísleg þemaverkefni honum tengd. Var á Brynhildi að skilja að ekki væri erfitt að vekja áhuga yngstu kynslóðarinnar á þessu efni og fá börnin til að lifa sig inn í söguefnið. Kom til dæmis fram að þegar leikarar frá Sögu-

setrinu á Hvolsvelli voru með í för vildu krakkarnir gjarnan fá það á hreint hjá Hallgerði hvers vegna í ósköpunum hún hefði ekki gefið Gunnari sínum hárið í bogastrenginn.

Fróðlegt var að kynnast hugmyndum Brynhildar og aðferðum. Í framhaldinu mætti hugsa sér alls konar útgáfur tengdar sagnaafinnum. Íslenskir höfundar hafa til dæmis lítið gert af því að umskapa hann. Endursögn hefur verið ráðandi, að skila honum áfram fremur en að „nota“ hann til að búa til eitthvað nýtt. Fróðlegt væri að prófa önnur tæk á arfinum en þessi venjubundnu. Góð dæmi um slíka „endurvinnslu“ í leikhúsunum eru Mr. Skallagrímsson og Brák þar sem nútímaleg sýn á efnið er nokkuð áberandi en efninu er jafnframt miðlað. Með frjálslægri efnistöku og lausn frá endursögninni mætti hugsanlega vinna nýjar bókalendur hjá ungum sem öldnum.

Nina Goga:

SAMANTEKT UM NORRÆNAR BARN- OG UNGLINGABÆKUR

NINA ER FRÆDIMADUR FRÁ NOREGI.

Hún tók sér fyrir hendur að „segja eitthvað um allt“, eins og hún orðaði það, og tókst í sjálfu sér nokkuð vel upp. Hún reyndi að greina þræði í bókmenntum síðustu ára, sem ekki er áhlaupaverk meðan blámi fjarlægðarinnar er ókominn til hjálpar. Niðurstaðan var ekki mikil og gaf kannski í skyn að veruleikinn sé þegar að er gætt nokkuð fjölbreyttari en flokkunarhattar bókmenntafræðinnar vilja

vera láta. Samt finnast stundum rauðir þræðir. Til dæmis virðist nú algengara en oft áður að höfundar barna- og unglingsbóka vísi óhikað í aðrar (heims)bókmenntir í verkum sínum.

Að lokum

Lestur texta er manningum það mikilvægur að hlúa þarf vel að honum og sinna sérstaklega. Því er einnig oft haldið á lofti að bókin standi höllum fæti í samkeppninni við myndmiðlana. Bókin þarf því að vera þannig úr garði gerð að hún sé áhugaverð og aðlaðandi en jafnframt áræðin og ýti við ungdómnum. Hafa þarf í huga hvers konar efni og framsetning höfðar til lesendanna og mikilvægt er að einblína ekki á uppeldisgildið eitt og sér ef það er á kostnað krassandi umræðu og átaka um kjarnamál. Fjölbreytnin í norrænum barnabókum er mikil og þar er ítrekað reynt á mörk þess sem má og þess sem ekki má. Inn í fantasiur og ævintýri er fléttað mikilvægum málefnum sem hringla í tabúum og hreyfa við lesendum, jafnvel þeim yngstu.

Við FSu-félagarnir yfirgáfum Schæffergården margfróðir um heim norrænna barnabókmennta. Í honum rúmast fjölbreytileg og metnaðarfull verk sem við hvetjum kennara, rýnendur og ráðendur forlaga, þýðendur, verandi og verðandi barnabókahöfunda til að kanna enn frekar.

- Höfundar eru íslenskukennarar við Fjölbreytingarskóluna Suðurlands á Selfossi.

Ritstjóri Skímu

Starf ritstjóra Skímu er laust til umsóknar. Skíma er mál gagn Samtaka móðurmálskennara. Þar birtast fréttir af starfsemi félagsins, fræðilegar greinar um íslenskt mál og kennslufræði. Skíma kemur út tvisvar á ári. Með ritstjóra starfa þrjú ritnefndarmenn.

Stjórn Samtaka móðurmálskennara ræður ritstjóra í eitt ár í senn. Stjórn er heimilt að framlengja ráðninguna um eitt ár án auglýsingar. Að þeim tíma liðnum ber að auglýsa starfið.

Ritstjóri aflar efnis í blaðið, leitar hagstæðustu tilboða í umbrot þess og prentun og sér um að koma því til áskrifenda. Ritstjóri og ritnefnd safna auglýsingum í blaðið. Ritstjóri Skímu situr árlegan fund Nordspråk. Fundirnir eru haldnir í aðildarlöndum Nordspråk til skiptis.

Ritstjóri skal hafa háskólapróf í íslenskum fræðum og hafa vald á norrænu tungumáli. Kennslureynsla og reynsla af útgáfu er æskileg.

Umsóknum skal skila til stjórnar Samtaka móðurmálskennara, Kennarahúsinu við Laufásveg, 101 Reykjavík, eða á netangið saemundurhe@langholtsskoli.is fyrir 20. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Sæmundur Helgason í síma 894 0524.



Hvers konar **NÖFN** eru

MILLINÖÖFN?

Í greininni verður fjallað um millinöfn en heimild fyrir þeim var samþykkt í lögum um mannanöfn nr. 45 frá 17. maí 1996. Lögini tóku gildi 1. janúar 1997. Fyrst verður gerð grein fyrir því hvað átt er við með orðinu millinafn og hvaða reglur slík nöfn þurfa að uppfylla til þess að teljast tæk. Í næsta kafla verður greint frá helstu flokkum millinafna eftir myndunarhætti. Þriðji kafli snýr að því vandamáli þegar sama nafn getur bæði verið eiginnafn og millinafn. Í fjórða kafla verður síðan fjallað um beygingu millinafna en í lokaorðum verður efnið dregið saman.

Millinöfn og reglur um þau

Sjálfsgagt finnst einhverjum út í hött að spyrja þeirrar spurningar sem felst í titli greinarinnar en reynslan sýnir að afar margir rugla saman eiginnafni og millinafni og telja að millinafn sé síðara eiginnafn af tveimur eða þremur. *Jón Gunnar Sigurðsson* ber tvö eiginnöfn og kenninafn, *Jón Hafnfjörð Sigurðsson* ber eiginnafn, millinafn og kenninafn og *Jón Gunnar Hafnfjörð Sigurðsson* ber tvö eiginnöfn, millinafn og kenninafn.

Í lögum um mannanöfn nr. 45 frá 17. maí 1996, sem nálgast má á netinu undir <http://althingi.is/>, voru millinöfn heimiluð í fyrsta sinn en talsverð ásókn hafði lengi verið í slík nöfn. Ákveðnar reglur gilda um þau eins og eiginnöfn og er fjallað um þær í III kafla, 6. og 7. grein laganna. Í 6. grein er skýrt frá notkun þeirra og myndun:

- Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.
- Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem

annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn.

- Millinöfn, sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru óheimil.
- Millinafn, sem víkur frá ákvæðum 2. mgr., er heimilt þegar svo stendur á að eitthvert alsystkini þess sem á að bera nafnið, foreldri, afi eða amma ber eða hefur borið nafnið sem eiginnafn eða millinafn.
- Millinafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.
- Millinafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Millinafn, sem samþykkt hefur verið af mannanafnanefnd, er fært á svonefnda mannanafnaskrá. Frá því að lögini voru samþykkt og til ársloka 2008 hefur nefndin fallist á 118 millinöfn en hafa ber í huga að margir nafnberar eru að baki hverju nafni, bæði karlar og konur. Listinn með millinöfnum er einn af fleiri listum mannanafnanefndar sem birtir eru á vef dómismálaráðuneytisins. Slóðin er <http://www.rettarheimild.is/mannanofn>.

Gerðir millinafna

Eins og fram kemur í lögum um mannanöfn verður millinafn að vera dregið af íslenskum orðstofni og það má ekki hafa endingu í nefnifalli. Fram til þessa hafa nöfn, sem valin hafa verið, fallið í þrjá flokka; einkvæð nöfn, viðskeytt nöfn og samsett nöfn og er síðasti flokkurinn langstærstur.

Sautján nöfn falla í flokkinn einkvæð nöfn. Þau eru Áss, Bald, Ben, Bjarg, Brim, Dan, Falk, Gnarr, Gnurr, Gull, Har, Ljós, Stein, Storm, Val, Vald og Þor. Eitt þeirra, Dan, getur einnig verið bæði eiginnafn og ættarnafn.

Prettán nöfn teljast til viðskeyttra nafna. Viðskeytið -an er langalgengast og eru ellefu nöfn á skrá sem mynduð eru á þann hátt. Þau eru: Aldan, Austan, Diljan, Elvan, Giljan, Hrafnan, Knaran, Knarran, Liljan, Seljan og Sólan. Með viðskeytinu *-ling* er myndað nafnið Yngling og með viðskeytinu *-ar* nafnið Vattar.

Samsett millinöfn eru 88. Síðari liðir eru sextán: -bekk, -berg, -dal, -feld, -fell, -fells, -fjörð, -hlíð, -holt, -hólm, -kvist, -land, -mann, -nes, -teig og -vík. Langflest nöfnin hafa fengið endinguna *-dal* eða *26*. Næst koma nöfn sem enda á *-berg*. Þau eru fimmtán en þrettán enda á *-fjörð*. Aðrir liðir koma mun sjaldnar fyrir. Samsett millinöfn eru:

- bekk: Stein-, Ö-
- berg: Arn-, Elís-, Foss-, Heims-, Her-, Hildi-, Hólm-, Hraun-, Lín-, Lyng-, Mó-, Sal-, Snæ-, Stein-, Straum-
- dal: Aust-, Bakk-, Bjarn-, Borg-, Finn-, Frey-, Gren-, Heim-, Hjalt-, Hnapp-, Hrein-, Hvamm-, Höfð-, Hörð-, Laug-, Mag-, Mið-, Núp-, Skíð-, Star-, Svarf-, Sæ-, Varm-, Vopn-, Öx-, Öxn-
- feld: Blá-, Hvít-
- fell: Reyk-
- fells: Bílds-
- fjörð: Arn-, Aust-, Bjarn-, Gils-, Haf-, Hafn-, Loðm-, Mjó-, Ól-, Reyk-, Vatns-, Við-, Ön-
- hlíð: Ey-
- holt: Berg-, Reyk-
- hólm: Frið-, Ís-, Sand-, Sigur-
- kvist: Blóm-, Hlíð-, Lauf-
- land: Berg-, Hof-, Lauf-, Norð-, Ós-
- mann: Bakk-, Brekk-, Mýr-, Nes-, Ós-
- nes: Haf-, Vatt-
- teig: Hof-
- vík: Ey-, Mið-

Af þessum lista má sjá að samsettu nöfnin eru flest sótt til náttúrunnar eða til örnefna sem þeim sem fyrstir völdu nöfnin eru sennilega tengd á einhvern hátt. Þannig er því til dæmis farið með mörg nafnanna sem enda á *-dal* eða *-fjörð*. En ýmis vandkvæði fylgja millinöfnunum, sem menn ef til vill sáu ekki fyrir, og verður vikið að þeim í næstu tveimur köflum.

Eiginnöfn og millinöfn

Á listanum yfir millinöfn eru nöfn sem einnig eru á lista yfir samþykkt eiginnöfn. Þessi nöfn enda flest á *-berg*:

| <i>Eiginnafn</i> | <i>Millinafn</i> |
|------------------|------------------|
| Arnberg | Arnberg |
| Línberg | Línberg |
| Steinberg | Steinberg |

Þrjú önnur nöfn má nefna til viðbótar: *Áss*, *Dan* og *Hildiberg*. *Áss* fellur saman við eiginnafnið *Ás* í eignarfalli, *Dan* er eins og fyrr segir eiginnafn, millinafn og ættarnafn, og millinafið *Hildiberg* fellur saman við eiginnafnið *Hildibergur* í beygingu. Lítum aðeins betur á eiginnöfnin:

Nafnið *Ás* er ungt nafn og á skrá yfir leyfð eiginnöfn. 1. janúar 2008 bar samkvæmt þjóðskrá einn karl það að fyrra nafni en 29 karlar báru það að síðara nafni. Á sama tíma voru fjórir karlar skráðir *Áss* að síðara nafni en sú ritmynd er ekki á mannanafnaskrá.

Nafnið *Dan* kemur fyrir í manntalinu frá 1910 sem síðara nafn eins karls. 1. janúar 2008 voru tíu karlar skráðir með þessu nafni sem einnefni eða fyrra nafni af tveimur og 149 að síðara nafni.

Einn karl hét *Hildiberg* að síðara nafni samkvæmt manntali 1910 og tveir báru það að síðara nafni samkvæmt þjóðskrá 1. janúar 2008. Einn drengur fékk nafnið *Hildibergur* á áratugnum 1930–1940 en enginn er skráður með þessu nafni nú. Báðar nafnmyndirnar eru á mannanafnaskrá.

Einn karl hét *Arnbergur* samkvæmt manntali 1910 og þrjú báru nafnið sem einnefni samkvæmt þjóðskrá 1. janúar 2008. Enginn var skráður *Arnberg* 1910 en í þjóðskrá 1. janúar 2008 bar einn karl það að fyrra nafni en fimmtán karlar voru skráðir svo að síðara nafni.

Enginn karl var skráður *Línberg* í þjóðskrá 1. janúar 2008 að einnefni eða fyrra nafni en 24 að síðara nafni. Það er á mannanafnaskrá. *Línberg* er einnig ættarnafn.

Tveir karlar hétu *Steinberg* að fyrra nafni samkvæmt manntali 1910 og þrjú að síðara nafni. 1. janúar 2008 var einn karl skráður *Steinbergur* að fyrra nafni og fjórir *Steinberg* en átta hétu *Steinberg* að síðara nafni.

Af framansögðu má sjá að nöfn með síðari liðnum *-berg* eru einkum notuð sem annað nafn karla. Vegna þessa falla þau saman við leyfð millinöfn í beygingu.

Beyging millinafna

Engar leiðbeiningar eru til um beygingu millinafna né í raun ættarnafna. Ýmsir halda þeirri reglu að setja eignarfallsendingu á ættarnöfn borin af körlum en hafa ættarnöfn borin af konum óbeygd. Aðrir sleppa beygingu í báðum tilvikum. Ef eins er farið með millinöfnin falla mörg þeirra saman við eiginnöfn. Gott er að líta á nokkur dæmi.

Einn drengur heitir *Jón Valur Sigurðsson*. Ekki vefst fyrir neinum að nota eignarfallið *Jóns Vals Sigurðssonar*. Annar drengur heitir *Sigurður Val Jónsson* og systir hans *Guðrún Val Sigurðardóttir*. Í nefnifalli sést að *Val* er millinafn. Í eignarfalli eru engin vandkvæði með *Guðrúnu*. Það er *Guðrúnar Val Jónsdóttur*. Bróðir hennar aftur á móti *Sigurðar Vals Jónssonar* ef notað er *-s* í eignarfalli. Þeir sem ekki vita og heyra eða sjá aðeins eignarfallið draga vafalaust flestir þá ályktun að *Sigurður* heiti *Valur* að síðara eiginnafni.

Ás og Dan eiga bæði að fá endingu í eignarfalli sem eiginnöfn. Hvort eru þá Ás og Dan í nöfnum karlanna *Péturs Áss Guðmundssonar* og *Guðmundar Dans Péturssonar* eiginnöfn eða millinöfn? Spyr sú sem ekki veit. Hins vegar er ljóst að Áss í nafni *Jónu Áss Einarsdóttur* og Dan í nafni *Helgu Dan Hauksdóttur* eru millinöfn.

Óheppilegt er að nöfn með síðari liðnum *-berg* séu bæði skráð sem eiginnöfn og millinöfn þegar um karlmann er að ræða. Nafnið *Jón Arnbergur Sigurðsson* er í eignarfalli *Jóns Arnbergs Sigurðssonar*. Það er líka nafn *Jóns Arnbergs Sigurðssonar* ef *Arberg* er eiginnafn. Ókunnugir vita ekki hvort Jón heitir *Arnbergur* eða *Arberg* að eiginnafni og vandinn eykst ef *Arberg* er millinafn og *-s* endingin er notuð á millinöfn. Sama gildir reyndar um þágufallið ef um eiginnafn er að ræða. Bæði *Arnbergur* og *Arberg* enda á *-i*, *Arbergi*, sem eiginnafn en eru endingarlaus í þágufalli sem millinafn.

Enn einn flokkur er erfiður viðfangs. Í honum eru nöfnin sem enda á *-fjörð*. Þau falla ekki saman við eiginnöfn en eignarfallið í karlkyni er vandamál. Hvernig á að tala um *Jón Hafnfjörð Sigurðsson* í eignarfalli? Fer maður til *Jóns Hafnfjörðs* eða *Jóns Hafnfjarðar Sigurðssonar*? Óheppilegt er

fyrir beygingarkerfið að taka upp *-s* eignarfall í þessu tilviki.

Lokaorð

Millinöfn eru heimiluð í lögum og fjölskyldur hafa greinilega áhuga á að taka upp slík nöfn. Það verður að segjast eins og er að ekki var nógu vel hugað að þeim afleiðingum sem fylgja heimildinni. Í greinargerð með lögunum hefði átt að koma fram hvernig fara á með þessi nöfn. Þau virðast lenda milli eiginnafna og ættarnafna en eru ekki ættarnöfn í skilningi laganna. Þau eru þó notuð af mörgum sem ættarnöfn, þ.e. föðurnafnið er einfaldlega fellt niður annars dags daglega. Ekki hefur heldur verið nógu vel að því gætt að sama nafnið sé ekki bæði eiginnafn og millinafn og að sama nafnið sé ekki bæði millinafn og ættarnafn. Ef til vill er best að millinöfnin séu alveg óbeygð þótt ég sé því almennt fylgjandi að beygja sem allra mest. Ef reglan væri sú vissu allir sem skrifa ætla til *Jóns Ásberg Sigurðssonar* að *Ásberg* er millinafn en ekki eiginnafn.

■ Höfundur er prófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sumarnámskeið 2009:

Munnleg saga í grunnskóla og framhaldsskóla

Námskeið á vegum SRR, Félags sögukennara og Félags móðurmálskennara

Á námskeiðinu verður munnleg saga kynnt sem kennsluáðferð í sagnfræði og sögukennslu en einnig í íslenskukennslu og fleiri greinum. Kjarni aðferðinnar er viðtal við þá sem eru til frásagnar um atburði og aðstæður liðins tíma. Sagt verður frá munnlegri sögu sem aðferð í fræðilegu starfi en áherslan er síðan á kennslu í grunn- og framhaldsskóla. Umfjöllunarefnið eru m.a. rými og hlutverk þessarar aðferðar innan námskrár og skóla, samvinnu námsgreina og tengsl við heimilin, val á viðfangsefni og viðmælendum, viðtalstækni og tækjabúnaður, úrvinnsla og framsetning efnisins. Skipst verður á reynslusögum úr starfi á báðum skólastigum. Boðin verður leiðsögn og eftirfylgd handa þeim sem vilja reyna aðferð munnlegrar sögu í kennslu sinni í framhaldi af námskeiðinu.

Staður: Hólmavík

Lengd: Tveir dagar auk eftirfylgdar.

Tími: Fimmtudagur 13. og föstudagur 14. ágúst 2009.

Skráning: <http://www.endurmenntun.is/Forsida/Namsframod/Framhaldsskolakennarar/Sumarnamskeid/Nanar/429V09>



Hvernig er námsmati í íslensku háttað í grunnskólum?

Áhugi kennara á námsmati virðist hafa vaxið mikið á undanfönum árum. Þessi áhugi tengist tveimur alþjóðlegum straumum, annar kemur frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, hinn frá Bretlandi. Í Bandaríkjunum hafa lengi staðið deilur um hlutverk skriflegra prófa. Í þessari umræðu hefur orðið til hreyfing sem ýmist hefur verið kennd við *óhefðbundið námsmat* (e. alternative assessment) eða *rauntengt námsmat* (e. authentic assessment). Benda má á yfirlitsgrein sem einn höfunda þessarar greinar hefur skrifað um námsmatsaðferðir í þessum anda (Ingvar Sigurgeirsson, 1998). Meðal þeirra námsmatsaðferða sem hafa verið að ryðja sér til rúms undir þessum merkjum eru *námsmöppur* (e. portfolio assessment). Þessi námsmatsaðferð hefur náð til Íslands en hér ganga námsmöppur undir ýmsum heitum og eru m.a. nefndar *ferilmöppur* og *verkmöppur*. Í Laugalækjarskóla í Reykjavík hefur í nokkur ár verið unnið að þróun námsmats þar sem námsmöppur hafa gegnt lykilhlutverki. Um þetta verkefni má m.a. fræðast á heimasíðu skólans (Laugalækjarskóli, án árs). Einnig má benda móðurmálskennurum á bókina *Skrifað í skrefum* (Sigríður Heiða Bragadóttir, Auður Ögmundsdóttir og Helgi Grímsson, 1997). Einn kafli bókarinnar, sem er handbók um ferlisritun, fjallar um námsmat í ritun og er þar m.a. byggt á hugmyndum um námsmöppur sem höfundar kalla *gullakistu*, en í hana safna nemendur úrvali ritunarverkefna sinna.

Í nokkrum skólum hér landi hafa verið umræður um stöðu og hlutverk prófa, einkum umfangsmikilla lokaprófa og má nefna dæmi um skóla þar sem kennarar hafa verið að prófa sig áfram með *óhefðbundin próf* af ýmsu tagi. Í Salaskóla í Kópavogi hefur hópur kennara verið að gera tilraunir með

Málrækt

*Málræktin er full af stöfum
sem enginn skilur nema skólastjórinn.*

*Stærðfræðin er full af merkjum
sem enginn skilur nema hann.*

*Líffræðin er full af iðrum
sem standa út
og enginn skilur nema hann.*

*Einkunnabókin er full af tölum
sem allir skilja nema ég.*

(Ljóð Braga Skaptasonar,
birt í *Ljóðabók barnanna*, 1991, bls. 13.
Bragi var þá 12 ára)¹

einstaklingsmiðuð próf og *samvinnupróf*. Sigrún Björk Cortés (2006) skrifaði um þetta áhugaverða grein í Skímu fyrir þremur árum undir heitinu *Einstaklingsmiðuð og námsmat*.

Allar þær aðferðir, sem hér hefur verið lýst, byggja fremur á hugmyndum um *leiðsagnarmat* en *lokamat*. Aðgreining milli svonefnds *leiðsagnarmats* (e. formative assessment) og *lokamats* eða *samantektarmats* (summative assessment)

hefur einkennt matsumræðu frá miðjum sjöunda áratug síðustu aldar. Hugtakið leiðsagnarmat var til dæmis rækilega útskýrt í hugmyndum Benjamins Blooms um *hlítarnám* (e. learning for mastery). Hann stóð síðar að útgáfu stórrar handbókar um mat, ásamt Thomas Hasting og George Madaus, grundvallað á þessum lykilhugtökum (1971). Síðan hafa hugmyndir manna um leiðsagnarmat tekið á sig margbreytilegar myndir. Samkvæmt hugmyndum Black og Wiliam (1998) byggist það öðru fremur á því að veita nemendum stöðuga og helst uppbyggilega endurgjöf á nám sitt og virkja þá til þátttöku í matinu. Í leiðsagnarmati er leitast við að flétta námsmati sem mest inn í kennsluna. Í nokkrum framhaldsskólum hér á landi hafa kennarar verið að þreifa sig áfram með þessar aðferðir og má þar nefna Menntaskóla Borgarfjarðar (Menntaskóli Borgarfjarðar, 2009) en þar hafa prófatímabil í lok missera t.d. verið af- numin. Leiðsagnarmati tengist gjarnan áhersla á *sjálfsmat* (e. self assessment) og *jafningjamat* (e. peer assessment). *Formleg og óformleg samtöl við nemendur* eru gjarnan þáttur í leiðsagnarmati. Nefna má tvo grunnskóla hér á landi þar sem unnið hefur verið að þróunarverkefni þar sem byggt er á samtölum við nemendur (*nemendasamtöl*, *matssamtöl*, e. student assessment interview), með og án þátttöku foreldra, en þetta eru Ingunnarskóli og Norðlingaskóli í Reykjavík (Ingvar Sigurgeirsson, 2008). Rósa Maggý Grétarsdóttir, kennari við Menntaskólann við Hamrahlíð, gerir ágæta grein fyrir leiðsagnarmati í grein sem hún birti í 1. tbl. Skímu árið 2007 og nefnir *Hverjum á námsmat að þjóna?*

Fyrir þremur árum hófu höfundar rannsókn á námsmati í grunnskólum sem annars vegar var ætlað að draga upp heildarmynd af námsmatsaðferðum í grunnskólum og hins vegar að afla upplýsinga um námsmat í skólum þar sem áhersla hefur verið lögð á endurskoðun þess og þróun. Fyrir okkur vakti m.a. að kanna útbreiðslu fyrrnefndra aðferða. Rannsóknarspurningar okkar voru þessar: Hvað er verið að meta? Hvaða aðferðum er beitt? Á hvað er helst lögð áhersla? Hver er stefna skólans um námsmat? Hver er staða prófa? Hver er hlutur annarra námsmatsaðferða? Hvernig eru niðurstöður námsmats birtar? Hver eru helstu álitamál sem tengjast námsmati í skólanum? Hver er staða samræmdra prófa? Þá þykir okkur eftirsóknarvert að vita að hvaða marki kennarar nýta ákvæði aðalnámskrár um fyrirkomulag námsmats.

Til hliðsjónar höfðum við meðal annars rannsókn sem Erna Ingibjörg Pálsdóttir (2006) gerði skólaárið 2003–2004 á námsmati í 23 grunnskólum en hún notaði spurningakönnun og safnaði meginlegum gögnum. Meginniðurstaða hennar var að námsmatið byggði að stærstum hluta á skriflegu mati (prófum) annars vegar og hins vegar á *verkbundnu mati*, þ.e. mati á frammistöðu nemenda, t.d. við upplestur eða samræður eða á afrakstri, t.d. á ritgerðum og skýrslum (bls.

34). Erna kannaði útbreiðslu fleiri aðferða, s.s. umræðna, munnlegra kynninga, sjálfsmats, jafningjamats og námsmappa (portfolio). Þessar aðferðir reyndust fátíðar en margt benti til þess að áhugi á þeim væri engu að síður talsverður (bls. 87).

Greinarhöfundar ákváðu að hefja upplýsingaleit sína með því að skoða heimasíður grunnskóla en þar eru skólanámskrár gjarnan birtar, m.a. með lýsingum á fyrirkomulagi námsmats, bæði í almennum köflum um skólastarfið og einnig í árgöngum og námsgreinum. Ákveðið var að skoða heimasíðu þriðja hvers skóla en úrtakið var svonefnt kerfisbundið handahófsúrtak (e. *systematic random sampling*), alls 59 grunnskólar. Ákveðið var að beina athygli sérstaklega að fjórum námsgreinum, íslensku, stærðfræði, náttúrufræði og myndmennt. Til afmörkunar voru skráðar allar upplýsingar sem fundust um námsmat í þessum fjórum greinum í 3., 6. og 9. bekk. Sumarið 2007 voru heimasíður þessara 59 grunnskóla athugaðar, m.a. með það í huga að afla sem gleggstra upplýsinga um hvað einkenndi námsmat í þessum greinum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því hvað þessi upplýsingaleit leiddi í ljós um námsmatsaðferðir í íslensku. Von okkar er að íslenskukennurum þyki áhugavert að bera þessar niðurstöður saman við eigin áherslur í námsmati.

NIÐURSTÖÐUR

Alls fundust einhverjar upplýsingar um námsmat í íslensku á heimasíðum 33 skóla af skólunum 59 (56%). Upplýsingar um námsmat yngstu barnanna fengust úr 33 skólum, um miðstigið úr 30 skólum og um unglíngastigið úr 20 skólum. Færri lýsingar af unglíngastigi skýrast af því að í níu af skólunum 33 var ekkert unglíngastig, í tveimur skólum var námsmat á unglíngastigi sagt til endurskoðunar og öðrum tveimur voru engar upplýsingar um námsmat á því stigi.

Framsetning á upplýsingum um námsmat reyndist afar mismunandi. Sumar voru ítarlegar, en margar heldur knappar. Almennt virðist mega hvetja kennara til að skrifa fyllri lýsingar á námsmati í skólanámskrár með hliðsjón af spurningum af því tagi sem þessi rannsókn grundvallast á.

Námsmat í íslensku í 3. bekk

Námsmat í íslensku hjá yngstu börnunum virðist, samkvæmt skólanámskránum, byggjast annars vegar á stöðugu mati (símati) og hins vegar á prófum og könnunum. Prófa er getið í 30 tilvikum (91%) og stöðugs námsmats í einhverju formi 28 sinnum (85%).

Fjöl margar gerðir prófa eru nefndar, en algengast er að nefnd séu *hraðlestrarpróf*, einnig nefnd *leshraðapróf* eða *hraðapróf*, en þeirra er getið í lýsingum 22 skóla (67%). Í lýsingum frá 17 skólum (52%) eru nefnd *lesskilningspróf* eða *lesskilningskannanir*. Einnig eru nefnd þessi próf: Skriftarpróf

(10 skólar eða 30%), lestrarpróf, án þess að það sé skilgreint nánar (7 skólar eða 21%) og málfræðipróf (5 skólar eða 15%). Í tveimur tilvikum er nefnt *íslenskupróf*, án þess að það sé skilgreint og í tveimur tilvikum *stafsetningarpróf*. Í einni lýsingu eru nefnd *lesskimunarpróf* og í annarri er getið um *framsagnarpróf*.

Stöðugu námsmati er lýst með ýmsum hætti. Orðið *símat* kemur fram í lýsingum frá sjö skólum (21%) en af lýsingum eins og þessum má ráða að um stöðugt mat er að ræða:

Vinnubækur, vinnubrögð og skrift eru metin allan veturinn.

Námsmat byggist á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda ... Kennari metur vinnu nemenda, virkni, framsögn og málflutning, jafnóðum á jákvæðan og leiðbeinandi hátt.

Hér eru tvö dæmi um lýsingar á námsmati í íslensku á yngsta stigi eins og þær eru algengastar:

Nemendur taka hraðapróf í lestri og lesskilningspróf við lok hvorrar annar. Aðrir þættir íslenskunámsins eru metnir jafnt og þétt yfir árið. Kennari gerir munnlega grein fyrir framvindu náms við foreldra á foreldradegi og þegar foreldrar leita eftir því.

Lestarpróf verða lögð fyrir á hverri önn auk þess sem lesskilningspróf verður lagt fyrir á miðönn. Mat verður lagt á virkni, vinnu og skil sem og frágang. Þá verða gerðar stuttar kannanir.

Í þremur tilvikum eru lýsingar á námsmati í íslensku á yngsta stigi mun ítarlegri en í öðrum tilvikum og gefa fyllri mynd af námsmatinu en algengast er. Ein þessara lýsinga er sérstaklega áhugaverð en þar kemur fram að námsmatið sé byggt á námsmöppu (verkmöppu) og að nemendur setji sér markmið og taki þátt í matinu. Þá er matið byggt á *marklistum* (e. rubrics, hafa einnig verið nefndir *sóknarkvarðar* og *viðmiðatöflur* eða einfaldlega *matsviðmið* á íslensku), en þeir eru í þessum skóla nefndir *leiðsagnarlistar*. Í lýsingunni kemur einnig fyrir *leiðsagnarmat* og er það eina tilvikið um að þetta hugtak sé notað til að lýsa námsmati í íslensku:

Stöðugt eftirlit með vinnu nemenda í samræmi við þau markmið sem sett eru í kennslunni. Nemendur læra að setja sér markmið með náminu og leggja mat á vinnu sína. Nemendur skrifa bréf til foreldra/forráðamanna þar sem fram kemur hvaða markmið þeir hafa sett sér og hvernig þeim hefur gengið í náminu. Kennari og nemandinn halda utan um verkmöppuna en foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að henni og geta fylgst með námi barna sinna. Kennari fer reglulega yfir verkmöppu nemenda til að meta framfarir ásamt því að leiðsagnarlistar (rubric) verða notaðir. Í lok hvorrar annar er hraðapróf í lestri.

Auk þessa verða lögð fyrir LH60 lestrarhæfnipróf í febrúar og KA-VOR yfirlitspróf. Leiðsagnarmat í lok hvorrar annar.

Alls koma lýsingar á námsmöppu (portfolio) fram í lýsingum frá tveimur skólum.

Jafningjamat er nefnt í tveimur tilvikum og *sjálfsmat* kemur einnig tvisvar fyrir. Einu sinni er nefnt að *hópvinna* sé metin.

Námsmat í íslensku í 6. bekk

Á miðstigi eykst vægi prófa og upplýsingar um námsmatið í skólanámskránum verða sundurliðaðri. Próf eru nefnd í lýsingum allra skólanna 30 þar sem upplýsingar um námsmat í íslensku í 6. bekk er að finna og oft gerð ítarlegri grein fyrir hlutverki þeirra ef miðað er við lýsingar í skólanámskrám yngri barnanna eins og vænta mátti. Einnig ná prófin til fleiri sviða (lestrar (leshraða, lesskilnings), skriftar, málfræði, bókmennta, ljóða, ritunar, framsagnar og stafsetningar, sem er nefnd í lýsingum frá 12 skólum á námsmati í 6. bekk í samanburði við tvo skóla á yngra stiginu. Aðrar námsmatsaðferðir eru oftast notaðar samhliða og er þeirra getið í 26 tilvikum (87%). Orðið *símat* kemur fyrir í lýsingum úr sex skólum (20%).

Eftirfarandi dæmi sýnir ágætlega lykilhutverk skriflegra lokaprófa í námsmati í íslensku á miðstigi:

Lestarpróf í lok hvorrar annar.

Lesskilningspróf á miðsvetrarprófi og vorprófi.

Símat allan veturinn.

Til að ná árangri í lestri þarf að vera góð samvinna á milli heimilis og skóla.

Skriftarpróf að vori.

Stafsetningarpróf í lok hvorrar annar.

Símat allan veturinn.

Bókmennta- og ljóðapróf í lok hvorrar annar.

Málfræðipróf í lok hvorrar annar.

Tvær lýsingar á námsmati í íslensku í 6. bekk eru mun ítarlegri en aðrar og er hér birt önnur þeirra:

Málvísi: Námsmatið byggir á símati – gátlistum og fjölbreyttum matsverkefnum sem reyna á þekkingu og skilning á ýmsum málfræðiatríðum og valdi á tungumálinu. Til einkunnar gilda kannanir 50% og lokapróf 50%. Einkunn fylgir umsögn um virkni nemandans.

Lestur: Metinn er lesskilningur, orðaforði, leshraði og framsögn. Þetta er gert með því að leggja fyrir kannanir og önnur matsverkefni. Til einkunnar gildir raddlestur 50% og lesskilningur 50%. Með einkunn fylgir umsögn um virkni og framfarir.

Ljóðakunnátta og bókmenntir: Í ljóðum er metið hvernig nemendum tekst að læra utanbókar ljóð, skilning þeirra á ljóðum, einfalt myndmál, form og framsögn/flutning. Ljóð gilda 10% af lokaeinkunn. Bókmenntir eru metnar með markvissum æfingum þar sem unnið er með valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt og gildir vinnubók 30% af lokaeinkunn. Kannanir og lokapróf gilda 60% af lokaeinkunn. Einkunn fylgir umsögn um virkni.

Ritun: Skrift er metin með formlegum verkefnum og frjálsri ritun þar sem tekin eru sýnishorn af verkefnum nemenda. Skriftarpróf gilda 40% lokaeinkunnar, skriftarbækur 30% og önnur verkefni 30%.

Stafsetning er metin með reglulegum könnunum (upplestrum). Gefin er einkunn og henni fylgir umsögn um virkni og framfarir.

Athygli vekur hve fjölbreyttar aðferðir eru nefndar í þessari lýsingu. Mikilvægi fjölbreytninnar er raunar áréttað sérstaklega og margar aðferðir nefndar, m.a. símat, gátlistar, kannanir, próf, frammistöðumat, verkefni sem reyna á þekkingu, skilning og færni og einnig er lögð áhersla á að umsögn fylgi einkunn.

Námsmappa er nefnd í einni lýsingu á námsmati í íslensku á miðstigi (kölluð verkmappa).

Námsmat í íslensku á unglíngastigi

Námsmat á unglíngastigi virðist fremur fylgja ákveðnu mynstri en á hinum stigunum. Munur milli skóla er minni en á hinum stigunum. Próf og kannanir skipa stóran sess og þess töluvert oftast getið en á yngri stigunum hvaða vægi þau hafa. Ýmsar aðrar námsmatsaðferðir eru notaðar samhliða. Hér eru tvær dæmigerðar lýsingar:

Skyndipróf gilda 15%, annarpróf gildir 35% og verkefnavinna og verkmappa gildir 50%. Vinnusemi og frágangur allra verkfna mikilvægur.

Byggist á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda og er í samræmi við þau markmið sem sett eru og í samræmi við innihald kennslunnar. Próf og kannanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, eins er vinna í tímum og heima ásamt skriflegum verkefnum metin. Lokapróf og kannanir 60%, ritgerðir, verkefni og vinnusemi 40%.

Próf eru nefnd í öllum lýsingunum nema einni, en þar er námsmat sagt í endurskoðun. Prófin eru af ýmsum toga; *lokapróf*, *annarpróf*, *kaflapróf*, *áfangapróf*, *könnunarpróf*, *skyndipróf* og *gagnapróf* (ekki útskýrt frekar en líklega próf þar sem nemendur mega hafa með sér hjálpargögn). Í einum skólanna eru nefnd *svindlpróf* og *samvinnupróf*. Í lýsingu frá

einum skóla kemur fram að *gömul samræmd próf* séu talsvert notuð.

Áhugavert er að námsmappa er nefnd þrisvar og í einni lýsingu kemur fram orðið *samvinnunámsmat* en það er ekki útskýrt frekar. Í öðru tilviki er nefnt að *hópverkefni* séu metin. Í sömu lýsingu kemur fyrir orðið *leiðarabók* og einnig námsmatsaðferðin *upplestur af segulbandi og eyðufylling*.

LOKAORÐ

Af þessu yfirliti virðist mega ráða að námsmat í íslensku sé býsna fjölbreytt. Mest ber á prófum, sem varla þarf að koma á óvart, en fjölbreytni þeirra er talsverð. Margar námsmatsaðferðir eru notaðar samhliða prófunum eða í stað þeirra. Nokkur dæmi eru um námsmöppur, leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat – en þessar aðferðir virðast ekki hafa náð mikilli útbreiðslu þegar þessi upplýsingaöflun fór fram. Ekki er heldur hægt að ráða af lýsingunum að teljandi áhersla sé lögð á leiðsagnarmat og í þeim tilvikum sem það virðist til staðar er jafnan óljóst hvernig það er útfært. Einnig verður að setja eðlilega fyrirvara með hliðsjón af því að ekki fengust upplýsingar úr öllum skólunum í úrtakinu og jafnframt, eins og fram hefur komið, að lýsingar voru oft mjög knappar og því örðugt að ráða í þær. Þá skiptir áreiðanlega máli að orðaforði íslenskra kennara um námsmat virðist ekki mjög samræmdur og ekki alltaf ljóst við hvað er átt hverju sinni.

Fjölbreytni námsmatsaðferðanna sést vel þegar brugðið er upp lista yfir allar þær aðferðir sem nefndar eru í lýsingunum (sjá Töflu 1).

Áhugavert er að bera þessar niðurstöður saman við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla í íslensku (Menntamálaráðuneytið 1999, bls. 15–21). Þar er m.a. lögð áhersla á mikilvægi stöðugs eftirlits með vinnu nemenda og verður ekki betur séð en að það sé eitt megineinkenni á námsmati eins og það er víðast framkvæmt í grunnskólum. Í námskánni er einnig fjallað um mikilvægi þess að greinandi próf séu lögð fyrir nemendur á fyrstu árum grunnskólanáms en rannsókn okkar sýnir að þau eru víða framkvæmd. Í námskránni eru á hinn bóginn nefndar ýmsar aðferðir sem fá eða engin dæmi eru um í okkar gögnum. Má þar nefna *málproskapróf*, *skipulegan máflutning*, *myndlestrarpróf* og *dagbækur*. Í námskránni er ítrekað bent á námsmöppur (sem þar eru nefndar verkefnaöppur) sem heppilega námsmatsleið en eins og fram hefur komið koma þær sjaldan við sögu.

Höfundar hyggjast halda þessum athugunum áfram. Næsta skref er að falast eftir því að fá að heimsækja nokkra skóla þar sem greina mátti í gögnum að sérstaklega væri verið að vinna að þróun námsmatsins. Einn skóli hefur þegar verið heimsóttur en þar hafa kennarar verið að þróa námsmöppur sem meginaðferð í námsmati.

Von höfunda er að rannsókn þessi leiði til þess að fyllri

Tafla 1 – Allar námsmatsaðferðir í íslensku sem nefndar voru í skólanámskránum

Annarpróf
Áfangapróf
Bókmennta- og ljóðapróf
Einstaklingspróf
Flutningur
Framsagnarpróf
Gagnapróf
Gátlistar
Heimavinna metin
Hlýtt yfir í tímum
Hópverkefni
Íslenskupróf

Íslenskupróf
Jafningjamat
Kannanir, könnunarpróf
Kjörbókarritgerð
Leshraðapróf, hraðapróf,
hraðlestrarpróf
Lesskilningspróf
Lesskimunarpróf
Lestrarhæfnipróf
Lestrarpróf
Lestrarkannanir
Leiðsagnarlistar
Matslistar
Málfræðipróf

Miðsvetrarpróf
Móðurmálspróf
Prófið Aston Index
Raddlestrarpróf
Ritgerð
Ritunarverkefni
Samræmt próf
Samvinnupróf
Símat*
Skrifleg verkefni
Skriftarbækur
Skriftarpróf
Skriftarkönnun
Skyndipróf
Stafsetningarpróf,
-kannanir og -æfingar

Stöðupróf
Svindlpróf
Upplestraræfingar
Upplestrarpróf
Verkefnavinna
Verkefnabækur
Verkefni
Verkmappa, ferilmappa
Vinnubækur
Vorpróf
Yfirlitspróf

* Símati er lýst á fleiri vegu en með þessu orði, dæmi: Stöðugt mat, stöðugt eftirlit, mat á ástundun, fylgst jafnt og þétt með framförum (virkni, vinnubrögðum, vinnusemi), vinna í tímum metin jafnóðum.

mynd fáist af námsmati í grunnskólum og að hún bæti nokkru við fyrri rannsóknir, t.d. rannsókn Ernu Ingibjargar Pálsdóttur, auk þess að varpa nokkru ljósi á þróun námsmats í íslenskum grunnskólum sem virðist hafa tekið kipp á undanförunum árum.

Að lokum má vekja athygli á tveimur nýlegum, íslenskum rannsóknum á námsmati í skólum hér á landi sem eiga brýnt erindi við íslenskukennara. Í fyrsta lagi rannsókn Rúnars Sigbórssonar (2008) en hann gerði ítarlega rannsókn á áhrifum samræmdra prófa á kennsluhætti í íslensku og náttúrufræði í fjórum grunnskólum. Auk þess að vera mjög upplýsandi um fyrirkomulag námsmats og viðhorf kennara og nemenda til þess varpar rannsókn hans skýru ljósi á kennsluhætti og námskröfur í íslensku á unglingsstigi. Önnur rannsóknin sem við viljum vekja athygli á er rannsókn Ragnheiðar Hermannsdóttur (2008) á viðhorfum 48 grunn- og framhaldsskólanemenda til námsmats. Niðurstöður Ragnheiðar eru sérstaklega lærdómsríkar fyrir kennara því þær varpa skýru ljósi á það hvers konar námsmat nýtist nemendum best að þeirra mati. Hægt er að nálgast rannsóknarritgerð Ragnheiðar á Netinu (sjá heimildaskrá).

Heimildir

Black, P. og Wiliam, D. (1998b). Inside the Black Box: Raising Standards

through Classroom Assessment. *Phi Delta Kappan*, 80 (2): 139–148. (Sjá á þessari slóð: <http://www.pdkintl.org/kappan/kbla9810.htm>.)

Bloom, B. S., Hastings, J. T., og Madaus, G. (1971). *Handbook on Formative and Summative Evaluation of Student Learning*. New York: McGraw-Hill.

Erna Ingibjörg Pálsdóttir (2006). *Námsmat í höndum kennara*. Meistaraprófsritgerð lögð fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri.

Ingvar Sigurgeirsson (1998). Námsmat byggt á traustum heimildum. Í Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Ólafur Proppé (ritstjórar), *Steinar í vörðu, til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri* (bls. 147–169). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ingvar Sigurgeirsson (2008). *Einstaklingsmiðað námsmat í Ingunnarskóla og Norðlingaskóla*. Reykjavík: SRR Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf.

Laugalækjarskóli (án árs). *Einstaklingsmiðað nám*. Sótt 12. apríl 2009 á þessa slóð: http://laugalækjarskoli.is/ein_au/

Menntaskóli Borgarfjarðar (2009). *Námsmat*. Sótt 12. apríl 2009 á þessa slóð: <http://www.menntaborg.is/is/page/namsmat>

Ragnheiður Hermannsdóttir (2008). *Það skiptir svo miklu máli hvernig þetta er gert fyrir námið: Námsmat frá sjónarhóli nemenda*. Meistaraprófsritgerð til M.Ed. gráðu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sjá á þessari slóð: <http://hdl.handle.net/1946/2016>

Rósa Maggý Grétarsdóttir (2007). Hverjum á námsmat að þjóna? *Skíma* 30(1):15–17.

Rósa Maggý Grétarsdóttir (2007). „Þú ert auðvitað alltaf að meta.“ – *Viðhorf íslenskukennara til námsmats*. Lokaritgerð til MA-gráðu við Háskóla Íslands.

Rúnar Sigbórsson (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum*. Doktorsritgerð lögð fram við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands.

Sigríður Heiða Bragadóttir, Auður Ögmundsdóttir og Helgi Grímsson (1997). *Skrifað í skrefum: Ferlisritun – Handbók kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Sigrún Björk Cortes (2006). Einstaklingsmiðun og námsmat. *Skíma*, 29(2), 27–29.

1 Höfundar þakka Ernu Ingibjörgu Pálsdóttur fyrir að vekja athygli þeirra á þessu ljóði en hún birtir það í meistaraprófsritgerð sinni *Námsmat í höndum kennara* (2006).

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekkjum grunnskólanna

Prettán ár eru nú síðan Stóra upplestrarkeppnin fór af stað árið 1996 í Hafnarfirði eða sama ár og nemendur,

sem nú eru í 7. bekk, fæddust.

Það er í sjálfu sér mjög merkilegt því hver hefði trúað því þá að keppnin næði þeim þroska sem hún hefur gert í dag.

Verkefnið hefst ávallt á degi íslenskrar tungu og kennurum er boðin þátttaka. Skrái kennari bekk sinn til keppni hefur hann ákveðið að taka upp ákveðna kennsluhætti sem ná til allra nemenda í bekknum. Nemendur eru þar með formlegir þátttakendur í keppninni.

Markmið keppinnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði og mestu máli skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framsögn og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Í ár voru tæplega 4.500 nemendur skráðir til verkefnisins, alls 154 skólar sem eru allir skólar á landinu sem hafa nemendur í 7. bekk. Loka-hátíðir voru 32 að þessu sinni og eru þær sannkallaðar menningarhátíðir í hverju héraði, þar sem fulltrúar margra skóla koma saman. Það ánægjulega við verkefnið er einmitt að allir vilja vera með, allir vilja vanda sig – en einkunnarorð keppinnar eru einmitt vandvirkni og virðing.

Það yljár öllum sem unna íslenski tungu að fylgjast með flutningi þessara ungu listamanna sem stíga á stökk í öllum helstu kirkjum og félagsheimilum landsins. Sjá hvernig kennurum og foreldrum hefur tekist að laða fram það besta sem býr í börnunum og höfða til þeirrar ræktarsemi sem blundar í brjóstum flestra Íslendinga gagnvart tungunni og máluppeldi nýrrar kynslóðar.

Stóra upplestrarkeppnin á marga velunnara sem styrkja verkefnið og má þar helst nefna Sparisjóðina á Íslandi,

menntamálaráðuneytið, Mjólkursamsöluna, Flugfélag Íslands, Félag íslenskra bókaútgefenda, Sumargjöf, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og ýmsir fleiri hafa styrkt keppnina í gegnum tíðina.

Verkefnið hefur hlotið afbragðs-viðtökur skólafólks, og sérstaklega ánægjulegt er að finna hvað nemendur hafa sýnt mikinn áhuga á að leggja sig fram um að lesa upp af listfengi. Skólaskrifstofur hafa veitt keppninni brautargengi í sínu umdæmi og lagt henni ómetanlegt lið og hafa sér til fulltingis framkvæmdanefndir skipaðar fulltrúum Heimilis og skóla og Samtaka móðurmálskennara. Sjálft uppeldisstarfið, ræktun upplestrarins, hefur hvílt á herðum kennara og margir hafa átt mjög góða samvinnu við foreldra í þeim efnum.

Nokkrar breytingar urðu á rekstri Stóru upplestrarkeppinnar síðastliðið haust og fluttust höfuðstöðvarnar frá Símenntunarstofnun KHÍ til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Ekki er lengur starfandi verkefnisstjóri keppinnar en heimasíðan var eflað og er veffangið hafnarfjordur.is/upplestur. Netfangið er upplestur@hafnarfjordur.is og er pósti svarað daglega og reynt að standa þétt við bakið á kennurum, skólaskrifstofum og umsjónarmönnum með verkefninu í hverju héraði.

Félagið sem stendur að verkefninu heitir Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn og er stjórnin þannig skipuð:

Ingibjörg Einarsdóttir formaður

Björk Einisdóttir varaformaður

Jósefína Friðriksdóttir meðstjórnandi





Máltækni og málstefna – íslenska innan upplýsingatækninnar

Tilfni þessarar greinar eru þrjú:¹ 10 ára afmæli íslenskrar máltækni,² öndvegissstyrkur sem Rannsóknasjóður hefur nýlega veitt til máltækniverkefna, og samþykkt íslenskrar málstefnu þar sem m.a. er fjallað um stöðu íslensku í tölvuheiminum. Gerð er grein fyrir uppbyggingu íslenskrar máltækni undanfarinn áratug og helstu verkefnum sem unnið hefur verið að, svo og þeim sem eru á döfinni. Í lokin er fjallað um meginmarkmið og aðgerðir íslenskrar málstefnu á sviði máltækni og hugbúnaðarþýðinga, og rætt um forsendur þess að íslenska eigi sér framtíð innan upplýsingatækninnar.

1. Inngangur

Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2006–2010 segir: „Upplýsingatækni verður æ mikilvægari þáttur í daglegu lífi Íslendinga og er afar brýnt að þeir geti notað móðurmálið á þeim vettvangi. Til að mynda er áriðandi að ýmiss konar grundvallarhugbúnaður (til dæmis stýrikerfi, ritvinnsluforrit, póstforrit og vafrar) verði fánlegur með íslensku notendaviðmóti og að í algengum ritvinnsluforritum verði hjálparbúnaður fyrir íslensku, svo sem forrit sem leiðrétta stafsetningu, málfar og skipta orðum rétt á milli lína. Þá hafa einnig orðið örur framfarir í vélrænum þýðingum á undanförunum árum og er því nauðsynlegt að íslenska verði hluti af þeirri þróun. Til þess að staða íslenskrar tungu í upplýsingatækni sé tryggð þarf að eiga sér stað kröftugt rannsóknar-, þróunar- og uppbyggingarstarf í íslenskrari tungutækni“ (http://www.islenskan.is/Stefnuskra_2006-2010.htm).

Þarna er talað bæði um máltækni (tungutækni) og hugbúnaðarþýðingar. Þetta tvennt er oft tengt saman og mörkin þarna á milli eru óskýr og í hugum margra jafnvel ekki til, en í raun og veru er hér þó um tvö sjálfstæð viðfangsefni að ræða. Það er alveg hægt að hugsa sér íslenskan hugbúnað án nokkurrar máltækni – þ.e. án íslenskra leiðréttingarforrita, án vélrænna þýðinga milli íslensku og annarra mála, án íslenskra talgervla og talgreina, o.s.frv. Á sama hátt má vel hugsa sér íslenska máltækni þótt allt viðmót hugbúnaðarins sé á ensku, og það er reyndar staðan hjá mörgum notendum

– algengt er að menn séu með villuleitarforrit eins og *Púkann* en séu svo með *Windows* á ensku.

En það er eðlilegt að almennir notendur dragi ekki skil milli máltækni og hugbúnaðarþýðinga. Hvortveggja varðar tölvur og notkun tungumáls í tengslum við þær. Þetta snýst sem sé um hugtak sem hefur verið áberandi í málræktarumræðu undanfarin ár – *umdæmi* tungumálsins, sem í þessu tilviki er þá tölvuheimurinn og upplýsingatæknin. Verður íslenska ríkjandi í þessu umdæmi í framtíðinni – og hvað þarf til að svo verði? Í þessari grein ætla ég fyrst að rekja í stuttu máli þær breytingar sem hafa orðið á þessu sviði undanfarinn áratug, og velta síðan fyrir mér möguleikum íslenskrar tungu innan upplýsingatækninnar á næstu árum.

2. Sagan

Fyrir tíu árum var staða mála íslensku innan upplýsingatækninnar ekki álitleg, hvort sem litið var til hugbúnaðarþýðinga eða máltækni. Staðan í hugbúnaðarþýðingum hafði þá raunar farið versnandi frá níunda áratugnum. Þegar frumstæð ritvinnslukerfi fóru að koma á markaðinn hér á landi upp úr 1980 voru þau undantekningarlítið á íslensku. Stýrikerfi og notendahugbúnaður Macintosh-tölva hefur verið á íslensku fram undir þetta, og einnig stóð IBM á Íslandi fyrir umfangsmiklum hugbúnaðarþýðingum í samstarfi við Orðabók Háskólans. En fyrsta alvöru ritvinnslukerfið sem var þýtt fyrir PC-tölvur var WordPerfect (*Word Perfect handbók* 1986). Sú þýðing var gerð árið 1986 og

náði um skeið yfirburðastöðu á markaðnum – án efa að verulegu leyti vegna tungumálsins.

En með útbreiðslu Windows upp úr 1990 náði Word yfirhöndinni og var ekki íslenskað. Um sama leyti fóru svo að koma tölvupóstkerfi eins og Outlook og Eudora, vafrar eins og Netscape og Mosaic, og síðar Internet Explorer. Þessi forrit voru öll á ensku, og með sprengingu í netnotkun á síðasta áratug vandist almenningur því að tölvur og allt sem þeim tengdist væri á ensku. Staðan í máltækni var síst betri – íslensk máltækni var varla til fyrir áratug. Við áttum að vísu ágætt ritvilluleitarforrit, *Púka* Friðriks Skúlasonar, og talgervil sem tæpast var boðlegur til almennrar notkunar þótt hann nýttist blindum og sjónskertum vel. En þar með var það upp talið.

Fyrir tíu árum komst svo hreyfing á málín, bæði á sviði hugbúnaðarþýðinga og máltækni, að frumkvæði Björns Bjarnasonar, þáverandi menntamálaráðherra. Sumarið 1998 hóf hann viðræður við Microsoft sem leiddu til þess að gerður var samningur menntamálaráðuneytisins og Microsoft um íslenskun á Windows 98 stýrikerfinu (sjá <http://www.bjorn.is/greinar/1999/01/20>). Sama haust, 1998, fékk Björn Rögnvald Ólafsson dósent í eðlisfræði til að gera skýrslu um ástand og horfur í íslenskri máltækni. Rögnvaldur fékk tvo menn með sér í skýrslugerðina og þessi starfshópur skilaði af sér fyrir tíu árum, vorið 1999. Í skýrslu hópsins var eftirfarandi slegið föstu:

Meginmarkmið Íslendinga hlýtur að verða að unnt verði að nota íslenska tungu, ritaða með réttum táknum, sem víðast innan tölvu- og fjarskiptatækninnar. Þar verður þó að sjálfsögðu að sníða sér stakk eftir vexti. Það er mikið verkefni að gera íslensku gjaldgenga á öllum sviðum, við allar aðstæður. Því verður að leggja megináherslu á þá þætti sem varða daglegt líf og starf alls almennings, eða munu gera það á næstu árum (Rögnvaldur Ólafsson, Eiríkur Rögnvaldsson og Þorgeir Sigurðsson 1999:34).

Í framhaldi af þessu lagði starfshópurinn til að stjórnvöld beittu sér fyrir átaki á fjórum sviðum til eflingar íslenskri máltækni næstu fimm árin (Rögnvaldur Ólafsson, Eiríkur Rögnvaldsson og Þorgeir Sigurðsson 1999:28):

1. Byggð verði upp sameiginleg gagnasöfn, málsöfn, sem geti nýst fyrirtækjum sem hráefni í afurðir.
2. Fé verði veitt til að styrkja hagnýtar rannsóknir á sviði máltækni.
3. Fyrirtæki verði styrkt til þess að þróa afurðir máltækni.
4. Menntun á sviði máltækni og málvísinda verði eflid.

Í tillögum starfshópsins var gert ráð fyrir að máltækniátakið stæði í a.m.k. fjögur ár og heildarkostnaður á ári yrði 225–250 milljónir króna (Rögnvaldur Ólafsson, Eiríkur Rögnvaldsson og Þorgeir Sigurðsson 1999:30). Eftir það

vonuðust menn til að íslensk máltækni yrði orðin sjálfbær og þarfnaðist ekki meiri opinberra framlaga.

3. Staðan

Á fjárlögum árána 2000–2004 voru alls veittar 133 milljónir króna til máltækni (sjá <http://hamar.stjr.is/>). Það er verulegt fé, en þó aðeins u.þ.b. 1/8 þess sem starfshópurinn taldi að þyrfti til að ná tilætluðum árangri. Það er því ekki von að öllum verkefnum sem talin voru brýn í skýrslunni hafi verið gerð skil. Þó er óhætt að segja að furðu mikið hafi áunnist miðað við tilkostnað, og máltækniáætlunin hafi skilað heilmiklu. Þverfaglegt meistaranám í máltækni var í boði við Háskóla Íslands á árunum 2002–2004, en 2007 var námið endurskipulagt og er nú rekið í samvinnu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Nemendur í þessu námi hafa átt þess kost að taka námskeið í norræna máltækniháskólanum, Nordic Graduate School of Language Technology (NGSLT, <http://www.ngslt.org>) og hefur það verið ómetanlegt.

Einnig hafa mikilvæg gagnasöfn verið byggð upp, og ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum hefur verið ýtt af stað. Ég skal nefna nokkur þau helstu – sex þau fyrsttöldu voru að talsverðu eða öllu leyti kostuð af máltækniáætlun menntamálaráðuneytisins.

- Íslenskur talgreinir (stakorðagreinir; sjá Eiríkur Rögnvaldsson 2004; Helga Waage 2004)
- Íslenskur talgervill (Ragga – vefpulan; sjá Eiríkur Rögnvaldsson, Björn Kristinsson og Sæmundur Þorsteinsson 2006)
- Endurbætt ritvilluleit (Púki; sjá Friðrik Skúlason 2004)
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (hátt í 300 þúsund orð og hátt á sjöttu milljón beygingarmynd; sjá Kristín Bjarnadóttir 2004, 2005)
- Mörkuð málheild (25 milljón orða safn fjölbreyttra texta, málfræðilega greint; sjá Sigrún Helgadóttir 2004)
- Málfræðilegir markarar (forrit sem greina texta málfræðilega; sjá Sigrún Helgadóttir 2005, 2007; Hrafn Loftsson 2006, 2007)
- Leitarvél (Embla og leitarvél Já; sjá Hjálmar Gíslason 2006)
- Hlutapáttari (forrit sem greinir helstu setningarliði og setningarleg hlutverk; sjá Hrafn Loftsson og Eiríkur Rögnvaldsson 2007)
- Samhengisháð ritvilluleit (sjá Anton Karl Ingason o.fl. 2009)

Margt af þessum gagnasöfnum og búnaði nýttist nemendum og skólakerfinu beint. *Beygingarlýsingin* (<http://bin.arna.stofnun.is/>) er t.d. ómetanlegt hjálpargagn í kennslu og verkefnavinnu. Talgervillinn *Ragga* nýttist blindum og sjónskertum nemendum mjög vel, og fjölmargir, m.a. lesblindir, nýta sér einnig þjónustu *Vefpulunnar* ([SKÍMA 1 • 2009](http://www.vefthulan.is/lesa-</p></div><div data-bbox=)

textu) til að lesa texta upphátt. Markarinn *IceTagger* er aðgengilegur á netinu (http://nlp.ru.is:8080/IceNLPWeb/icenlp_isl.html) og geta nemendur og aðrir nýtt sér það við málfræðilega greiningu orða – og að hluta til einnig við setningagreiningu. *Púkinn* er mjög naskur við að vinna stafsetningar- og innsláttarvillur, en hann ræður þó ekki við ýmsar algengar villur þar sem leyfileg orðmynd er rituð á röngum stað (t.d. *himin* í stað *himinn*, *leiti* í stað *leyti* o.s.frv.). Til að finna slíkar villur þarf *samhengisháða ritvilluleit*, þ.e. búnað sem skoðar samhengi orðanna í stað þess að líta bara á einstakar orðmyndir. Frumgerð slíks búnaðar hefur nú verið þróuð fyrir íslensku og verður gerð aðgengileg á netinu innan skamms (á <http://www.tungutaekni.is>).

Þrátt fyrir þetta fer því fjarrí að íslensk máltækni sé orðin sjálfbær, eins og stefnt var að – og það er engin furða. Það kostar jafnmikið að byggja upp málleg gagnasöfn og máltækni búnað fyrir tungumál sem 300 þúsund manns tala og fyrir tungumál milljónabjóða. Það er ekki von að fyrirtæki sjái sér hag í því að leggja í mikinn kostnað við að þróa og aðlaga máltækni búnað fyrir íslensku – sú fjárfesting skilar tæpast hagnaði. Á mörgum sviðum máltækinnar er nánast allt óunnið. Það hefur t.d. sáralítið verið gert á sviði vélræna þýðinga, svo að nefnt sé eitt verkefni sem tilgreint er í stefnuskrá Málnefndarinnar sem vitnað var til í upphafi.

Þótt illa hafi gengið að auka áhuga fyrirtækja á gerð máltækni búnaðar hafa rannsóknir á sviði máltækni eflst verulega undanfarin ár. Rannsóknasjóður hefur veitt nokkra styrki til máltækni verkefna, m.a. til gerðar hlutabáttara og samhengisháðrar ritvilluleitar sem nefnd eru hér að framan. Nú í ársbyrjun veitti Rannsóknasjóður svo öndvegissstyrk, u.þ.b. 14,5 milljónir á ári í þrjú ár, til nýs máltækni verkefnis sem fræðimenn og framhaldsnemar við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum standa að. Það verkefni skiptist í þrjú þætti. Sá fyrsti er vélræn merkingagreining texta; annar verkþáttur er vélræn grófþýðing milli ensku og íslensku; og þriðji verkþátturinn felst í vélrænni setningagreiningu og gerð íslensks trjábanka, en trjábanki er texti sem hefur verið greindur setningafræðilega. Afurðir allra þessara verkþátta munu nýtast í margvíslegum búnaði, s.s. við þýðingar, leit á netinu og í gagnaböndum, vélræna málfarsleiðréttingu o.m.fl.

Á sviði hugbúnaðarþýðinga eigum við því láni að fagna að langútbreiddasta stýrikerfið og notendahugbúnaðurinn, Windows og Office, er til á íslensku. Windows XP og Office 2003 komu í íslenskri þýðingu árið 2004, og í fyrra komu Windows Vista og Office 2007 á íslensku. Þarna strandar meira á notendunum sjálfum – þýðingarnar hafa ekki fengið þá útbreiðslu sem vænta mætti. Það skiptir miklu máli að notendur venjist íslenskuðum hugbúnaði frá byrjun, og þess

vegna er höfuðatriði að hugbúnaður í skólakerfinu sé á íslensku.

Því miður virðist meginhluti grunn- og framhaldsskóla nota Windows á ensku (sjá Hulda Hreiðarsdóttir 2008), þótt ágæt íslensk útgáfa stýrikerfisins hafi verið til undanfarin ár. Þarna þarf einhverja hugarfarsbreytingu hjá forráðamönnum skólanna. Ekki er ástandið betra í Háskóla Íslands, sem þó stærir sig af því að hafa sett sér málstefnu þar sem segir m.a.: „Málstefnan hefur að leiðarljósi að talmál og ritmál Háskólans er íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknum sem stjórnáslu“ (<http://www.hi.is/page/malstefna>). Samt sem áður býður Reiknistofnun Háskólans eingöngu upp á Windows og Office á ensku í tölvuverum, og starfsmönnum er ekki boðið upp á íslenska útgáfu hugbúnaðarins að fyrra bragði.

4. Framtíðin

En hverjar eru þá framtíðarhorfur íslenskrar máltækni, og íslensku innan upplýsingatækninnar? Ég er sannfærður um að þær velta algerlega á íslenskum almenningi. Ef almennir málnotendur vilja hafa upplýsingatækni á íslensku og sætta sig ekki við annað þá verður hún á íslensku. Til þess þarf að halda áfram uppbyggingu íslenskrar máltækni, en á því eru engar tæknilegar hindranir. Hindranir eru fyrst og fremst fjárhagslegar, en það er samt smámál miðað við jarðgöng, virkjanir, mislæg gatnamót og annað sem við leggjum fé í (eða lögðum fé í til skamms tíma, þótt e.t.v. verði eitthvað minna um það á næstunni).

Það er ekki hægt að búast við því að stjórnáslamenn eða fyrirtæki vilji leggja fé í búnað sem enginn hefur áhuga á eða vill nota. Ég held því að við þurfum á vitundarvakningu meðal almennings að halda. Við þurfum að sannfæra fólk um að það er engin ástæða til lítillþægni – upplýsingatæknin getur verið á íslensku og á að vera það. Það gerist ekkert nema almennir málnotendur vilji geta notað íslensku innan upplýsingatækninnar og sýni þann vilja í verki. Og þetta er ekki bara okkar mál – það er beinlínis skylda okkar við komandi kynslóðir að gera tungumálið gjaldgengt innan upplýsingatækninnar. Ef við missum það svið algerlega til enskunnar náum við því aldrei til baka.

Í nýrri íslenskri málstefnu, sem Alþingi samþykkti 12. mars sl., er sett fram eftirfarandi meginmarkmið um notkun íslensku innan upplýsingatækninnar (*Íslenska til alls* 2008: 49):

- Að íslensk tunga verði nothæf – og notuð – á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings.

Þetta merkir í fyrsta lagi að viðmót algengs hugbúnaðar (valmyndir, hjálpartextar o.s.frv.) þarf að vera íslenskt; í öðru lagi að til þarf að vera ýmiss konar hugbúnaður sem liðsinnir og leiðbeinir notendum við notkun íslensks

máls (leiðréttingarforrit, þýðingarforrit, hjálparforrit fyrir fatlaða); og í þriðja lagi að unnt á að vera að nota íslensku sem samskiptamál við ýmiss konar tölvu- og tæknibúnað (upplýsingakerfi, þjónustuver, tölvustýrð tæki af ýmsu tagi) (*Íslenska til alls* 2008:49).

Í framhaldi af þessu er svo sett fram aðgerðaáætlun í níu liðum, m.a. eftirfarandi (*Íslenska til alls* 2008:50):

- Að allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skóla-kerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára.
- Að stöðugt verði unnið að uppbyggingu og eflingu mállegra gagnasafna sem eru forsenda fyrir þróun og smíði margs kyns máltæknibúnaðar.
- Að hugbúnaður til að lagfæra og leiðrétta íslenskt málfar verði gerður og kominn í notkun innan þriggja ára.
- Að nothæf þýðingarforrit milli íslensku og valinna erlendra mála, a.m.k. ensku, verði gerð innan fimm ára.
- Að íslenskur talgervill og talgreinir sem gerðir voru á vegum tungutækniátaks menntamálaráðuneytisins verði endurbættir og lagaðir að nýjustu tækni.

Þessi stefnumörkun er mikilsverð þótt óljóst sé um efndir og ekki sé líklegt að mikið fé verði lagt í aðgerðir á þessu sviði á næstunni. En forsenda þess að stefna af þessu tagi skili árangri er sú að hún njóti almenns stuðnings. Fátt væri verra fyrir íslenska tungu en opinber málstefna sem væri aðeins fögur innantóm orð en hefði ekki tengsl við almenna málnotendur og stuðning þeirra.

Þegar mikilvægi íslenskrar máltækni er metið verður að líta til þess að upplýsingatækni er orðin mikilvægur þáttur í daglegu lífi alls almennings í landinu. Ef ekki verður hægt að nota íslensku innan hennar kemur upp splunkuný staða, sem ekki á sér hliðstæðu fyrr í málsögunni. Þá verður orðið til mikilvægt svið í daglegu lífi venjulegs fólks, þar sem móðurmálið er gagnslítið eða ónothæft. Hvaða áhrif hefði slíkt umdæmistap á málnotendur og málsamfélagið? Hvað gerist ef móðurmálið er ekki lengur nothæft í nýrri tækni og öðru sem er nýtt og spennandi; á sviðum þar sem nýsköpun af ýmsu tagi á sér stað; og á sviðum þar sem ný atvinnutækifæri bjóðast? Menn þurfa varla að velja þessu lengi fyrir sér til að sjá hættumerkin.

En það er ástæðulaust að meta þörf á íslenskrar máltækni eingöngu út frá sjónarmiði tungumálsins og varðveislu þess. Við eigum einnig og ekki síður að líta á þetta út frá þörfum og hagsmunum okkar, almennra málnotenda. Við eigum kröfu á því að geta notað móðurmálið hvar sem er í íslensku málsamfélagi – líka innan upplýsingatækninnar. Við eigum að krefjast þess að hugbúnaðurinn sem við notum sé á íslensku, að við fáum leiðréttingarhugbúnað fyrir íslenskan texta, að við getum talað við ýmis tölvustýrð tæki á íslensku,

að við fáum þýðingarforrit sem geti þýtt milli íslensku og annarra mála, að við getum unnið flóknar upplýsingar úr íslenskum texta- og gagnasöfnum og leitað í þeim á margvíslegan hátt, o.s.frv. Við eigum þetta skilið – og íslenskan á það skilið.

Tilvísanir

1 Greinin er að hluta byggð á erindinu *Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar* sem haldið var á málþinginu *Á íslenska sér framtíð innan upplýsingatækninnar?* á vegum Tungutækniáseturs og Íslenskrar málnefndar í Háskólanum í Reykjavík 7. mars 2008.

2 *Máltækni* nýst um margs konar notkun tölvu við meðferð tungumálsins. Þetta svið nefnist á ensku *language technology* og hefur verið kallað *tungutækni* á íslensku undanfarin ár en það orð er á ýmsan hátt óheppilegt og margir þeirra sem vinna mest á þessu sviði hafa því tekið upp orðið *máltækni* í staðinn.

Ritaskrá

Anton Karl Ingason, Skúli Bernhard Jóhannsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Sigrún Helgadóttir og Hrafn Loftsson. 2009. Context-Sensitive Spelling Correction and Rich Morphology. *Proceedings of NODALIDA 17*.

Eiríkur Rögnvaldsson. 2004. The Icelandic Speech Recognition Project *Hjal*. Henrik Holmboe (ritstj.), *Nordisk Sprogteknologi. Árbog 2003*, s. 239–242. Museum Tusulanums Forlag, Kaupmannahöfn.

Eiríkur Rögnvaldsson, Björn Kristinsson og Sæmundur Þorsteinsson. 2006. Nýr íslenskur þulur að koma á markað. *Morgunblaðið* 20. janúar.

Friðrik Skúlason. 2004. Endurbætt tillögugerðar- og orðskiptiforrit Púka. *Samspil tungu og tækni*, s. 29–31. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Helga Waage. 2004. Hjal – gerð íslensks stakorðagreinis. *Samspil tungu og tækni*, s. 49–53. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Hjálmar Gíslason. 2006. Resourcebehov i informationssøgning. Erindi flutt á málstefnunni *Språketeknologisk infrastruktur i Norden*, Gautaborg, 26. október 2006. <http://www.nordisk-sprakrad.no/Bilag%20presentationer.pdf>

Hrafn Loftsson. 2006. Tagging Icelandic Text: A Linguistic Rule-Based Approach. *Technical Report CS-06-04*, Department of Computer Science, University of Sheffield.

Hrafn Loftsson. 2007. Tagging and Parsing Icelandic Text. Doktorsritgerð, Department of Computer Science, University of Sheffield.

Hrafn Loftsson og Eiríkur Rögnvaldsson. 2007. IceParser: An Incremental Finite-State Parser for Icelandic. Joakim Nivre, Heiki-Jaan Kaalep, Kadri Muischnek og Mare Koit (ritstj.), *Proceedings of the 16th Nordic Conference of Computational Linguistics NODALIDA-2007*, s. 128–135. Tartu.

Hulda Hreiðarsdóttir. 2008. *Getur tungan leyst hugvit úr læðingi? Umfjöllun um áhrif notkunar á stýrikerfi í íslenskrar þýðingu á tölvulæsi og notkun tölvunýrra*. BA-ritgerð í íslenskrar málfræði við Háskóla Íslands.

Íslenska til alls. 2008. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrar málstefnu. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Kristín Bjarnadóttir. 2004. Beygingarlýsing íslensks nútímamáls. *Samspil tungu og tækni*, s. 23–25. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Kristín Bjarnadóttir. 2005. Modern Icelandic Inflections. Henrik Holmboe (ritstj.), *Nordisk Sprogteknologi. Árbog 2005*, s. 49–50. Museum Tusulanums Forlag, Kaupmannahöfn.

Rögnvaldur Ólafsson, Eiríkur Rögnvaldsson og Þorgeir Sigurðsson. 1999. *Tungutækni. Skýrsla starfshóps*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Sigrún Helgadóttir. 2004. Mörkuð íslensk málheild. *Samspil tungu og tækni*, s. 67–71. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Sigrún Helgadóttir. 2005. Testing Data-Driven Learning Algorithms for PoS Tagging of Icelandic. Henrik Holmboe (ritstj.), *Nordisk Sprogteknologi. Árbog 2004*, s. 257–265. Museum Tusulanums Forlag, Kaupmannahöfn.

Sigrún Helgadóttir. 2007. Mörkun íslensks texta. *Orð og tunga* 9:75–107.

WordPerfect handbók. 1986. Íslensk þýðing Eiríkur Rögnvaldsson lektor og Vilhjálmur Sigurjónsson kerfisfræðingur. Rafreiknir hf., Reykjavík.

- *Höfundur er prófessor í íslenskrar málfræði við Háskóla Íslands.*



Hverjir eiga að stýra textavali í bókmenntakennslu?

Samantekt úr tveimur greinum úr tímaritinu *Svenskläraren*

Hér er fjallað um tvær greinar úr nýjasta hefti *Svenskläraren*, mál gagni móðurmálskennara í Svíþjóð. Sú fyrri nefnist „Är en nordisk kanon ens önskvärd?“ og er eftir Per-Anders Holkers, rithöfund og fyrrum kennara við kennaraháskólann í Stokkhólmi. Síðari greinin nefnist „Lärarna styr i finlandssvenska skolor“ og er eftir Katarinu von Numers-Ekman, móðurmálskennara við Mattlidens menntaskólann í Esbo í Finnlandi. Greinarnar eru báðar aðgengilegar á vef samtaka sænskra móðurmálskennara <http://www.svensklararforeningen.se/>.

Í fyrra kom út kennslubók í Danmörku sem nefnist *Nordisk litteratur til tjeneste* og er sýnisbók norrænna bókmennta frá upphafi fram á 20. öld. Bókin hefur vakið sterk viðbrögð meðal móðurmálskennara í Svíþjóð og Finnlandi og er nýjasta hefti *Svenskläraren* að mestu helgað umræðu um hana. Greinar Holkers og von Numers-Ekman eru innlegg í þá umræðu en áður en vikið er að þeim er rétt að fara nokkrum orðum um bókina og tilurð hennar.

Hugmyndin að *Nordisk litteratur til tjeneste* mun upphaflega komin frá norrænu ráðherranefndinni. Danirnir Torben Brostrøm, prófessor í norrænum bókmenntum og Anders Juhl Rasmussen doktorsnemi, voru ráðnir til að velja texta og annast ritstjórn. Í bókinni eru birtir frumtextar á Norðurlandamálunum fimm auk samísku og grænlenzku. Textar úr íslensku, færeysku, finnsku, samísku og grænlenzku eru að auki þýddir á eitt skandinavískt mál. Tilgangurinn með verkinu er að sögn þeirra Brostrøms og Rasmussens að kynna nokkur höfuðverk norrænna bókmennta fyrir ungum Norðurlandabúum á norrænu máli.

Þeir Brostrøm og Rasmussen telja að á síðustu árum hafi slaknað á samkennd Norðurlandabúa. Þetta birtist að þeirra mati í því að í skólum lesi ungir Norðurlandabúar ekki lengur verk eftir norræna höfunda aðra en samlanda sína. Þá hafi enskan tekið yfir sem samskiptamál meðal þeirra. *Nordisk*

litteratur til tjeneste er ætlað að vekja ungt fólk á Norðurlöndum til vitundar um samnorrænan menningararf sem að mati ritstjórnanna á undir högg að sækja í nútímanum þar sem enskan og fjölhyggjan drottna. Í samræmi við þetta leggja þeir Brostrøm og Rasmussen áherslu á sögulega texta í bókinni og rökstyðja það með því að kennsla í samtímabókmenntum sé yfirleitt fyrirferðarmeiri en kennsla í sögulegum bókmenntum (Sjá grein Brostrøms og Rasmussen „Nordisk litteratur til tjeneste“, bls. 13. Greinin er aðgengileg á vef samtaka sænskra móðurmálskennara).

Skemmst er frá því að segja að *Nordisk litteratur til tjeneste* hefur valdið nokkrum úlfapyt meðal móðurmálskennara í Svíþjóð og Finnlandi. Einn þeirra sem gagnrýnir bókina í *Svenskläraren* er Per-Anders Holkers. Þótt Holkers viðurkenni að bókin sé vel unnin og vitni um mikla þekkingu á norrænum bókmenntum þá telur hann að hún sé afsprengi þeirrar þjóðernislegu menntapólitíkur sem rekin hafi verið í Danmörku á undanförunum árum. Holkers bendir á að í Danmörku hafi stjórnvöld látið taka saman svokallaðan „kanón“ danskra bókmennta þar sem gamaldags þjóðernishygga ráði ríkjum og ekkert pláss sé t.d. fyrir bókmenntir nýbúa. Þessi „kanón“ er úrvalslisti fimmtán danskra höfunda frá ólíkum tímum sem öllum nemendum í grunn- og framhaldsskólum ber að lesa. Hugsunin að baki *Nordisk litteratur til tjeneste* er hin sama að mati Holkers nema að þar sé um



að ræða einhvers konar norræna útfærslu á þessari þjóðernishyggju þar sem hugmyndin um Norðurlönd sem lífræna heild er ráðandi. Þjóðernisstefnan sem Danir hafi aðhyllt á undanförunum árum sé með öðrum orðum útilokandi (exkluderande) og eigi ekkert skylt við þá frjálslyndu þjóðernishyggju sem Grundtvig lagði grunninn að á 19. öld. Holkers hikar ekki við að líkja þessari harkalegu þjóðernishyggju Dana við fasisma og gengur raunar svo langt að tengja menningar- og menntapólitik ríkisstjórnar Anders Fogh Rasmussen við Þýskaland nasismans! Hér er mikilvægt að hafa í huga að Danmörk er fjölmenningslegt samfélag, það merkir ekki það sama að vera danskur nú á dögum og fyrir tuttugu eða þrjátíu árum.

Í grein sinni „Lärarna styr í finlandssvenska skolor“ kýs Katarina von Numers-Ekman að fjalla almennt um gildi þess að stjórnvöld hlutist til um val á bókmenntum til kennslu. Ekman bendir á að í námskrá móðurmáls og bókmennta í finnsk-sænsku skólunum sé hvergi getið um neina bókatitla eða höfunda. Þetta hafi hins vegar ekki leitt til þess að hinir sænskumælandi Finnar hafi gerst skeytingarlausir um höfuðskáld sín. Ekman bendir á að í Finnlandi sé engin þörf fyrir opinberan „kanón“ í bókmenntum fyrir skólana einfaldlega vegna þess að þar viti kennararnir þegar um hvaða verk er að ræða. Finnsk-sænskir kennarar þurfi ekki á neinum opinberum leiðarvísi að halda því reynslan sýni að þeim sé fyllilega treystandi til að velja bækurnar sjálfir og átta sig á því hvaða gildi þær hafi fyrir nemendur. Ekman bendir á að sams konar viðhorf séu ríkjandi í finnskumælandi skólunum. Af þessu má ráða að í Finnlandi óttist menn ekki eins og í Danmörku að bókmenntaarfinum sé einhver hætta búin.

Í síðari hluta greinarinnar bendir Ekman á að þrátt fyrir að samkomulag ríki í stórum dráttum meðal móðurmálskennara í Finnlandi um hvaða verk beri að kenna þá hafi krafan um sameiginlegan leiðarvísi sums staðar orðið hávær. Flestir séu þó þeirrar skoðunar að kennarar eigi að hafa algert frelsi til að velja sjálfir bækur fyrir nemendur sína. Ekman vitnar í Gun Oker-Blom, forstjóra Norðurlandastofnunarinnar í Finnlandi, sem bendir á að þar í landi vinni móðurmálskennarar markvisst með ólíkar bókmenntagreinir og stúdentspróf í móðurmáli og bókmenntum taki mið af því. Á prófinu sé ekki spurt úr tilteknum bókmenntatextum sem allir eigi að hafa lesið heldur fái nemendur texta að glíma við sem heyra til tilteknum bókmenntagreinum. Nemendur eigi að glíma við textana á forsendum bókmenntagreinanna sem slíkra og verkefnin séu fjölbreytt.

Að lokum bendir Ekman á að áður fyrr hafi miðstýring í vali á bókmenntatextum og kennslugögnum almennt verið meiri en nú á dögum. Á 5. áratugnum hafi t.d. verið algengt að í skólanámskrám stæði hvaða kennslugögn og sýnisbækur ætti að nota í skólunum. Þau kennslugögn og bækur sem kennarar notuðu þá hafi þurft að vera viðurkennd af skólayfirvöldum. Þetta hafi breyst í byrjun 10. áratugarins og nú sé valdið að öllu leyti í höndum kennaranna sjálfra.

Almennt er ég þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að ríkisvaldið gefi út einhverjar leiðbeiningar um val á bókmenntatextum til kennslu í skólunum. Hins vegar skiptir verulegu máli hvernig þessar leiðbeiningar eru úr garði gerðar. Ég tel til dæmis ekki að það sé hlutverk menntamálayfirvalda að stýra vali kennara á einstökum textum til kennslu. En er ekki allt í lagi þótt tekið sé fram í aðalnámskrá að leggja skuli áherslu á tiltekna bókmenntagreinir, t.d. Íslendingasögur? Er það of mikil miðstýring? Ég held ekki. Það er mikill munur á þessu og að hefta frelsi kennara til að velja sjálfir texta til kennslu.

■ Höfundur kennir íslensku í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Lesendum **Skímu** gefst kostur á að reyna sig í spurningaleik. Vinsamlegast sendið svar á netfangið svansver@hi.is fyrir 1. október 2009 og þið gætuð unnið glæsileg bókaverðlaun. Merkið tölvupóstinn **Spurningaleikur Skímu**. Tveir heppnir lesendur verða dregnir út. Vinsamlegast greinið frá fullu nafni og heimilisfangi.

Verðlaunaspurningar:

1. Hver orti: „Par sem aldrei á grjóti gráu / gullin mót sólu hlæja blóm?“
2. Ljóðasafn hvaða skálds, sem kom út árið 2008, nefnist *Pórðarbókin*?
3. Hvaða persónu vantar í eftirfarandi ástarþríhyrning í *Njálu*? Hrótur Herjólfsson – Gunnhildur Özurardóttir.

Verðlaunahafar síðustu Heilabrotu voru Rósa Harðardóttir, deildarstjóri og umsjónarmaður skólasafns Korpuskóla, og Guðný Ísleifsdóttir, bókasafnsfræðingur í Ingunnarskóla. Þær hljóta í verðlaun bókina *Hallgrímur* eftir Úlfar Pormóðsson. Bókauktgáfan Bjartur gaf bókina.



Hver er klárastur á kennarastofnunni?

1. Eftir hvern er smásagnasafnið *Tólf konur*?
2. Hvenær fæddist Jón Árnason, þjóðsagnasafnari?
3. Hvað merkir gríska orðið *kaþarsis*?
4. Hvaða íslenski rithöfundur notaði dulnefnið *Bugði Beygluson*?
5. Hvenær er *allraheilagramessa*?
6. Um hvaða skáld fjallar Matthías Viðar Sæmundsson í greininni *Götustelpan*?
7. Hvað var hugtakið *Ferja*, farkostur til flutninga yfir vatnsföll, nefnt að fornu?
8. Hvaða íslenska nafn ber fuglsheitið *Gavia immer* á latínu?
9. Um hvaða íslenska skáld skrifar Óskar Árni Óskarsson í nýjstu bók sinni *Skuggamyndir úr ferðalagi*?
10. Hver orti: „esjan er strönduð í hvalfirði / með sundmót keflavíkur / og sendir neyðarskeyti á þingvöll // ami go home sweet home“

Svör:

1. Svövu Jakobsdóttir
2. 1819
3. Útrás eða geðþreinsun
4. Steinar Sigurjónsson
5. 1. nóvember
6. Astu Sigurðardóttur
7. Sæluskipt
8. Himbrími
9. Örn Arnason [Magnús Stefánsson]
10. Jónas Svafar



Eitt stórt klapp

ÞAR SEM ÁNÆGJAN BYR Í NÁMSMATINU

Í íslenskukennslu við Fjölbautaskóla Suðurlands eru í boði valáfangar í málvísindum og bókmenntum og má segja að þar séu viðfangsefni og aðferðirnar hvort tveggja í senn hefðbundin og breytileg.

Í bókmenntakennslunni er *barnabókmenntaáfanginn* [ÍSL 343] vinsæll og á sér langa og trausta sögu. *Yndislesturinn* [ÍSL 663] er óhefðbundinn áfangi þar sem aðalhlutverk kennarans felst í því að mynda tengsl milli vandaðra bókmennta og forvitinna lesenda. Viðfangsefnið í áfanganum *Skáldsögur og bókmenntafræði* [ÍSL 613] er breytilegt

í hvert skipti sem hann er kenndur og nær til íslenskra sem erlendra skáldsagna. Í *skapandi skrifum* [ÍSL 653] fást nemendur helst við að semja stutta og ljóðræna texta. Mikil áhersla er lögð á endurritun og þá aluð sem nemendur leggja í verk sín. Sýnilegur árangur af skapandi skrifum í FSu birtist meðal annars í því að nemendur skólans hafa náð óvenju góðum árangri í örleikritasamkeppni framhaldsskólanna sem Þjóðleikhúsið og Listaháskóli Íslands standa fyrir á hverju ári.

Á nýliðinni önn tók ég að mér kennslu í valáfanganum *Leikritun og bókmenntafræði* [ÍSL 643]. Reyndar hafði ég kennt áfangann nokkrum sinnum áður og tengt efni hans við almenna bókmenntafræði og bókmenntasögu og sögu leiklistar í heiminum. Ég hef lagt áherslu á kenningar Aristótelesar um harmleikinn, skilgreiningar og vangaveitur Martins Esslin um drama, umfjöllun Sveins Einarssonar í bók hans *Leiklistin í veröldinni*, látið nemendur lesa Skraparots-predikun og Sperðil eftir Snorra Björnsson, Antígónu eftir Sófókles, sjá leiksýningar bæði í atvinnuleikhúsi og áhuga-leikhúsi, hitta leikskáld, hnusa af epísku leikhúsi Bertolds Brechts, samlesa hefðbundin og óhefðbundin íslensk leikrit

Velkomin á Kaparsis

Örleikritahátíð Fjölbautaskóla Suðurlands
21. og 22. apríl 2009

Dagskrá samín og skipulögð
af nemendum og kennara
í ÍSL 643 á vorönn 2009

Leikendur í verkunum eru nemendur í FSu
sem flestir tóku þátt í uppsetningu leikfélags NFSu
á Rómeó og Júlíu í mars og apríl 2009

og síðast en ekki síst að prófa sjálf að skrifa samtöl og setja upp aðstæður þar sem tvær til þrjár persónur koma við sögu og eiga í samskiptum.

Það var einkum síðastnefnda atriðið sem ég lagði megináherslu á í kennslu áfangans á liðinni vorönn. Auðvitað gerðum við ýmislegt af öðru því sem nefnt er hér að framan en um miðja önn fóru nemendur eingöngu að skrifa örleikrit sem byggði á

þeirri hugmynd að skapa tvær persónur þar sem önnur vildi fara en hin vildi vera. Ég lét nemendur ganga í smíðju Aristótelesar um rými, tíma og atburðarás enda er þar allt afmarkað og knappt. Allir nemendur þurftu að skila inn í samlestur texta sem hafði farið í gegnum ein frumskrif og tvö umskrif. Að því búnu var ákveðið að setja leikritin á svið og var sá háttur hafður á að hver nemandi leikstýrði einu verki ásamt því að leika á sem flestum stöðum í rúmgóðri og glæsilegri skólabyggingunni. Við auglýstum eftir áhugasömum leikurum innan skólans og hófumst síðan handa í skipulagningu og framkvæmd.

Í stuttu máli sagt náði þessi hugmynd að verða að veruleika. Við sýndum fjórtán örleikrit á tveimur kvöldum, sjö í hvort skiptið, bjuggum til leikskrá og nefndum herlegheitin *Kaparsis*, örleikritahátíð Fjölbautaskóla Suðurlands. Ég hef sjaldan séð áhugavötina [mótivasjónina] spretta jafn sýnilega fram hjá nemendum mínum. Það sama má reyndar segja um ánægjuna sem gerði vart við sig í námsmati kennarans. Það umbreyttist í eitt stórt klapp – og ekki orð um það meir.

■ Höfundur er íslensku- og lífsleiknikennari við FSu.

Indriði Gíslason

Fæddur 27. júlí 1926

Dáinn 15. mars 2009

Indriði Gíslason fæddist í Skógargærði í Fellum 27. júlí 1926. Hann lést í Reykjavík 15. mars sl. og var jarðsungið frá Háteigskirkju í Reykjavík 23. mars að viðstöddu fjölmenni. Foreldrar hans voru Gísli Helgason, bóndi og fræðimaður í Skógargærði, og Dagný Pálsdóttir húsfreyja. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1948 og kandidatsprófi í norrænum fræðum frá Háskóla Íslands árið 1956. Árið 1955 gekk hann að eiga Ingibjörgu Ýri Pálmadóttur og eignuðust þau sjö börn en áður átti Indriði eina dóttur.



Íslenskukennarar standa í þakkarskuld við Indriða og minnst nú góðs kennara og leiðtoga. Hann var einn af stofnendum Samtaka móðurmálskennara og sat um árabíl í ritstjórn Skímu. Allan sinn starfsaldur helgaði hann uppfræðslu í móðurmálinu, með kennslu og skrifum. Lengst af starfaði hann við Kennaraskólann og síðar Kennaraháskólann sem lektor, dósent og loks prófessor en um skeið var hann námsstjóri í menntamálaráðuneytinu og vann þar að nýrri skipan íslenskukennslu í grunnskólum landsins. Hann samdi kennslubækur sem ruddu braut nýjum hugmyndum um móðurmál og kennslu. Og hann gerði það ekki endasleppt við gamla nemendur því að hann lagði kapp á að hitta þá, uppfræða og hvetja á málþingum og endurmenntunarnámskeiðum víða um land.

Af nánnum samstarfsmönnum Indriða á þessum góðu árum skal hér minnst Ásgeirs S. Björnssonar, lektors í íslensku. Samvinna þeirra vinanna var rómuð, enda óvenjufarsæl og árangursrík. Ásgeir lést langt um aldur fram árið 1989.

Indriði rannsakaði máltöku barna ásamt þeim Sigurði Konráðssyni og Benedikt Jóhannessyni. Niðurstöður rannsóknar þeirra birtust í bókarformi árið 1986. Hljóðfræði og framburður voru Indriða einnig hjartans mál og urðu að efni í mikla bók í samvinnu við Höskuld Þráinsson. Framlag Indriða á þessum sviðum öllum breytti um margt hugarfari kennara og afstöðu til námsgreinarinnar íslensku.

Indriði Gíslason hafði mikil áhrif á okkur yngri samstarfsmenn sína við Kennaraháskólann. Hann var kannski ekki beint árennilegur við fyrstu kynni. Svipurinn gat verið þungur og kíminn stundum nöpur og húmorinn beittur. En ekki var hægt að hugsa sér betri og hjálpfúsari samstarfsmann. Hann gerði kröfur til annarra en þó umfram allt til sjálfis sín og lagði t.d. ómælda alúð við yfirlestur verkefna nemenda sinna. Við þá yfirferð þótti honum stundum næsta vonlítið að unnt væri að gera stúdenta sæmilega skrifandi. Þá var reykmettað loftið úr pípu meistarans, heyrna mátti mæðuandvörp og allt var „í grænum sjó“.

Við yngri mennimur dáðumst að elju Indriða og seiglu á löngum og tíðum fundum um skipulag kennaramenntunar og málefni Kennaraháskólans. Það þurfti baráttumann eins og hann til að standa vörð um hlut íslenskunnar. Sótt var að greininni úr öllum áttum og það gat gerst að okkar maður setti hnefann í borðið ef honum sýndist menn ætla að rýra hlut íslensku í menntun kennara á Fróni. Þá vissu menn að gengið hafði verið of langt. Síðasta áratuginn á starfsferli Indriða við Kennaraháskólann jókst hlutur íslensku í kennaramenntun þegar viðurkenning fékkst á því að hverjum kennara væri nauðsynlegt að læra meira um framburð og framsögn íslensks máls. Þannig vakti hann yfir velferð íslensku í kennaramenntun og var síleitandi að nýjum leiðum til að gera á hverju ári betur en næsta ár á undan. Fjölmörg álit og tillögur í skjölum skólans og íslenskumanna bera vott um þessa óbilandi elju og brennandi áhuga.

Í tilefni af sjötugsafmæli Indriða og starfslokum gáfu samstarfsmenn hans út veglegt rit honum til heiðurs, Greinar á sama meiði. Og fyrir réttu ári var hann gerður að heiðursdoktor við Kennaraháskólann, þann góða skóla sem nú heyrir sögunni til.

Við kveðjum einn af okkar merkustu íslenskukennurum. Hann ólst upp á menningarheimili austanlands við „bókadrauminn og bögglauminn“ og gerði það að ævistarfi sínu að miðla yngra fólki af viskubrunni sínum. Hann var eldhugi og öðlingur og verður þeim ógleymanlegur sem fengu að njóta samvista við hann.

Baldur Hafstað.

Frá Námsgagnastofnun

Handbók kennara

Handbók kennara er einkum ætluð kennurum í 1. og 2. bekk grunnskóla en nýttist einnig kennaranemum, foreldrum og öðrum þeim sem láta sig máluþpeldi barna varða. Markmiðum er skipað í fjóra flokka, talað mál og hlustun; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Heildstæð nálgun í íslenskukennslu er rauði þráðurinn hjá öllum höfundum bókarinnar. Fjallað er um aðferðir og bent á viðfangsefni sem m.a. má sækja á vefsíðuna Íslenska á yngsta stigi – vefefni. Höfundar eru Arnheiður Borg, Halldóra Haraldsdóttir, Guðrún Björg Ragnarsdóttir, Kristín Gísladóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Rannveig Löve, Rósa Eggertsdóttir, Sif Stefánsdóttir, Sigríður Heiða Bragadóttir, Sigrún Löve og Þóra Kristinsdóttir.



Íslenska á yngsta stigi – veforg

Nýtt veforg ætlað til að auðvelda kennurum og öðrum uppalendum að fá yfirlit yfir stafrænt námsefni í íslensku í 1. til 4. bekk grunnskóla. Hér má bæði finna kennsluhugmyndir og nemendaefni, t.d. viðbótarefni sem fylgir útgefnu efni og prenta má út eftir þörfum. Verkefni sem bent er á í nýrri handbók kennara eru á þessum vef.



Lesum og skoðum orð

Gagnvirkur vefur sem miðast við að mæta áherslum í heildstæðri móðurmálskennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans. Möguleikar á fjölbreyttri og skapandi



vinnu. Nýttist bæði í samkenndu, með skjávörpa eða rafrænni töflu, og við sjálfstæða vinnu nemenda. Hægt er að velja á milli ellefu bóka í Smábókaflokki Námsgagnastofnunar og sex mismunandi leiða til að fást við texta bókana á ýmsa vegu. Kennsluáþendingar um notkun vefjarins fylgja á vefnum.

Bókakista

Fjölbreytt viðfangsefni í íslensku ætluð til notkunar í 1.–4. bekk. Þau skiptast í sextán vinnuspjöld en hverju spjaldi fylgja tvö vinnublöð á tveimur þyngdarstigum. Vinnuspjöldunum er komið fyrir í plastvasa, vinnublöðin eru á vef til að prenta út. Efninu er ætlað að efla lestraráhuga og sjálfstæðan lestur nemenda en það má nota með þeim bókum sem kennarinn ákveður að hafa í bókakistunni hverju sinni.



Málþjörg og Mályrkjuvefur

Opnuð hefur verið ný útgáfa af vefnum Málþjörgu. Eldri vefnum var skipt upp í tvo vefi, annars vegar Mályrkjuvefinn sem samanstendur af kennsluleiðbeiningum og öðru efni sem fylgir Mályrkjubókunum. Höfundar efnis eru Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Ásta Sölvadóttir. Hins vegar er vefurinn Málþjörg með nýtt útlit hannað af Ingimar Waage. Vefurinn inniheldur umfangsmikið safn kennsluhugmynda, leiðbeininga og verkefna sem henta við íslenskukennslu á unglíngastigi. Höfundur er Svanhildur Kr. Sverrisdóttir.



Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Væntanlegar eru Íslenskar þjóðsögur og ævintýri fyrir miðstig. Í bókinni verða rúmlega 40 sögur sem falla undir hina helstu flokka slíkra sagna: Álfasögur, draugasögur, tröllasögur, galdrasögur, helgisögur, útilegumannasögur, kimni-

og ýkjusögur, sögur úr sjó og vötnum o.s.frv. Myndir gerði Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir. Í bókinni verður að finna samantekt um þjóðsögur og ævintýri, ásamt orðskýringum og ýmiss konar verkefnum.



Frá Forlaginu

Bækur um íslenskt mál

Handbækurnar um íslenskt mál eftir Sölvu Sveinsson hafa nú verið endurútgefnar. Í bókinni Íslensk orðtök er fjallað um merkingu orðtakanna og uppruna og jafnframt má finna lýsingar á horfnum vinnubrögðum og þjóðháttum. Í bókinni Íslenskir málshættir er fjöldi málshátta skýrður, sagt frá því hvaðan þeir eru komnir og úr hvernig aðstæðum þeir hafa sprottið og bent á hvernig þeir eru notaðir í nútímamáli. Í Sögu orðanna er sjónarhornið vítt, raktar ættir og saga fjölmargra íslenskra orða, merking þeirra skýrd og gerð grein fyrir skyldum orðum í erlendum málum, fornum og nýjum.



Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari inniheldur yfir 120 kvæði sem gaman er að syngja með börnum og fyrir þau. Ragnheiður Gestsdóttir valdi jafnt þjóðvísur, kvæði þjóðskálda og nýrri texta í bókina og myndskreytti hvern og einn þeirra. Bókinni fylgir geisladiskur með söng Skólakórs Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.



Léttlestrarbækur

LLeynilögreglusögur Hálfur seðill og Draugaröddin eftir sænska verðlaunahöfundinn Ulf Nilsson fjalla um Jonna og



félaga. Þær eru ætlaðar tíu ára og eldri en bækurnar eru auðveldar aflestrar með einföldum setningum. Frásögnin er stutt en um leið skemmtileg, grípandi og hnyttin og metnaður er lagður í að hafa útlit bókana við hæfi þessa aldurshóps.

Frá Iðnú

Íslenska vísar veginn – íslenska sem annað tungumál

Námsefnið er sniðið að þörfum byrjenda og lögð er áhersla á að byggja upp orðaforða sem varðar daglegt líf í íslensku samfélagi. Til að auðvelda nemendum námið er efnið sett fram á myndrænan hátt og haft að leiðarljósi að vinna frá hinu einfalda til hins flókna. Bókin er jafnframt verkefnabók. Hún er ætluð nemendum sem eru að hefja íslenskunám í framhaldsskóla en getur hugsanlega hentað nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og fleirum sem stunda íslenskunám. Höfundur er Þórunn Halla Guðlaugsdóttir.



Allt annað mál – íslenska fyrir útlendinga

Kennslubók í íslensku fyrir útlendinga sem komnar eru á 4. eða 5. önn í framhaldsskóla. Einkum er ætlunin að bæta orðaforða nemendanna og veita þeim ofurlitla innsýn í líf dæmigerðra Íslendinga. Fimmtán kaflar eru í bókinni og er nýtt þema kynnt til sögunnar í hverjum þeirra þar sem nemendur kynnast lífnaðarháttum og venjum íslenskrar fjölskyldu. Margvísleg verkefni fylgja hverjum kafla. Höfundur er Guðlaug Kjartansdóttir



Tíminn er eins og vatnið – íslensk bókmenntasaga 20. aldar

Bókinni er ætlað að gefa framhaldsskólanemendum og öðrum lesendum innsýn í íslenska bókmenntasögu 20. aldar. Efninu er skipt í fimm tímabil: Angurvæð nýrrar aldar, Kreppa og stríð, Byltingarárin, Raunsæi '68- kynslóðarinnar og Hræringur. Hver kafli hefst á umfjöllun um samfélagið sem endurspeglar þau átök og ástand sem þar ríkir hverju sinni. Þá er fjallað um bókmenntir og listir og varpað ljósi á áhrifamestu bókmenntastefnur hvers tímabils og skáld sem þar koma helst við sögu. Bókinni fylgja verkefni á heimasíðu IÐNÚ. Höfundar eru Brynja Baldursdóttir og Hallfríður Ingimundardóttir



Frá Bjarti

Bókmenntir í nýju landi

Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta. Í þessari aðgengilegu kennslubók er í máli og myndum fjallað um íslenskar bókmenntir frá landnámi til siðaskipta á nýstárlegan hátt og leitast við að opna þennan heilandi heim fyrir framhaldsskólanemum 21. aldar. Áhersla er lögð á að tengja miðalda-bókmenntirnar nútímanum auk þess sem höfundurinn tekur ýmislegt til umfjöllunar sem ekki hefur áður ratað inn í kennslubækur, svo sem erfð gamalmenni í Íslendingasögnum og fötlun guðanna. Bókin er hugsuð sem kennslubók í áfanganum ÍSL 303. Höfundur er Ármann Jakobsson.



Fimm vinir í leik og lestri

Fimm vinir í leik og lestri er kennsluefni í lestri fyrir 1. bekk grunnskóla og samanstendur af lestrarbók, vinnubók og kennsluleiðbeiningum. Höfundur er Rannveig Lund og Þórey Mjallhvít

myndskreytir. Grunnþækni við lestrarnámið og lesskilningur eru í brennidepli. Tæknilegu atriðin eiga rætur í lestrarrannsóknnum og sérkennum íslenska hljóða- og ritháttarkerfisins. Nútíminn og fjölbreytileiki mótár efnis í gegnum systkinin Ara og Önnu, vini þeirra Óla og Óttar og Elam. Innsýn er einnig gefin inn í leiki, lífnaðarhætti og sagnahefð gamla tímans. Höfundur er Rannveig Lund.



Rökkurbýsnir

Rökkurbýsnir byggist á lífi og hugarheimi Jónasar lærða Pálmasonar, sjálfmenntaðs Íslendinga sem kalla má holdgerving sautjándu aldarinnar. Hér segir m.a. frá nóturlegum eftirmálum siðaskiptanna, hetjulegri niðurkvaðningu afturgöngu á Snjáfjallaströnd, leynilegri Mariudýrkun, vígum baskneskra hvalveiðimanna á Vestfjörðum og hrakningum á tímum þegar náungakærleiknum hafði verið varpað fyrir róða. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Höfundur er Sjón.



Skuggamyndir – úr ferðalagi

Ljóðskáld leggur land undir fót, ferðinni er heitið á vettvang liðinna atburða, til móts við horfinn tíma og gengnar kynslóðir. Smámyndir úr veruleikanum og fortíðinni raðast saman í áhrifamikla ferðasögu í tíma og rúmi, ljóðræna minningabók og ættarsögu í brotum. Aðfengnir textar og ríkulegt úrval ljósmynda í frjóu samspili við lesmálið vikka og dýpka frásögnina í þessu frumlega og fallega verki. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Höfundur er Óskar Árni Óskarsson.



Sýning á námsefni og fræðslufundir

Sýning á námsefni Námsgagnastofnunar,
þriðjudaginn 18. ágúst 2009 í Árbæjarskóla,
Rofabæ 34 í Reykjavík kl. 8:30–15:00

Allt útgefið efni Námsgagnastofnunar verður þar til sýnis. Samhliða sýningunni verða í boði fræðslufundir um nýtt námsefni stofnunarinnar. Einnig verður kynntur vefurinn www.nams.is

Skráning á fræðslufundi Námsgagnastofnunar og upplýsingar um þá er að finna á vefsíðunni www.nams.is

Aðrir útgefendur með efni á sýningunni eru:

- ✓ A4 Skólavörubúðin
- ✓ Bjartur
- ✓ Forlagið
- ✓ Hólar
- ✓ Numicon – stærðfræðiefni
- ✓ Skólavefurinn
- ✓ Vísindabúðin

Sýningin er öllum opin

